

**SKOÐUN** Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir skrifar um sérstaka læknabíla fyrir vitjanir til fyrirfólks í heimahúsum. 15



**MENNING** Leikkonan Erla Brynjarsdóttir fær góða dóma í Telegraph fyrir leik í Litlu hafmeyjunni. 30



**SPORT** Aron Kristjánsson segir að menn verði að njóta þess að spila gegn Dönum fyrir fullu húsi. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
22. janúar 2014
18. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Vodafone braut lög með geymslu gagna í fimm ár

Lögregla fékk gögn um fimm ára gömul símtöl hjá Vodafone þótt aðeins megi geyma gögnin í sex mánuði. Upplýst með birtingu gagna um kynferðisbrotamál. Virðist hafa komið lögreglu á óvart að hafa fengið gögnin.

**FJARSKIPTI** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gat fengið upplýsingar um fimm ára gömul símtöl hjá Vodafone við rannsókn á kynferðisbrotamáli gegn lögreglumanni hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að aðeins sé heimilt að geyma gögnin í sex mánuði.

Lögreglan óskaði eftir því með tölvupósti í febrúar 2012 að fá aðgang að upplýsingum um símtöl milli tveggja númera hjá Vodafone. Svar barst frá Vodafone 45 mínútum síðar með upplýsingum um þrjú símtöl frá árinu 2007. Þá voru fjögur og hálft ár frá því að Vodafone hefði átt að hafa eytt gögnunum, samkvæmt 42. grein fjarskiptalaga.

Afrit af þessum tölvupóstsamskiptum má finna í málsgögnum sem birt hafa verið á vefnum með leyfi aðstandenda þolanda málsins.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu áframsendi gögnin til lögreglunnar á Akranesi, sem fór með rannsókn málsins. Með gögnunum fylgdu eftirfarandi skilaboð: „Sælir. Svo ótrúlegt sem það er þá fengum við þessi svör frá Vodafone.“

Í kjölfar Vodafone-lekans svokallaða í fyrra skýrðu forsvarsmenn Vodafone geymslu gagna umfram mánuðina sex með því, að viðskiptavinum á vefsíðu fyrirtækisins stæði til boða að geyma send smáskilaboð. Til að gera það ekki þyrftu þeir merkja við það sérstaklega. Þá greindi Vodafone frá því að við ítarlega skoðun hafi einnig fundist eldri gögn í bakendakerfum, en þeim hafi verið eytt í kjölfar lekans.

- hva, bj

## ➜ Verklagi Vodafone breytt vorið 2012

Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone, segir að í þessu tilviki hafi Vodafone verið að afhenda gögn samkvæmt dómsúrskurði. Verklagi við geymslu og eyðingu gagna hafi verið breytt vorið 2012 að höfðu samráði við Póst- og fjarskiptastofnun. „Fyrir þann tíma voru til gögn sem voru eldri en sex mánaða. Engin slík gögn eru til í dag,“ segir Hrannar.

Fram kemur í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um varðveislu upplýsinga um fjarskiptaumferð hjá Símanum frá október 2011, að skýrt sé að gögn af þessu tagi eigi ekki að geyma lengur en í sex mánuði.

**MARKAÐURINN**



### Hærri lán minnka endurheimtur hjá LÍN

Ríkið mun þurfa að leggja LÍN til sífellt meiri fjármuni miðað við óbreytta þróun segir í nýrri skýrslu um fjárhagslegar áhættur í rekstri sjóðsins.

**FRÉTTIR**

### Vill útrýma nauðung

Nauðung og ofbeldi eiga ekki rétt á sér í meðferð geðsjúkra segir Sveinn Rúnar Hauksson læknir. Hann hefur sjálfur upplifað að vera nauðungarvistaður. 2

**Ríkið sinni utangarðs** Reykjavíkurborg vill að ríkið og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu komi að málefnum utangarðsfólks, sem eru á könnu borgarinnar í dag. 10




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | | A | 4 |
| Akureyri | 3° | | SA | 4 |
| Egilsstaðir | 5° | | SA | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | | A | 7 |
| Reykjavík | 4° | | SV | 4 |

**ÚRKOMA SYÐRA** Í dag verða austan 3-8 m/s, en suðvestlægari síðdegis. Úrkoma einkum SV-til en úrkomulaust að mestu fyrir norðan. Hiti 0-7 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Markaðurinn | Fólk






**ÍSINN BROTINN** Þessir ungu drengir í Laugardalnum drápu tímann í gær við að brjóta ís sem myndaðist eftir frost í fyrrinótt og virtust þeir skemmta sér konunglega. Parna voru drengirnir að nýta tækifærið þar sem svellin, sem hafa verið í Reykjavík undanfarið, eru að hverfa með hlýindum og rigningu síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrsta uppskriftin frá 1963:

## Selur skyr í um 4.000 verslunum



SIGURÐUR KJARTAN HILMARSSON

**VIÐSKIPTI** Fyrirtæki Sigurðar Kjartans Hilmarssonar, The Icelandic Milk and Skyr Corporation, framleiðir mjólkurvörur í uppsveitum New York sem eru fáanlegar í um 4.000 verslunum í Bandaríkjunum.

Vörur fyrirtækisins seldust fyrir um tvo milljarða íslenskra króna á síðasta ári. Vinsælasta vörutegundin, Siggi's skyr, er byggð á íslenskri uppskrift.

„Þetta byrjaði sem áhugamál árið 2004 þegar ég fór að búa til skyr í íbúðinni minni í Tribeca-hverfinu á Manhattan. Ég fékk mömmu til að faxa til mín uppskrift að skyri sem hún fann í eintaki af blaði sem hét 19. júní og er frá árinu 1963,“ segir Sigurður.

- hg / sjá Markaðinn






Einkunnir verða gefnar fyrir persónulega og siðferðilega þætti samkvæmt nýrri námskrá:

# Siðferðismat ekki á færi kennara

**SKÓLAMÁL** Samkvæmt nýrri aðalnámsskrá grunnskóla, sem kemur til framkvæmda á næsta ári, á við útskrift úr 10. bekk að gefa nemendum einkunnir meðal annars fyrir persónulega þætti og siðferðileg viðhorf.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sagði í síðustu viku að ekki kæmi til greina að gefa umsögn um sambærilega þætti á prófskírteini um framhaldsskólapróf. „Að mínu mati er það hvorki á færi skólastjórnenda né kennara að leggja dóm á persónuleika nemenda,“ segir Hilmar Hilmarsson, skólastjóri Réttarholtsskóla.

Meðal þess sem á að gefa einkunn á bilinu A til D er hvort nemandi geti „nýtt hæfni sína til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi“, hvort fólk hafi „skýra sjálfsmynd“ og hvort nemandinn geti „verið meðvitaður um siðferðislegt gildi ábyrgrar netnotkunar og tekið ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum“.

Jón Pétur Zimsen, aðstoðarskólastjóri Réttarholtsskóla, og Hilmar skólastjóri segja að það geti orðið þrautin þyngri fyrir kennara að gefa sameiginlegt mat um þessa þætti. Hver kennari hafi sitt siðferðismat sem geti verið allt annað en kennarans við hliðina á honum.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sagði í Fréttablaðinu á laugardag að á meðan hann væri menntamálaráðherra yrði „aldrei tekið upp þannig kerfi að skólastjórnendum verði lagt það á herðar að leggja siðferðilegt mat á nemendur“. Ekki náðist í ráðherra við vinnslu þessarar fréttar.

- jme / sjá síðu 4



**„Að mínu mati er það hvorki á færi skólastjórnenda né kennara að leggja dóm á persónuleika nemenda.**

*Hilmar Hilmarsson, skólastjóri Réttarholtsskóla.*




## SPURNING DAGSINS



Kolbeinn, fer þá enginn með Steindóri lengur?

**„Fara ekki Steindórar bara allir í Strætó?“**

Kolbeinn Óttarsson Proppé er upplýsingafulltrúi Strætó bs. Þar sem farþegum hefur fjölgað um þriðjung frá árinu 2009. Gamalt slagorð hvatti alla til að fara í strætó en ekki með Steindóri.

Sóley Tómasdóttir fær ekki svör meirihlutans í borgarstjórn um skuldir vegna skólamáltíða barna:

# Segir meirihlutann þagga málið niður

**REYKJAVÍK** Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, hefur beðið í marga mánuði eftir að fá svör meirihlutans í borgarstjórn við fyrirspurn um viðbrögð við vangoldnum skuldum vegna skólamáltíða. Hún sakar meirihlutann um að þagga málið niður.

Fram kom síðasta haust að börnum væri vikið úr leikskólum og frístundaheimilum vegna vangoldinna gjalda. Þá lagði Sóley til að innheimtureglur yrðu þannig að börnin fengju áfram þjónustuna.

Meirihlutinn hefur sagt að ekki sé hægt að breyta reglunum. Að jafnt gildi fyrir alla borgarbúa, þeir sem fái þjónustu og borgi ekki fyrir hana hætti að fá þjónustu.

„Meirihlutinn hefur notað þessi rök gegn því að breyta innheimtureglum en virðir síðan ekki eigin reglur þegar það kemur að skólamáltíðum. Því ég veit að engum börnum er synjað um mat. Sem er gott en þarna er mikið misræmi í þeirra eigin málflutningi. Þannig að mér er ekki svarað því upplýsingarnar koma sér illa fyrir þau,“ segir Sóley.

Vegna þessarar biðar hefur Sóley óskað eftir minnisblaði frá skrifstofustjóra borgarstjórnar um málsmeðferð og hvað almennt teljist eðlilegt að upplýsingaöflun kjörinna fulltrúa taki langan tíma. „Ítrekaður dráttur á svörum við fyrirspurnum minnihlutans vekur spurningar um rétt kjörinna fulltrúa til upplýsinga og stöðu meirihluta til að þagga niður óþægileg mál með þessum hætti.“ **- ebg**



**MÁLTÍÐ** Aðrar reglur virðist gilda um vangoldin gjöld vegna skólamáltíða en önnur gjöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**MÓTMÆLI** Suthep Thaugsuban, leiðtogi mótmælenda í Taílandi, veifar til stuðningsmanna í mótmælagöngu í Bangkok í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lýst yfir neyðarástandi í höfuðborg Tælands:

# Vilja ná tökum á mótmælum

**TÆLAND Stjórnvöld í Taílandi hafa lýst yfir neyðarástandi í höfuðborginni Bangkok og nærliggjandi héröðum næstu sextíu daga. Forsætisráðherra landsins segir þetta gert til að ná tökum á mótmælum sem staðið hafa yfir undanfarnar vikur.**

**Með því að lýsa yfir neyðarástandi fá stjórnvöld víðtækari valdheimildir, meðal annars til þess að ritskoða fjölmiðla og hneppa fólk í varðhald án ákæru.**

**Yingluck Shinawatra, forsætisráðherra Taílands, tilkynnti í gær að gengið verði til kosninga í landinu 2. febrúar næstkomandi eftir að hafa neitað að ganga að kröfu mótmælenda um að segja af sér. - eb**

D-listinn stærstur í borginni:

# Píratar með tvo borgarfulltrúa

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn mælist nú með 27,5 prósent fylgi í Reykjavík og er stærsti flokkurinn í borginni, samkvæmt nýjum þjóðarpúlsi Gallup. Frá þessu var sagt í kvöldfréttum RÚV í gær.

Björt framtíð mælist með rúm 25 prósent og tapar níu prósentustigum. Píratar, sem bjóða fram í fyrsta sinn í Reykjavík, mælast með 11,4 prósenta fylgi og fengju því tvo borgarfulltrúa. Samfylkingin mælist með 20 prósent fylgi, Vinstri græn mælast með 10,8 prósent og Framsóknarflokkurinn mælist með 4,8 prósent. **- skó**

Ráðherra um Pisa-könnun:

# Mikilvægt að ráðast í umbætur

**MENNTAMÁL** Menntamálaráðherra sagði á Alþingi í gær að taka bæri niðurstöður PISA-könnunarinnar alvarlega. Ráðherra flutti munnlega skýrslu um stöðu Íslands í könnuninni.

Árangur íslenskra nemenda reyndist lakari en áður. Meðal annars reyndist 21 prósent nemenda ekki geta lesið sér til gagns. Illugi sagði að ekki yrði horft fram hjá því að lesskilningur væri nauðsynleg forsenda þess að geta menntast til þátttöku í þjóðfélaginu. Mikilvægt væri að ráðast í umbætur, en það muni taka langan tíma. **- eb**

# Útrýma á nauðung í geðheilbrigðiskerfinu

Geðhjálp heldur ráðstefnu um nauðung í heilbrigðisþjónustu í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins um nauðungarvistanir. Félagið telur að brotið sé á geðsjúkum. Sveinn Rúnar Hauksson segir frá reynslu sinni af því að vera nauðungarvistaður.

**HEILBRIGÐISMÁL** Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og varaformaður Geðhjálpar, telur að nauðung og ofbeldi eigi ekki rétt á sér í meðferð geðsjúkra. Hann var sjálfur nauðungarvistaður fjórum sinnum á níunda áratugnum. Hann vonar að ráðstefna Geðhjálpar geti orðið fyrsta skrefið í átt að því að útrýma ofbeldi í garð geðsjúkra og niðurlægjandi meðferð þeirra.

„Nú er orðið langt um liðið síðan ég upplifði þetta síðast eða nærri 30 ár. Það var í janúar 1985,“ rifjar Sveinn Rúnar upp. „Við komuna á deildina var ekkert talað við mig heldur strax kallaðir til sex til sjö gæslumenn af öllum deildum. Þeir tóku mig strax með valdi, felldu mig í gólfið og sprautað var í mig lyfi. Skammtarnir af Haldoli voru fjórfaldir á við það sem nú þykir ráðlegt,“ segir hann.

Sveinn Rúnar segir að þótt margt hafi breyst til batnaðar viðgangist þetta ofbeldi enn, þvinguð lyfjagjöf, þegar sjúklingar neita þeirri lyfjagjöf sem læknar ákveða. Með sérhæfðri þjálfun þyki nú nóg að láta þrjá til fjóra starfsmenn halda sjúklingi.

Á þessum árum gerðu lög ráð fyrir að geðsjúkir þyrftu að vera hættulegir sjálfum sér eða öðrum svo réttlæta mætti nauðungarvistun. „Ég hef aldrei slegið til nokkurs manns eða gert tilraunir til þess að skaða sjálfan mig. Þannig að lögin áttu aldrei við um mig,“ útskýrir Sveinn Rúnar. Lögunum var síðar breytt og nú nægir að einstaklingur sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða sé í ástandi sem jafnast á við alvarlegan geðsjúkdóm.

Sveinn Rúnar segist sannfærður um að vilji sé til breytinga, en ólík sjónarmið séu um hvort hægt sé að koma algerlega í veg fyrir nauðung í geðlækningum. „Ég tel að með breyttri löggjöf, viðhorfum og þjálfun sé hægt að útiloka nauðung og ofbeldi í geðheilbrigðiskerfinu,“ segir Sveinn Rúnar, sem vonar að ráðstefna Geðhjálpar geti orðið til þess að efla mannréttindi og mannvirðingu, sem sé grundvöllur góðrar meðferðar.

eva@frettabladid.is




**NAUÐUNG** Sveinn Rúnar Hauksson segir nauðung ekki eiga rétt á sér í meðferð geðsjúkra. Fjallað var ítarlega um nauðungarvistanir í greinaflokki Fréttablaðsins í desember á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Engin vísindi sem styðja nauðung



**HRANNAR JÓNSSON**

Geðhjálp heldur ráðstefnu um sjálfræðissviptingar, nauðung og valdbeitingu í heilbrigðisþjónustu á Grand Hóteli á fimmtudag. „Við höldum ráðstefnuna svo fólki verði ljóst hvernig þessum málum er háttað. Þetta er ekki einhliða mál kerfisins, og það eru engin vísindi sem styðja þessar aðferðir. Hins vegar er til fjöldi rannsókna sem sýna hversu slæm áhrif nauðung hefur,“ segir Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar, sem kallar eftir breyttum vinnubrögðum og segir að nýta megi betur reynslu þeirra sem gengið hafa í gegnum nauðungarvistun.






Verjendur í Stokkseyrarmálinu vilja frávísun eða sýknu vegna galla á ákæru:

# Krafist sex ára fangelsisvistar

**DÓMSMÁL** Saksóknari fór fram á sex ára fangelsisvist yfir Stefáni Loga Sívarssyni, sem hann sagði forgöngumanninn í Stokkseyrarmálinu, þegar aðalmeðferð málsins var haldið áfram í gær.

Þá krafðist saksóknari fimm og hálfs árs fangelsi yfir Stefáni Blackburn og þriggja til fjögurra ára fangelsis yfir Davíð Frey Magnússyni, Hinriki Geir Helgasyni og Gísla Þór Gunnarssyni. Allir ákærðu neita sök. Verjandi Stefáns Blackburn sagði hæfilega refsingu í málinu vera tíu til tólf mánaða fangelsi.

Verjendur hinna ákærðu töldu að mistök við gerð ákæru ætti að leiða til frávísunar eða sýknu. Í ákærunni væri ekki nákvæmlega tilgreint hvað hver og einn þeirra gerði. Því væri erfiðara en ella að koma að vörnum í málinu. Saksóknari sagði það ráðast af atvikum máls hvort um væri að ræða samverknað eða ekki. Taldi hann að ekki þyrfti að taka fram sérstaklega hvort ákært væri fyrir samverknað.

Þá sagði verjandi Stefáns Loga Sívarssonar einsýnt af framburði vitna, ákærðu og brotaþola sjálfs, að Stefán hafi ekki gerst sekur um frelsissviptingu. Samkvæmt framburði brotaþola hafi hann meðal annars farið til vinar síns og sofnað á meðan á hinni meintu frelsissviptingu stóð. Þá sagði hann hinni meintu frelsissviptingu hafa lokið með því að brotaþoli hafi gengið út úr íbúðinni. **- js**



**ÞYNGSTA REFSINGIN** Saksóknari krefst sex ára fangelsisvistar Stefáns Loga Sívarssonar, sem ráðfærir sig hér við verjanda sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Reitir varðveita ásýnd og sögu borgarinnar

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum. Með vönduðu viðhaldi á eignum varðveitum við sögu borgarinnar, gefum henni fallega ásýnd og skopum um leið góðan vinnustað fyrir þig og þína.

Kringlan 4–12    103 Reykjavík    www.reitir.is    575 9000

REITIR

*Velkomin til starfa*

## SVONA ERUM VIÐ



**19** **karlar voru dæmdir fyrir rán hér á landi á árinu**

**2006 en aðeins einn tíu árum fyrr.**

Engin kona var dæmd fyrir rán árið 1996 en tvær hlutu dóm fyrir slíkt brot árið 2006.

Rússar lýsa eftir konum sem óttast er að muni gera árásir á Sotsjí:

# Þriggja sjálfsvígskvenna leitað

**RÚSSLAND, AP** Rússnesk stjórnvöld leita nú þriggja kvenna, sem grunaðar eru um að ætla sér að gera sjálfsvígsárásir.

Ein kvennanna er sögð vera komin til Sotsjí, þar sem Vetrarólympíuleikar verða haldnir í næsta mánuði. Hún er 22 ára og sögð heita Rúsanna Ibragimova. Lögreglan hefur dreift myndum af konunum og óskar eftir upplýsingum frá almenningi.

Rússnesk stjórnvöld hafa áður sakað ekkjur látinna uppreisnarmanna um að hafa gert sjálfsvígsárásir í landinu. Í fjölmiðlum eru þessar konur iðulega nefndar „svörtu ekkjurnar“ og sagðar grípa til þessara ráða í hefndarskyni fyrir eiginmenn sína.

Tvær sjálfsvígsárásir voru gerðar í borginni Volgograd í desember síðastliðnum, og kostuðu þær 34 manns lífið. Hópur herskárra íslamista í Dagestan-héraði lýsti um helgina ábyrgð sinni á þessum árásum og hótaði því jafnframt að gera árásir á Ólympíuleikana í Sotsjí. - gb



**SÖGÐ VERA Í SOTSJÍ** Ein af „svörtu ekkjunum“ þremur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþýðusamband Íslands:

# Fjölgar á svarta listanum

**VINNUMARKAÐUR** Fyrirtækin Rarik, ISS Ísland og Orkuveita Húsavíkur bættust á svarta listann hjá Alþýðusambandi Íslands í gær. Á listanum eru fyrirtæki sem hafa hækkað verð frá áramótum þrátt fyrir tilmæli um annað.

Fyrir á listanum voru Landsvirkjun, Síminn, Íslandspóstur, World Class, Landsbankinn, Pottagaldrar, Orkuveita Reykjavíkur, Lýsi, Nói Síríus og Freyja. - jme



**GRÍMSSTAÐIR Á FJÖLLUM** Þingmenn Vinstri grænna vilja að ríkið kaupi jörðina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Grímsstaðir verði þjóðareign:

# Vilja að ríkið kaupi jörðina

**ALÞINGI** Ögmundur Jónasson og Svandís Svavarsdóttir lögðu fram þingsályktunartillögu í gær um að ríkið kaupi Grímsstaði á Fjöllum. Þannig skuli tryggt að jörðin verði þjóðareign.

Um er að ræða óbreytta tillögu Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur sem var ekki tekin til umræðu á síðasta kjörtímabili.

Í greinargerð sem fylgir tillögunni segir að margt mæli með því að ríkið kaupi jörðina. Endurskoða þurfi allt regluverk sem snúi að eignarhaldi og umráðarétti yfir landi hérlendis. - skó

Dönsk löggæsluyfirvöld:

# Stofna sérstaka netglæpadeild

**DANMÖRK** Danska lögreglan mun innan tíðar setja á stofn sérstaka deild til að berjast gegn tölvuglæpum. Í frétt Jótlandspóstsins segir að það sé gert til að bregðast við nýjum veruleika þar sem hefðbundnum glæpum hefur fækkað en gagnaþjófnaði og fjárdrætti hefur vaxið ásmegin.

Innan deildarinnar munu starfa á bilinu 80 til 100 manns. Jens Henrik Højbjerg ríkislögreglustjóri segir að glæpamenn þurfi að vita að lögreglan sé að störfum á netinu. - þj

# Eiga að dæma persónuleika 16 ára nemenda við útskrift

Skólastjóri segist setja spurningamerki við að skólar meti siðgæði og siðferðileg viðhorf unglinga sem útskrifast úr tíunda bekk grunnskóla. Samkvæmt nýrri aðalnámskrá grunnskóla verður það hlutverk skólastjórnenda.

**SKÓLAMÁL** „Samkvæmt nýrri námsskrá grunnskóla er ætlast til að skólar meti siðgæði og siðferðileg viðhorf nemenda sinna þegar þeir útskrifast úr tíunda bekk. Ég set spurningamerki við slíkt mat,“ segir Hilmar Hilmarsson, skólastjóri Réttarholtsskóla í Reykjavík.

Hilmar bendir á að í aðalnámskrá grunnskóla sem á að koma til framkvæmda á næsta skólaári eigi skólinn að móta leiðir til að meta siðgæði og siðferðileg viðhorf, jafnrétti, lýðræði, mannréttindi, borgaravitund, sjálfbærni og heilbrigði.

„Ég veit ekki hvort það er á færi nokkurs kennara að meta þessa þætti til einkunna. Það er hins vegar gott að ræða þessa hluti við krakkana en að ákveða hvort þú fáir A, B, eða C fyrir þessa þætti, orkar tvímælis að mínu mati,“ segir Jón Pétur Zimsen, aðstoðarskólastjóri Réttarholtsskóla .

Undirliggjandi þættir í námsmatinu séu að kennarar meti hvort nemandi geti orðið nýtur þegn í lýðræðislegu samfélagi eða hvort hann hafi skýra eða óskýra sjálfsmynd.

Samkvæmt námsskránni á mat á lykilhæfni nemenda við lok grunnskóla að vera samstarfsverkefni allra kennara nemandans og nemandans sjálfs þegar við á. Kennarar eiga að skila sameiginlegu mati fyrir hvern lykilhæfniþátt sem birt er í vitnisburði nemenda við lok grunnskóla. Kennarar eiga að koma sér saman um að hvaða marki nemandi hefur lykilhæfni á valdi sínu og á að nota bókstafina A, B, C eða D eftir því sem við á.



**HILMAR HILMARSSON**



**JÓN PÉTUR ZIMSEN**

Bæði Jón Pétur og Hilmar benda á að það geti verið þrautin þyngri fyrir kennara að gefa sameiginlegt mat. Hver kennari hafi til að mynda sitt eigið siðferðismat sem geti verið allt annað en kennarans við hlið hans. Þá benda þeir á að þrátt fyrir að námsskráin geri ráð fyrir að meginþorri nemenda fái B sé afar fín lína á milli A og B. Hún sé til dæmis fólgin í áhersluorðunum afar vel eða vel og mjög gott eða gott.

„Það verður líka minni hvati fyrir nemendur að reyna að bæta sig þegar þeir vita að einungis örfáir fá A í einkunn,“ segir Hilmar og bætir við að þó að margt sé gott í nýrri námsskrá þá séu líka þættir sem verði að ræða betur.

„Að mínu mati er það hvorki á færi skólastjórnenda eða kennara að leggja dóm á persónuleika nemenda,“ segir Hilmar.

johanna@frettabladid.is



**METIN** Kennarar eiga að meta ýmsa þætti í fari tíundu bekkinga áður en þeir útskrifa nemendurna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Úr aðalnámskrá grunnskóla

Í lykilþáttum aðalnámsskrár grunnskóla á meðal annars að meta hæfni 10. bekkinga í eftirfarandi þáttum og gefa einkunn:

- Að nemandinn geti tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.
- Að nemandinn geti gert sér grein fyrir hvernig hann nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmynd.
- Að nemandinn geti nýtt hæfni sína til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi.
- Að nemandinn geti sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda og verið meðvitaður um siðferðisleg gildi ábyrgrar netnotkunar og tekið ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum.
- Að nemandinn geti gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmynd.
- Að nemandinn geti nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**Á morgun**
5-13 m/s.

**Föstudagur**
10-20 m/s, hvassast syðst.

**SUÐVESTLÆGARI** vindátt síðdegis með úrkomu um suðvestan- og vestanvert landið. Rigning en líkur á slyddu í kvöld og snjókomu til fjalla. Dregur heldur úr úrkomu austan til er líður á daginn. Heldur kólnandi veður til morguns.

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 1° | Gautaborg | 0° | London | 10° | Orlando | XX° | San Francisco |
| Basel | 9° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 18° | Ósló | -7° | Stokkhólmur |
| Berlín | 0° | Friedrichshafen | 6° | Las Palmas | 21° | New York | XX° | París | 4° | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




**Námskynning og ráðgjöf**
**fimmtudaginn 23. janúar kl. 17.30**

**PROMENNT**
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

**Hlýtur þú námsstyrk sem nemur allt að 150.000 krónum?**
*Nánar á promennt.is*

**www.promennt.is**

# FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

**Stígðu þín fyrstu skref í tækniheiminum! Geysilega öflug námsbraut í kerfisstjórnun, aðeins í boði hjá Promennt. Framabraut – Kerfisstjórnun er unnin í samstarfi við Microsoft og var námsbrautin sett upp í samvinnu við mörg af stærstu upplýsingatæknifyrirtækjum á Íslandi með þarfir þeirra í huga.**

## AF HVERJU FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN?

Mikil eftirspurn er eftir fólki með sérfræðimenntun og sérfræðiþekkingu í upplýsingatækni um þessar mundir og leita íslensk fyrirtæki í sívaxandi mæli eftir starfsfólki í nemendahópi Promennt. Til þess að gera fólki kleift að kynnast þessum spennandi markaði bjóðum við upp á geysilega öfluga tveggja anna námsbraut í kerfisstjórnun sem samanstendur af 7 námseiningum (alls 520 kennslustundir). Með þessu námi er hægt að byrja alveg á byrjuninni og byggja upp góða undirstöðu og grunn fyrir mjög kröfuharðar námseiningar sem á eftir koma. Að loknu námi á Framabraut – Kerfisstjórnun eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er sérlega mikilvægt að hafa í farteskinu þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

## FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. Námið er því upplagt fyrir byrjendur í upplýsingatækni þar sem hvorki er krafist reynslu né annarrar menntunar á sviði upplýsingatækni.

## FJÁRMÖGNUN

Ýmsar leiðir eru í boði til fjármögnunar á námsbrautinni (m.a. raðgreiðslur, styrkir frá stéttarfélögum, styrkir fyrir atvinnuleitendur o.fl.). Við hvetjum alla sem hafa áhuga að hafa samband við okkur og við aðstoðum hvern fyrir sig við að finna bestu fjármögnunarleiðina.

*„Þessi námsbraut lítur virkilega vel út. Hún tekur á nær öllum þáttum daglegs starfs kerfisstjóra hjá miðlungsstóru fyrirtæki og upp úr. Ég man ekki eftir að hafa séð svona heilstætt og markvisst kerfisstjóranám áður. Þetta nám er hverrar krónu virði fyrir þá sem vilja verða góðir IT kerfisstjórar og þeir sem taka prófin eru komnir með menntun og hæfni sem er alþjóðlega viðurkennd.“*

*Bergþór Hauksson, Segment product owner in production hjá CCP og fyrrum forstöðumaður upplýsingatæknisviðs hjá Sjóvá.*

Skráning fer fram á vefnum okkar, **www.promennt.is,** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

**NÁMSSTYRKIR Í BOÐI**

## VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

**Undirbúningur: Námstækni með MindJet** 12 std.

1. **hluti: Tölvuviðgerðir A+** 50 std.
2. **hluti: Network+** 50 std.
3. **hluti: CCNA (Cisco Certified Network Associate)** 126 std.
4. **hluti: Virtualization** 10 std.
5. **hluti: MCSA (áður MCITP)** 180 std.
6. **hluti: Exchange 2013** 50 std.
7. **hluti: Verkefnadagar/lokaverkefni seinni annar** 42 std.

Hefst: **28. janúar 2014** • Lýkur: **17. janúar 2015**
Námskynning og ráðgjöf fimmtudaginn 23. janúar kl. 17.30
Verð án prófa **799.000 kr.**
Verð með 8 alþjóðlegum prófum: **999.000 kr.**

*„Þegar ég lauk náminu fékk ég strax vinnu. Námið var gífurlega skemmtilegt og krefjandi. Kennararnir eru allt toppfólk úr bransanum, gríðarlegir viskubrunnar og mjög gott að nálgast þá til að fá aðstoð.“*

*Magnús Gylfi Hilmarsson,*
*(Framabraut - Kerfisstjórnun, lauk námi vor 2013)*

EQM VOTTUN
*Gæðavottun fræðsluaðila*

MICROSOFT VOTTUN
*Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi*

FJARKENNSLA Í BEINNI
*Hjá Promennt er einnig boðið upp á fjarkennslu í beinni*

DAG- OG KVÖLDNÁM
*Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám*

**PROMENNT**
**Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA • 133778

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvers vegna hafa leikskólabörn ekki fengið að leika sér úti undanfarnar vikur?
**2.** Hversu margir einstaklingar eiga jafn mikið og helmingur mannkyns?
**3.** Hvað eru margir kartöflubændur á landinu?

**SVÖR:**
**1.** Vegna hálku á leikskólasvæðum. **2.** 85 **3.** 32

Fiskistofa fékk skammir úr ræðustóli Alþingis fyrir að fara offari í eftirliti sínu með sjávarútveginum:

# Starfshættir Fiskistofu eru í endurskoðun

**ALÞINGI** Unnið er að endurskoðun á vinnulagi og starfsháttum vegna eftirlits Fiskistofu, að því er fram kom í máli Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í sérstakri umræðu um Fiskistofu og vinnubrögð stofnunarinnar á Alþingi í gær.

Ásmundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, var málshefjandi í umræðunni. Hann rakti fjögur mál þar sem Fiskistofa var gerð afturreka með sektir. Hann gagnrýndi bæði framgöngu og málsmeðferðartíma stofnunarinnar.

„Ekki eru fengnar heimildir til húsleitar á heimilum, vinnustöðum, skrifstofum og um borð í fiskiskipum. Heimilis- og persónulegt bókhald eigenda og starfsmanna er tekið og tölvur speglaðar og enginn veit um hvað orðið er af öllum þeim gögnum sem tekin hafa verið í tilefnis- og árangurslausum rannsóknum,“ sagði Ásmundur

Hann benti á að í dæmunum fjórum hafi rannsókn Fiskistofu samtals tekið tíu ár. „Eftir langvarandi óþægindi hefur Fiskistofa fallið frá rannsóknum og kærum í þeim málum sem ég ræði hér um í framhaldinu en eftir situr óverjandi kostnaður og óþægindi og algjört vantraust.“ Í málunum var farið fram á sektir frá 22 til 200 milljóna króna.

Sigurður Ingi sagði að með breyttum aðferðum verði minni þörf á stórum og dýrum bakreikningsrannsóknum sem hafi ekki skilað tilætluðum árangri. **- óká**



**MÁLIN RÆDD** Ásmundur Friðriksson óskaði eftir umræðu um starfsemi Fiskistofu á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

PROMENNT



*Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýtast mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman vel upp. Promennt fær fullt hús stiga hjá mér, skólinn er með fyrsta flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig.*
*Sonja G. Ólafsdóttir (Markaðs- og sölunám, 2013)*

www.promennt.is

STYRKTU STÖÐU ÞÍNA
SKRÁÐU ÞIG NÚNA!
NÁMSSTYRKIR

MARKAÐS- OG SÖLUNÁM HRAÐFERÐ
Sérstök áhersla lögð á upplýsingatækni og stafræna markaðssetningu. Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er.
Kvöldhópur hefst **11. febrúar** • Lengd: **156 std.** • Verð: **167.000 kr.**

VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN
Sérlega hagnýtt og vandað námskeið fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Námskeiðið hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.
Kvöldhópur hefst **3. febrúar** • Lengd: **115 std.** • Verð: **139.000 kr.**

GRAFÍSK HÖNNUN
Vinsælt og sérlega hagnýtt nám í grafískri hönnun sem er ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi (t.d. á háskólastigi). Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir.
Kvöldhópur hefst **28. janúar** • Lengd: **105 std.** • Verð: **159.000 kr.**

EQM VOTTUN — Gæðavottun fræðsluaðila
MICROSOFT VOTTUN — Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi
FJARKENNSLA Í BEINNI — Hjá Promennt er einnig boðið upp á fjarkennslu í beinni
DAG- OG KVÖLDNÁM — Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám

Skráning fer fram á **www.promennt.is** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

PIPAR\TBWA • SÍA

PROMENNT
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is



**BLÓÐUGT STRÍÐ** Framkvæmdastjóri Human Rights Watch segir að viðræðurnar í Sviss megi ekki verða „nýjasta afsökunin“ fyrir því að gera ekki neitt til verndar sýrlenskum almenningi. NORDICPHOTOS/AFP

# Fáir búast við nokkru af fundunum í Sviss

**Friðarviðræður stríðandi afla í Sýrlandi eiga að hefjast í Sviss í dag. Svört skýrsla um pyntingar og stríðsglæpi birt daginn fyrir viðræður. Mannréttindasamtök gagnrýna alþjóðasamfélagið fyrir að hafa látið dráp á almenningi viðgangast.**

**SÝRLAND** Fulltrúar bæði Sýrlandsstjórnar og andstæðinga hennar hefja í dag friðarviðræður í Montreaux í Sviss, ásamt fulltrúum frá Sameinuðu þjóðunum, Evrópusambandinu, Bandaríkjunum, Rússlandi og næstum því fjörutíu öðrum löndum.

Litlar sem engar vonir eru bundnar við að þessar viðræður skili árangri, en borgarastyrjöldin í Sýrlandi hefur kostað meira en 130 þúsund manns lífið frá því fyrstu átökin hófust fyrir nærri þremur árum.

Undanfarið ár hefur lamandi pattstaða ríkt í stríðinu en lítinn bilbug virðist vera að finna á stríðandi fylkingum, þrátt fyrir gríðarlegt mannfall og nánast botnlausa neyð almennings.

Bæði Bandaríkin og Rússland hafa lagt hart að fulltrúum beggja fylkinga að senda fulltrúa sína til fundarhaldanna. Á síðustu stundu virtist ákvörðun Ban Ki Moons, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, um að bjóða írönskum stjórnvöldum að senda einnig fulltrúa sinn til viðræðnanna, ætla að sigla öllu í strand: Fulltrúar uppreisnarmanna hótuðu því að mæta ekki.

Ban hætti þá við að bjóða Írönum. Bandaríkjamenn fögnuðu því en Rússar ekki.

Í gær, daginn áður en viðræðurnar eiga að hefjast, kom svo fram skýrsla sem sýnir fram á að sýrlensk stjórnvöld hafa stundað kerfisbundnar pyntingar og dráp á föngum í þúsundatali.

Í skýrslu sérfræðingahópsins er sérstaklega tekið fram að sannanirnar, sem fyrir liggja, verði vart dregnar í efa í stríðsglæparéttarhöldum, fari svo að sýrlenskir ráðamenn verði látnir svara til saka.

Þá birtu mannréttindasamtökin Human Rights Watch ársskýrslu sína í gær, og gagnrýndu við það tækifæri harðlega alþjóðasamfélagið fyrir að hafa brugðist íbúum Sýrlands.

„Þrátt fyrir að mannfall hafi aukist hratt og skelfilegum misþyrmingum fjölgað hafa Rússland og Kína dregið tennurnar úr öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og gert báðum fylkingum kleift að drepa almenning í Sýrlandi,“ sagði Kenneth Roth, framkvæmdastjóri samtakanna, þegar hann kynnti skýrsluna í gær.

Hann sagði nauðsynlegt að viðræðurnar í Genf yrðu nú ekki „nýjasta afsökunin fyrir því að forðast aðgerðir til verndar almennum borgurum í Sýrlandi. Þetta krefst þess að beitt verði raunverulegum þrýstingi til að stöðva drápin og gefin verði leyfi til þess að koma nauðsynjum til fólks svo það geti þraukað.“

gudsteinn@frettabladid.is

## Kerfisbundnar pyntingar og dráp

„Þau lík, sem hafa verið ljósmynduð frá því borgarastríðið hófst, sýndu merki þess að fólkið hefur soltið, mátt þola grimmilegar barsmíðar, kyrkingar og aðrar gerðir pyntinga og dráps,“ segir í skýrslu sérfræðingahóps um pyntingar og manndráp í Sýrlandi.

Sérfræðingahópurinn var fenginn til þess að kanna trúverðugleika eins liðhlaupa úr sýrlensku herlögreglunni, en hann hafði árum saman starfað við að taka ljósmyndir á vettvangi glæpa. Eftir að borgarastríðið hófst fékk hann það verkefni að taka ljósmyndir af líkum fanga, sem flutt höfðu verið úr fangelsum í líkhús.

Honum tókst hins vegar að smygla tugum þúsunda slíkra ljósmynda, sem hann og félagar hans höfðu tekið, úr landi. Einnig voru skoðaðar sambærilegar ljósmyndir sem aðrir höfðu tekið og smyglað úr landi.

Alls voru þetta um 55 þúsund ljósmyndir af um 11 þúsund látnum föngum. Á degi hverjum voru teknar ljósmyndir af allt að 50 látnum föngum. Sérfræðingahópurinn valdi af handahófi ljósmyndir til að grandskoða, og telur ljóst að þær sýni fram á að sýrlensk stjórnvöld hafi stundað „kerfisbundnar pyntingar og dráp á föngum“.

Tekið er fram að vart verði hægt að draga þessar sannanir í efa, fari svo að sýrlenskir ráðamenn verði dregnir fyrir stríðsglæpadómstól.

**7 ára ábyrgð** á öllum nýjum Kia bílum.

www.kia.com

# Stórgóður sjö sæta Sorento

## – í ábyrgð til 2021



SORENTO

The Power to Surprise

Kia Sorento er einhver áhugaverðasti og hagkvæmasti kosturinn í jeppakaupum.
Að sjálfsögðu er **7 ára ábyrgð á nýjum Kia Sorento,** svo hún gildir til ársins 2021.

### Nokkrir kostir Kia Sorento:

- **197 hestafla dísilvél, eyðir frá 6,7 l/100 km**
- **Sex þrepa sjálfskipting**
- **LED-ljós að framan**
- **Frábærir akstursseiginleikar**
- **Fáanlegur með bakkmyndavél**
- **Mjög rúmgóður**
- **Fáanlegur sjö sæta**

**Eigum bíla til afgreiðslu strax! Komdu og reynsluaktu.**

Sorento Classic 2,2 dísil

**Verð frá 7.450.777 kr.**

Aðeins **66.743 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

ergo *M.v. 3.500.000 kr. útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,55% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,09%. Nánari upplýsingar á ergo.is

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

## → Norðurslóðirnar ekki einsleitt svæði


ARILD MOE

Arild Moe, aðstoðarforstjóri Fridtjof Nansens-stofnunarinnar, sem er sjálfstæð rannsóknarstofnun í umhverfis- og orkumálum, sagði í erindi sínu á Arctic Frontiers ráðstefnunni að tækifærin á norðurslóðum væru fjölmörg; vinnsla olíu og gass, siglingar, námugröftur, ferðaþjónusta og fiskveiðar. Hins vegar sé það einfaldlega rangt að mikið sé að gerast á landsvæðum sem falla undir norðurskautið, og eru víðáttumikil – í raun væri langstærsti hluti þeirra umsvifa í hinum norska hluta Barentshafsins.

Hann sagði að það væri mikið ósamræmi á milli þeirra umsvifa sem þegar væru til staðar, og þeirra sem menn spá að verði, og reglna um öryggi á norðurslóðum. Þess vegna sé tómt mál um að tala að norðurslóðir geti tekið við öllum þeim umsvifum sem fyrirsjáanleg eru og þess vegna verði að setja reglur; ekki síst um öryggismál og umhverfislega þætti. Eins sagði Moe að svæðið sé gríðarstórt og reglur verði að taka tillit til þess. „Menn tala gjarnan um norðurslóðir sem eitt svæði, þegar í raun er um að ræða mörg ólík svæði sem sum hver eiga fátt sameiginlegt,“ sagði Moe og bætti við að taka þurfi tilliti til sérstöðu einstakra svæða, sérstaklega vegna öryggis- og umhverfismála.


TÖK Á TILVERUNNI –
námskeið við athyglisbresti og kvíða

- Átt þú erfitt með að einbeita þér?
- Ertu gleyminn og utan við þig?
- Eru áhyggjur að plaga þig?
- Átt þú erfitt með að halda utan um allt sem þú þarft að gera?
- Gætir þú gert svo miklu betur?


Sigríður D. Benediktsdóttir


Sóley D. Davíðsdóttir

Á þessu námskeiði lærir fólk aðferðir til að bæta einbeitingu, minni og skipulag, draga úr frestun og öðrum afleiðingum athyglisbrests. Jafnframt lærir fólk leiðir til að minnka áhyggjur og kvíða með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar. Stjórnendur námskeiðs eru Sigríður D. Benediktsdóttir og Sóley D. Davíðsdóttir sálfræðingar.

Námskeiðið hefst 6. febrúar og verður á fimmtudögum frá 15-17, alls 7 skipti. Skráning fer fram á **kms@kms.is** og nánari upplýsingar á **www.kms.is.**

KMS Kvíðameðferðarstöðin


# Staðsetning Íslands gefur mikil tækifæri

Formaður samtaka norskra skipaeigenda segir að Ísland sé í lykilstöðu vegna siglinga á norðurslóðum í framtíðinni. Spurningamerki eru þó sett við öryggismál á svæðinu varðandi siglingar vöruflutningaskipa og ekki síður farþegaskipa.


**Svavar Hávarðsson**
Skrifar frá Tromsö
svavar@frettabladid.is



**DREKI** Kínverski ísbrjóturinn Snædrekinn hafði viðkomu í Reykjavík á siglingu frá Asíu til Bandaríkjanna.

**Arctic Frontiers - ráðstefna um málefni norðurslóða**

Vegna staðsetningar sinnar er Ísland í lykilstöðu þegar að því kemur að siglingaleiðir á norðurslóðum opnast. Siglingaleiðin hefur hins vegar enga raunverulega þýðingu í nánustu framtíð.


STURLA HENRIKSEN

Sturla Henriksen, formaður Samtaka norskra skipaeigenda, segir í viðtali við Fréttablaðið að opnun siglingaleiða á norðurslóðum verði mjög mikilvæg í heimsviðskiptum þegar fram líða stundir, og Ísland muni leika þar stórt hlutverk ef rétt er haldið á spilum. Hann telur því að hugmyndir um framtíðarhlutverk Íslands sem miðstöðvar í viðskiptum og öryggismálum vegna opnunar siglingaleiða vegna loftslagsbreytinga séu raunhæfar.

„Lega landsins skiptir hér öllu máli. Ísland er hliðið að Evrópu, má segja, fyrir vöruflutninga frá Asíu og það sama má segja um siglingar til Bandaríkjanna. Ég held að Íslendingar geti nýtt sér þær breytingar sem eru að verða á norðurslóðum á fjölbreytilegan hátt,“ segir Henriksen.

„Það er ekki langt síðan kínverski ísbrjóturinn Snædrekinn sigldi þessa leið með viðkomu í Reykjavík, og það er engin tilviljun í samhengi við aukin umsvif á norðurslóðum.“

Hann segir að fleira muni hafa áhrif á Íslandi „Umsvif olíufyrirtækja eru eitt og ekki síður fyrirtækja sem hyggja á námugröft á hafsbotni á norðurslóðum. Þá eru ónefndar siglingar farþegaskipa og fleira. Eins er svæðið mikilvæg matarkista og ríkt af náttúruauðlindum sem verða nýttar, og mikið af þeim verður flutt í vesturátt og þá fram hjá Íslandi. Ísland er gríðarlega vel staðsett í þessari mynd allri og aðeins spurning um framtak hvernig það verður nýtt á besta hátt,“ segir Henriksen. Hann hélt erindi á Arctic Frontiers ráðstefnunni sem þessa dagana er haldin í áttunda sinn í Tromsö í Noregi.


MMC Outlander Afsláttur: 700.000
2.2 DID 7 manna sjálfskiptur, dísil, 150 hö.
Fullt verð: 6.890.000
KJARAKAUP: 6.190.000



Audi A1 1.4 TFSI Afsláttur: 450.000
Sportback S-tronic, bensín, 122 hö.
Fullt verð: 4.540.000
KJARAKAUP: 4.090.000



Skoda Octavia Afsláttur: 350.000
1.2 TSI 6 gíra, bensín, 105 hö.
Fullt verð: 3.790.000
KJARAKAUP: 3.440.000



VW up! 1.0 MPI Afsláttur: 200.000
Take up! 5 gíra, bensín, 60 hö.
Fullt verð: 2.050.000
KJARAKAUP: 1.850.000



VW Passat 1.4 TSI EF Afsláttur: 550.000
Comfortline sjálfskiptur, bensín/metan, 150 hö.
Fullt verð: 4.690.000
KJARAKAUP: 4.140.000



VW Golf 1.4 TSI Afsláttur: 350.000
Trendline 6 gíra, bensín, 122 hö.
Fullt verð: 3.540.000
KJARAKAUP: 3.190.000



KJARAKAUP

Gæðabílar á **einstöku** verði

**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.**
Aukabúnaður á ljósmyndum getur verið annar en í auglýstum verðdæmum.
Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði.

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Audi og Mitsubishi. Kjarakaup HEKLU standa yfir út janúar, eða á meðan birgðir endast. Fyrstir koma, fyrstir fá.

Bílarnir eru til sýnis hjá HEKLU, Laugavegi 170-174.

Kjarakaup HEKLU gera þér kleift að eignast gæðabíl á einstöku verði.

**HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is**

HEKLA


• ÚTSALA • ÚTSALA •
VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM
30-50% AFSLÁTTUR
Svæðaskipt heilsurúm
90 x 200 cm
Verð frá 69.900.-
Svæðaskipt heilsurúm
160x200 cm
Verð frá 139.200.-
Sérsmíðum heilsurúm
í öllum stærðum.
Dýnur og botna.
FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING
Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu
faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!
50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
ETHANOL ÖRNUM
VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótel og gistiheimili
RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is
VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

Segir enga hækkun á fjárheimild Lyfjastofnunar:

# Ekki svigrúm til að ráða sérfræðinga


RANNVEIG GUNNARSDÓTTIR

**STJÓRNSÝSLA** „Það er ekki svigrúm til að ráða fleiri sérfræðinga eins og fjármálaráðuneytið heldur fram,“ segir Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, spurð um fullyrðingar ráðuneytisins vegna ummæla hennar í Fréttablaðinu á mánudag.

Þar sagði hún að heimildir í fjárlögum hindri stofnunina í að nýta að fullu til nýsköpunarverkefna tekjur sem hún aflar frá lyfjafyrirtækjunum.

Í fréttatilkynningu frá fjármálaráðneytinu segir að fallist hafi verið á að veita Lyfjastofnun 42,9 milljóna króna aukið framlag á árinu 2014 til að vinna að nýjum verkefnum á móti samsvarandi hækkun á ríkistekjum. Ætla megi að það framlag dugi til að ráða þrjá til fjóra nýja sérfræðinga á þessu ári.

Í tilkynningu fjármálaráðuneytisins segir jafnframt að árið 2010 hafi fjárheimildir Lyfjastofnunar verið auknar um 226,5 milljónir króna. Með því hafi fjárheimildir fjárlaga verið færðar að raunverulegri veltu stofnunarinnar.

„Hækkun fjárheimildar í fjárlögum felur í sér heimild fyrir stofnunina til að nota þær tekjur sem hún aflar. Hér er ekki um framlag úr ríkissjóði að ræða. Allar tekjur stofnunarinnar eru sjálfsaflafé,“ segir Rannveig. Hún bendir á að Lyfjastofnun geri rekstraráætlanir í samvinnu við velferðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið. „Haustið 2013 samþykkti velferðarráðuneytið rekstraráætlun stofnunarinnar til næstu þriggja ára. Samkvæmt henni var gert ráð fyrir 578,7 milljónum króna í rekstur árið 2014. Fjárheimild samkvæmt fjárlögum er lægri eða 561 milljón króna. Stofnunin gerði áætlun um að afla 80 milljóna króna sértekna í ár en í fjárlögum er gerð krafa á stofnunina um að hún afli 108 milljóna króna í sértekjur. Með hliðsjón af þessu er raunveruleg hækkun fjárheimildar í fjárlögum fyrir Lyfjastofnun nánast engin.“

Hún segir Lyfjastofnun taka heilshugar undir orð Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra í tilkynningunni frá ráðuneyti hans um að spennandi sé að kanna hvort Lyfjastofnun hafi möguleika á að veita fyrirtækjum í lyfjaiðnaði frekari þjónustu en að tryggja verði að til grundvallar auknum umsvifum liggi traustar rekstraráætlanir til næstu ára. - ibs





**SMÁHÝSI** Það kostar Reykjavíkurborg rúmar átta milljónir á ári að halda uppi smáhýsum fyrir heimilislausa á Granda. Helstu útgjöldin eru laun og launatengd gjöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Borgin vill að ríkið sinni utangarðsfólki

Starfshópur um nýja stefnu í málefnum utangarðsfólks í Reykjavík vill efla samstarf við ríkið og önnur sveitarfélög. Vandinn er ekki einkamál Reykjavíkurborgar, segir formaður starfshópsins, sem vill efla heilbrigðisþjónustu ríkisins við hópinn.

**VELFERÐ** Í nýrri stefnu í málefnum utangarðsfólks kemur fram sú tillaga að þróun verði á samstarfsverkefnum með ríki og sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Reykjavíkurborg ber samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og húsnæðismál að sinna málefnum heimilislausra. Í skýrslu um nýja stefnu er þó bent á að vandi utangarðsfólks sé heilbrigðisvandi sem hafi í för með sér félagslegan vanda. Þannig megi vera ljóst að samstarf við ríkisvaldið, sem hafi með heilbrigðismál að gera, þurfi að vera meira og þéttara til þess að auka lífsgæði þessa hóps.


HEIÐA KRISTÍN HELGADÓTTIR

Í drögum velferðarráðuneytisins að heilbrigðisáætlun til 2020 er ekki vikið sérstaklega að málefnum utangarðsfólks. Í skýrslunni er hugsanleg skýring á því talin vera sú að ríkið telji vanda hópsins ekki vera heilbrigðisvanda.

Heiða Kristín Helgadóttir, varaformaður og framkvæmdastjóri Besta flokksins, er formaður starfshóps um stefnuna. Hún vill sjá ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu viðurkenna sinn hlut í vandanum, enda þótt fólk með erfið félagsleg vandamál búi í höfuðborginni þar sem þjónustan er mest sé þetta ekki einkamál Reykjavíkurborgar.

„Borgin tekur ábyrgð á félagslega hlutanum en það þýðir ekki að aðrir geti þvegið hendur sínar af málaflokknum. Við hljótum að bera samfélagslega ábyrgð á að koma til móts við einstaklingana og þar skiptir heilbrigðisþjónustan miklu máli.“

Utangarðsfólk býr almennt við alvarlegan heilsubrest, ofneyslu vímuefna, sértæka sjúkdóma, geðfötlun og geðræn vandkvæði sem ýmist eru orsök eða afleiðing neyslu og útigangs.

„En erfitt getur verið að fá greiningu á geðsjúkdómum þessara einstaklinga, til dæmis vegna afeitrunar. Án greiningar fá þeir hvorki viðunandi heilbrigðisþjónustu né örorkubætur, heldur eru háðir fjárhagsaðstoð til framfærslu frá sveitarfélaginu.“

Eftir efnahagshrunið hefur fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar frá Reykjavíkurborg aukist um tæp fimmtíu prósent. Meirihluti hópsins sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu er sjúkraskrifaður og glímir við áfengis- og vímuefnavanda. Þar fyrir utan rekur borgin sértæk úrræði fyrir utangarðsfólk sem áætlað er að kosti rúmar 268 milljónir árið 2013. Auk þess styrkir borgin ýmis úrræði sem félagasamtök bjóða upp á og veitir húsnæðisúrræði.

Heiða segir borgina vilja gera betur fyrir þennan hóp en ekki sé svigrúm fyrir aukin fjárútlát. Því þurfi að efla samstarf og auka þannig þjónustuna við hópinn.

erlabjorg@frettabladid.is

### ➜ Sértæk úrræði Reykjavíkurborgar fyrir utangarðsfólk

Áætlun 2013

| | |
|---|---|
| Borgarverðir | 33.286.775 kr. |
| Dagsetur | 13.708.519 kr. |
| Mýrin | 28.283.362 kr. |
| N-74 | 56.986.254 kr. |
| Smáhýsi | 8.072.509 kr. |
| Konukot | 34.376.748 kr. |
| Gistiskýli | 53.296.096 kr. |
| Samhjálp - styrkur | 13.620.000 kr. |
| M-18 | 15.936.119 kr. |
| Félagsleg ráðgjöf | 10.694.378 kr. |
| **Samtals** | **268.260.760** |

*Fjárhagsaðstoð til framfærslu, húsnæðisúrræði og ýmsir minni styrkir og samstarfsverkefni eru ekki með í áætluninni.*









NÝTT

# KOLALAUSAR VÉLAR

DEWALT
- á heima hjá Sindra -




Hraðvirkari í notkun

Ný 13 mm stálpatróna

LED vinnuljós – engir skuggar

Nýjar 2Ah rafhlöður

DCD795
höggborvél

XR LITHIUM ION

BRUSHLESS



DCD795M2

## 18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél m. höggi
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,88 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð
**71.900** m/vsk.
Rétt verð 78.098



DC886M2

## 18V HERSLUVÉL

Öflug 18V kolalaus hersluvél
Bitahaldari: ¼“
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 165Nm
Afl: 260W
Þyngd: 1,57 kg
LEDljós

Kynningarverð
**81.900** m/vsk.
Rétt verð 89.997



DCD790M2

## 18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,84 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð
**69.900** m/vsk.
Rétt verð 75.987



DCD790D2

## 18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*2,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,62 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð
**55.900** m/vsk.
Rétt verð 61.987

PIPAR\TBWA • SÍA • 132779

**www.sindri.is / sími 575 0000**
Viðarhöfða 6 - Reykjavík    Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SINDRI

## HUGMYNDIR UM UPPBYGGINGU Á LÓÐ SEMENTSVERKSMIÐJUNNAR Á AKRANESI VORU KYNNTAR Í GÆR



Í DAG



Í DAG



Í DAG



TILLAGA
**MARKAÐUR**
Á Faxabraut mætti hafa markað með fisk og fleira.



TILLAGA
**NÝ STRANDLEIÐ**
Langisandur fær andlitslyftingu.



TILLAGA
**VERSLUNARGATA**
Milli Kvarnahúss og Ofnhúss gæti orðið verslunargata.

MYNDIR/KANÓN ARKITEKTAR

# Verksmiðjulóð verður bæjarhjarta

Margar nýstárlegar hugmyndir að framtíðarnýtingu lóðar Sementsverksmiðjunnar voru kynntar á fjölmennum íbúafundi um liðna helgi.

**SKIPULAGSMÁL** Hugmyndir að nýtingu lóðar Sementsverksmiðjunnar á Akranesi voru ræddar á 160 manna íbúafundi í bænum á laugardaginn.

Samkvæmt samkomulagi sem gengið var frá milli jóla og nýárs milli Akraneskaupstaðar, Arion banka og Sementsverksmiðjunnar yfirtekur bærinn án endurgjalds mannvirki og lóð á Sementsreitnum. Um er að ræða 5,5 hektara land í hjarta bæjarins. Ásamt öðru nærliggjandi landi verða alls tíu hektarar skipulagðir að nýju.

Fulltrúar Kanon arkitekta mættu á fundinn og kynntu hugmyndir að enduruppbyggingu á reitnum og sýndu jafnframt hvernig gamlar verksmiðjulóðir hafa verið nýttar á ýmsum stöðum í Evrópu ásamt myndum frá sjávarsíðunni í nokkrum strandbæjum.

Að því er segir í frétt frá Akraneskaupsstað þá lagði Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri á það áherslu á fundinum að Kanon hefði fengið það verkefni að koma með hugmyndir og kveikja í fólki, en ekki koma með fullmótaðar tillögur.

Þegar kynningunni lauk var hópavinna sem arkitektar frá Kanon og fulltrúar skipulags- og umhverfisnefndar bæjarins stýrðu. „Við lögðum áherslu á það á fundinum að þetta væri upphafið að samráðsferli, svona nokkurs konar ferðalagi inn í framtíðina á þessum áhugaverða stað,“ er haft eftir bæjarstjóranum.

gar@frettabladid.is





ix35

Vandaður – fjórhjóladrifinn

Hyundai ix35 - Verð: 6.390.000 kr.

Dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn / hiti í stýri / bakkmyndavél / fjarlægðarskynjarar að aftan og framan / eldsneytisnotkun 6,8 l/100 km*.

Bjóðum vetrardekk og dráttarbeisli með öllum ix35 í takmarkaðan tíma!

5 ÁRA Ábyrgð Ótakmarkaður Akstur

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM61103

B|L Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

# ÚTSALA

## Lækkun á MÚRBÚÐARVERÐI er ávísun á gott verð!

## 25-50% afsláttur

**Kletthálsi Reykjavík og Reykjanesbæ**



HDD1106 580W stingsög DIY
~~3.990~~
**2.990**



DASH PRO höggborvél stiglaus hraði
2 rafhlöður 18V 1,5Ah
~~14.990~~ **11.240**



**25% afsláttur**
**Hvítt hilluefni og hilluberar í mörgum litum**



**Snagar og krókar – fjöldi lita og gerða**



Ryco LDL-MD418A lampi
m. grind 4x18W T8 62x60x8 cm
**með perum**
~~7.990~~ **5.990**



Smergel 350W
~~6.490~~
**4.865**
einnig til Smergel 150W **kr 3.740**



Drive Juðari
~~2.190~~
**1.640**



Hitabyssa 200W
~~2.890~~
**2.167**



Drive Fjölnotatæki 300W
~~7.990~~ **5.990**



**Bol-834 80x48x18cm**
**þykkt 0,8mm**
~~11.990~~ **8.990**



Drive toppasett 17 stk 1/4"
~~990~~
**742**



Drive Delta Sander 180W
~~3.290~~
**2.465**



Hleðsluljós LM6006
~~3.990~~
**50%**
**1.990**



ZB LED ljós með hleðslurafhlöðu
~~2.995~~
**1.497**



Ryk/blautsuga Drive ZD10-50L 1000W, 50 lítrar
~~28.900,-~~
**21.675**



Drive-HM-120C 1200W - 12m
Hræripinni - 2 hraðar
~~16.990~~
**12.740**



Vörutrilla 80kg
~~4.990~~
**3.742**



Bíla & gluggaþvotta-kústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
~~2.490~~
**1.867**



Ryco-1509 Olíufylltur 2000W rafmagnsofn m/termo stillingum og yfirhitavörn 9 þilja
~~7.990~~
**5.990**



Drive flísasög 600W
~~8.990~~
**6.742**



Alvöru skrúfstykki 15cm 14 Kg
~~7.690~~
**5.767**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

**MÚRBÚÐIN**

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# SKOÐUN

Kartöfluræktin á ekki að fá meiri styrki:

## Kartafla í útrýmingarhættu?

Fréttablaðið sagði frá því í gær að kartöflurækt á Íslandi ætti í erfiðleikum. Óhagstætt veðurfar síðustu ár og lágt verð á kartöflum hefur komið niður á afkomu greinarinnar, framleiðendum hefur fækkað úr um 200 í 32 á áratug. Það helgast að einhverju leyti af því að fyrirtækin hafa stækkað í viðleitni til að ná aukinni hagkvæmni.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Framleiðslan hefur dregizt saman og Bergvin Jóhannsson, formaður Félags kartöflubænda, segir að það þýði að innlenda uppskeran endist skemur, þannig að innflutningur á erlendum kartöflum hefjist snemma á vorin.

Haraldur Benediktsson, þingmaður og fyrrverandi formaður Bændasamtakanna, sagði í þingræðu í síðustu viku að kartöfluræktin væri að komast á „válista“. Undir það tekur Bergvin og kallar eftir því að skattgreiðendur hlaupi undir bagga með greininni með ríkisstyrkjum. Hann gagnrýnir sérstaklega að kartöfluræktin skuli ekki njóta hinna háu styrkja sem mjólkurframleiðslan fær. Bæði Haraldur og Bergvin vilja að stjórnvöld geri eitthvað í málinu.

En stjórnvöld eiga ekki að gera nokkurn skapaðan hlut í málinu. Alltof dýrt og óhagkvæmt stuðningskerfi við mjólkurframleiðslu getur ekki verið fyrirmynd að nýjum ríkisstyrkjum við kartöfluræktina. Markmiðið á að vera að draga úr styrkjum til landbúnaðar, ekki að auka þá frekar.

Það er líka ofsagt að kartöfluræktin njóti einskis stuðnings almennings; hún hefur skjól af tollum, sem eru lagðir á innfluttar kartöflur þann tíma sem nóg framboð er af innlendu uppskerunni. Þannig eru kartöflubændur varðir fyrir erlendri samkeppni. Í skýrslu Hagfræðistofnunar, sem út kom í fyrra, kom fram að innlend kartöflurækt heldur 75 prósenta markaðshlutdeild gagnvart innflutningi, sem verður að teljast drjúgt, þótt það sé lægra hlutfall en flestar aðrar búgreinar njóta innan ofurtollmúra stjórnvalda.

Það má spyrja hvað myndi gerast ef innlend kartöfluframleiðsla legðist af. Hún skapar ekki mörg störf og stór landsvæði færu ekki í eyði. Kartöflubændur myndu finna sér aðra vinnu, til dæmis í vaxandi grein eins og ferðaþjónustunni. Neytendur myndu kaupa innfluttar kartöflur, líkast til á enn lægra verði en þeir borga í dag. Af hverju ættu skattgreiðendur (sama fólkið og neytendur) að draga upp budduna til að koma í veg fyrir það?

Reyndar er ekkert sérstaklega líklegt að íslenzku kartöflunni verði útrýmt; það verða alltaf margir sem kjósa fremur glænýjar íslenzkar kartöflur þegar þær eru í boði. Verði framboðið lítið, munu þeir borga hærra verð ef þá langar virkilega í vöruna.

Svo er kartöflurækt sveiflukenndur rekstur; það gengur oftast vel þegar veðrið er hagstætt og illa þegar veðrið er vont. En af hverju ættu skattgreiðendur að jafna út sveiflur í þeim atvinnurekstri frekar en öðrum? Og ef bændur í löndum með betra og stöðugra veður framleiða kartöflur með hagkvæmari hætti – af hverju verzlum við ekki bara við þá?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871



Öruggur bati eftir áföll – *umræðukvöld*

Í kvöld, miðvikudaginn 22.janúar kl 20 mun Sigurlína Davíðsdóttir prófessor emerita í uppeldis- og menntunarfræði verða gestur Rótarinnar á umræðukvöldi um bata eftir áföll.

Sigurlína ætlar að fjalla um helstu atriði bókarinnar *8 lyklar að öruggum bata eftir áföll* eftir Babette Rothschild sem hún þýddi.

**Allir, konur og karlar, eru velkomnir á umræðukvöld Rótarinnar!**

**Boðið er upp á te og kaffi**

**Umræðukvöldið er haldið í Kvennaheimilinu að Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík.**

**Rótin - félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Alþingi kaupi sjónvörp

Það var líf og fjör á þinginu í gær. Undir umræðum um störf þingsins (eru störf þingsins sem slík einhvern tímann rædd undir þessum lið? Af hverju heitir þetta ekki bara sínu rétta nafni: Ruslakistan?) bryddaði varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, Oddgeir Ágúst Ottesen, upp á þeirri nýjung að tala gegn áformum ríkisstjórnarinnar og þar með flokkssystkina sinna um áhrif tillagna sérfræðihóps um niðurfærslu á verðtryggðum lánum. Hann tók skemmtilegt dæmi um misskilning sem gæti um mikilvægi þess að efnahagslegar aðgerðir hafi jákvæð áhrif á hagvöxt til skamms tíma og bar það saman við einfalda aðgerð sem fælist í því að Alþingi keypti sjónvörp og gæfi hluta heimila landsins. Slík aðgerð mundi auka landsframleiðslu lítillega. Einhver mundi fá greitt fyrir að flytja sjónvörpin til landsins, einhverjir mundu hagnast á því að selja sjónvörpin til Alþingis en þetta væri alls ekki hagkvæm efnahagsleg aðgerð sem mundi auka verðmætasköpun í landinu. Aukinn innflutningur myndi veikja gengi krónunnar og auka verðbólgu. Hagvöxtur í framtíðinni myndi dragast saman. Oddgeir sagði þarna það sem margir samflokksmenn hans hugsa – en hafa ekki þorað að segja.





### Börn fæðast

Undir sama lið á þingi í gær ræddi Haraldur Einarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, jafnréttismál sem hann sagði sér afar hugleikin. Hann tók þar sérstaklega fram að börn eru ekki eingetin, foreldrar eignast börn saman og börn fæðast. Þar með hefur allur vafi verið tekinn af um það gríðarlega vafamál.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Af vondu réttlæti

FJÁRMÁL



Árni Páll Árnason

formaður Samfylkingarinnar

Um leið og skuldaniðurfellingarhugmyndirnar voru kynntar í Hörpu, kallaði ég eftir skýringum frá ríkisstjórninni um áhrif niðurfellinganna.

Hversu stór hluti niðurfellingarinnar lendir hjá þeim sem skulda mikið og hversu stór hjá þeim sem skulda lítið sem ekkert?

Hversu margir af þeim sem skulda mikið og eru í vanda þess vegna komast út úr vanda með aðgerðinni og hversu margir verða áfram í vanda?

Hversu stór hluti lendir hjá þeim sem eru á svo háum tekjum að húsnæðiskostnaður er lítill hluti ráðstöfunartekna?

Hversu margir af þeim sem skulda mest eru á háum tekjum?

Ríkisstjórnin fékk einn og hálfan mánuð til að svara þessum spurningum og skilaði auðu. Forsætisráðherra sagði ekkert vitað um þessa þætti og engar upplýsingar liggja fyrir um þetta. Það er með ólíkindum að ríkisstjórnin ráði ekki við að svara svo einföldum spurningum um áhrif sinna helstu aðgerða. Upplýsingar sem gera mögulegt að áætla þessa þætti eru aðgengilegar í skattkerfinu eða má ráða af fyrri rannsóknum.

Við í Samfylkingunni studdum álagningu bankaskatts fyrir jól og teljum ástæðu til að verja þeim 80 milljörðum sem gert er ráð fyrir að hann skili til að taka á vanda skuldsettra heimila og bæta raunverulegan forsendubrest. Þess vegna höfum við lagt fram ítarlegar tillögur um að mæta þeim hópum sem keyptu á versta tíma og sitja uppi með tjón sem enn er óbætt.

**➜ Fólkið sem var í mestum skuldavanda mun lítið sem ekkert fá, því allar aðgerðir fyrri ríkisstjórnar verða dregnar frá því sem fólk fær nú.**

Tillögur ríkisstjórnarinnar munu ekki bæta forsendubrestinn. Allur sá fjöldi fólks sem upplifði að lán hækkuðu meira en sem nam verðhækkun húsnæðis mun áfram sitja uppi með sitt tjón óbætt að hluta eða að öllu leyti. Fólkið sem var í mestum skuldavanda mun lítið sem ekkert fá, því allar aðgerðir fyrri ríkisstjórnar verða dregnar frá því sem fólk fær nú. Gríðarlegar fjárhæðir fara til fólks sem ekki hefur orðið fyrir neinu tjóni og jafnvel hagnast á þróun undanfarinna ára.

Sannast nú hið fornkveðna: Vont er þeirra ranglæti en verra er þeirra réttlæti.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Kafli úr sögu eftir óþekktan ástarsöguhöfund

Í DAG
Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir
leikkona



Sigurborg þeytti smjörið og sykurinn saman á ógnarhraða í postulínsskálinni góðu. Smjörið myndaði toppa sem minntu á þýsku Alpana. Sigurborgu fannst hún um stund vera stödd „im milden Alpenklima“ en hún hafði sem ung stúlka unnið sjö sumur á heilsuhæli í Bæjaralandi. Henni hlýnaði við tilhugsunina um liðna tíma og veitti víst ekki af eftir volkið fyrr um daginn.

Sigurborg hafði þurft að gera að meinum austurrísks puttaferðalangs sem hún hafði sótt upp á miðja Hellisheiði fyrr um daginn og var af þeim sökum með einhverja slæmsku í hægri öxlinni. Varð því af og til að gera hlé á þeytingnum og aka öxlinni réttsælis og rangsælis til að létta á seyðingsverknum.

Hún endurlifði viðburði dagsins.

Þannig hafði háttað til að nóttina áður hafði hún unnið aukavakt á slysavarðstofunni og rétt undir morgun hafði borist neyðarsímtal frá útlendum ferðamanni. Enginn sjúkrabíll hafði verið nærtækur sökum manneklu. Sjúkraflutningamenn höfðu að auki sammælst um að vinna ekki þessa helgi sökum samningsbrota ríkisins og funduðu nú í sumarbústað sjúkraflutningamanna í Ytri-Njarðvík.

Enginn á vaktinni hjá 112 talaði þýsku og því voru góð ráð dýr.

Símtalið var áframsent á slysavarðstofuna og þar tók ekki betra við.

**Beið ekki boðanna**

Vakthafandi deildarlæknir sem hafði starfað við spítalann fyrst sem vaktmaður en var nú nýkominn heim með læknanám upp á vasann frá einhverri menntastofnun í Ungverjalandi reyndist alls ófær um að ræða við manninn á nokkru auðkennilegu tungumáli. Sigurborg undraðist vankunnáttu læknisins unga því hann fór úr ensku yfir í dönsku og af og til mælti hann orð og gaf frá sér hljóðasambönd sem hún ályktaði að hlytu að vera ungverska.

Hún gat aðeins gert sér í hugarlund hvernig vesalings puttalingnum liði að vera í nauðum staddur einn í ókunnu landi og þurfa að hlusta á þessa óáheyrilegu kakófóníu. Hún afréð því að leggja hönd á herðar læknisins unga og með augngotum og handapati gerði hún honum það skiljanlegt að hún skyldi taka við og að hann gæti sem hæglegast bara fengið sér sæti.

Sigurborg hafði yfirgripsmikla reynslu á sviði áfallahjálpar og tókst að lempa manninn til á kjarnyrtri þýsku. Henni skildist á honum að hann hefði verið einn á ferð, dottið um stein í hríðinni og sennilega brotið eða brákað á sér báða leggina. Sigurborgu tókst eftir nokkurt þóf að staðsetja manninn, því hann gat að endingu með hjálp snjallsíma gefið Sigurborgu hnit sem hún undireins þekkti.

Sigurborg beið því ekki boðanna og setti í hendingskasti niður í veski sitt blóðþrýstingsmæli, neyðarblóð, kraga, sáraumbúðir og ambúpoka greip hún, ef illa færi.

**Fyrirfólk í heimahúsum**

Hún átti engan annan kost í stöðunni en þann að fara á smábíl í eigu Ríkisspítalanna sem ætlaður var næturlæknum. Bíll þessi var lítt notaður nema þegar vitja þurfti fyrirfólks í heimahúsum ef óhapp bar að garði eða einhverri illskupest sló niður og ótækt var að viðkomandi gæti látið sjá sig á meðal óbreyttra borgara á almennum biðstofum.

Heiðin var að tilskipun lögreglu lokuð jafnvel sérbúnum bílum en Sigurborg sem gjörþekkti undirlendið eins og lófana á sér lét það ekki aftra sér og hugðist reyndar heldur fara slóðann. Hún vippaði sér því upp í litla gráa Yarisinn, skellti sírenunni upp á þakið og fór í forgangi í gegnum Breiðholtið.

Leiðin upp heiðina gekk greiðlega þrátt fyrir að skyggni væri slæmt en það kom ekki að sök.

Bíll þessi var lítt notaður nema þegar vitja þurfti fyrirfólks í heimahúsum ef óhapp bar að garði eða einhverri illskupest sló niður og ótækt var að viðkomandi gæti látið sjá sig á meðal ...

Hér var Sigurborg á heimavelli og þegar hún var komin til móts við skíðaskálann sveigði hún af þjóðvegi eitt inn á gamla gangnamannaslóðann. Hún vissi upp á hár hvar sá austurríski væri niðurkominn, hann lá samkvæmt hnitum skammt austan Stóra-Meitils, sem kom á daginn að var hárrétt reiknað.

**Tjóðraður með startköplum**

Austurríkismaðurinn ungi hafði misst meðvitund en andaði eðlilega. Hann hafði misst mikið blóð og því var ekki um annað að ræða en að setja upp hjá honum nál og gefa honum eina einingu af neyðarblóði. Þá lagði hún spelkur að báðum fótum og setti á hann hálskraga því hún óttaðist að hann hefði skaddast á hálsi.

En nú voru góð ráð dýr, hvernig átti hún að koma honum útafliggjandi til byggða? Yarisinn var aðeins tveggja dyra og hún sá að það yrði ekki vinnandi vegur að skjáskjóta drengnum inn í bílinn. Hennar eina von var að hefja drenginn upp á toppgrindina og tjóðra hann niður með startköplunum. Að reyra sjúklinga niður voru ekki starfshættir sem henni voru að skapi en hvað átti hún að gera, nauðsyn braut lög!

Sigurborg andvarpaði og nuddaði sára öxlina. Hún þakkaði forsjóninni fyrir að allt hafði gengið að óskum. Drengnum heilsaðist vel. Þrátt fyrir að hún væri ofurlítið eftir sig og aum í öxlinni lét hún það ekki aftra sér frá að ljúka bakstrinum. Hún hafði heitið þess að ef hún kæmi drengnum lifandi til byggða myndi hún baka fyrir hann ilmandi apfelstrudel. Við það ætlaði hún standa.

# Heimsókn forsætisráðherra Japans, Shinzo Abe, í Yasukuni-hof

UTANRÍKISMÁL
Tatsukuni Uchida
sendifulltrúi Japans á Íslandi



Með vísun til aðsendrar greinar sem birtist í Fréttablaðinu þann 16. janúar sl., og rituð er af sendiherra Alþýðulýðveldisins Kína á Íslandi, Ma Jisheng, langar mig að fara stuttlega yfir nokkrar staðreyndir, en í umræddri grein er hafður uppi áróður sem gæti afvegaleitt lesendur. (Áróðurinn er hluti af hnattrænni herferð Kína til að koma óorði á Japan án tillits til friðelskandi eiginleika japönsku þjóðarinnar.)

Þann 26. desember síðastliðinn heimsótti forsætisráðherra Japans, Shinzo Abe, Yasukunihofið í Tókýó til að votta virðingu og biðja fyrir sálum allra þeirra sem börðust og féllu fyrir Japan, og til að endurnýja heitið um að Japan skuli aldrei aftur heyja stríð. Í yfirlýsingu Abe sama dag gaf hann skýrt til kynna að tilgangurinn með heimsókninni var alls ekki að votta stríðsglæpamönnum virðingu né bera lof á hernaðarhyggju.

Ríkisstjórnir Japans hafa í gegnum tíðina horfst heiðarlega í augu við söguna og ítrekað tjáð djúpa iðrun og beðist einlæglega afsökunar á að hafa valdið fólki frá mörgum þjóðum, einkum í Asíu, gríðarlegu tjóni og þjáningum. Þessari afstöðu er einnig haldið fastlega uppi af ríkisstjórn Abe.

**Ekki hervaldsstefnuþjóð**

Frá stríðslokum hefur Japan verið stöðugt skuldbundið til að byggja frjálst, lýðræðislegt og löghlýðið samfélag og lagt sitt af mörkum til að stuðla að friði og velmegun í heiminum. Þessi grundvallargildi og skilningur hafa skotið djúpum rótum meðal japönsku þjóðarinnar sem hluti af sjálfsmynd hennar. Þessi afstaða helst óbreytt.

Kína nefnir stefnu Japans í öryggismálum en hún er til þess gerð að bregðast við æ sveiflukenndara ástandi öryggismála umhverfis Japan. Ríkisstjórn Abe hefur einnig skilning á ábyrgðarhlutverki sínu sem hnattrænt afl og er að innleiða stefnu sem hefur það markmiði að Japan hafi frumkvæði að því að leggja sitt af mörkum til svæðisbundins og alþjóðlegs friðar.

Niðurstaðan er sú að Japan er ekki hervaldsstefnuþjóð. Í hnotskurn eru skoðanir sem settar eru fram af kínverska sendiherranum einfaldlega í mótsögn við sögu Japans eftir stríð og þjóðareinkenni. En á sama tíma vonumst við innilega til að geta bætt samskipti okkar við Kínverja með samræðu um okkar sameiginlegu og betri framtíð Asíu og víðar. Dyrnar standa ætíð opnar af hálfu Japans, og við vonum einlæglega að Kína muni koma til samræðna.

➜ Dyrnar standa ætíð opnar af hálfu Japans, og við vonum einlæglega að Kína muni koma til samræðna.

TRAUSTIR AÐILAR
GERÐU FRÁBÆR KAUP Á NOTUÐUM BÍL FRÁ OKKUR!
BILALAND.IS
ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR


HONDA CRV
Nýskr. 05/12, ekinn 47 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 141887.
Frábært verð 4.480 þús.

HYUNDAI IX20 COMFORT
Nýskr. 09/11, ekinn 22 þús km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.890 þús.
Rnr. 120294.

VW POLO TRENDLINE
Nýskr. 11/12, ekinn 13 þús. km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.220 þús.
Rnr. 141718.

RENAULT MEGANE SPORT TOURER
Nýskr. 05/13, ekinn 33 þús km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.370 þús.
Rnr. 141895.

HYUNDAI i30 WAGON COMFORT
Nýskr. 06/11, ekinn 84 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.590 þús.
Rnr. 130837.

NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 25 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 4.340 þús.
Rnr. 141890.

NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 06/13, ekinn 22 þús. km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.050 þús.
Rnr. 141894.
bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

†

Ástkær móðir mín, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR GÍSLADÓTTIR**
**Hömrum, Mosfellsbæ,**
**áður Skúlagötu 20,**

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum 19. janúar sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.



**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gísli Sigurðsson**
**Sigríður Oddný Marinósdóttir**

---

†

Ástkær faðir okkar, afi, sonur og bróðir,

**MAGNÚS ÞÓRÐARSON**

lést miðvikudaginn 15. janúar. Útför hans fer fram frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 24. janúar kl. 14.00.



**Helga Sjöfn Magnúsdóttir** — **Jakob Sigurðsson**
**Þórður Ingi Magnússon** — **Ásdís Halldórsdóttir**
**Alma Dögg Magnúsdóttir**
**Sjöfn Ísaksdóttir** — **Þórður Magnússon**
**Haukur V. Gunnarsson** — **Ísak Þórðarson**
**Harpa Þórðardóttir** — **Ingibjörg R. Þórðardóttir**
**og barnabörn.**

---

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÍSLI JÓN HERMANNSSON**
**framkvæmdastjóri,**
**Sóltúni 2,**
**áður til heimilis í Haðarlandi 8, Rvk.,**

lést mánudaginn 13. janúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 23. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörg.



**Hjörtur Gíslason** — **María Bjarnadóttir**
**Margrét Gísladóttir** — **Sigurður Þorsteinsson**
**Hermann Gíslason** — **Ásta Finnbogadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**EINAR HELGASON**
**Grenimel 19, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 14. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 24. janúar klukkan 15.00.



**Hulda Marinósdóttir**
**Marinó Einarsson** — **Margrét S. Hansdóttir**
**Árni Vilhjálmsson**
**afabörn og langafabörn.**

---

†

Elskuleg mágkona, föðursystir og frænka,

**RAGNEY EGGERTSDÓTTIR**
**Eyja í Dal,**

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 25. janúar kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Brákarhlíðar.



**Sólveig Árnadóttir**
**Eggert M. Þórðarson** — **Júlíana Júlíusdóttir**
**Theodór Kr. Þórðarson** — **María Erla Geirsdóttir**
**Guðrún Þórðardóttir** — **Gylfi Björnsson**
**frændfólk, ættingjar og vinir.**

---

†

Elsku mamma, amma, langamma og langalangamma,

**RAGNA SIGRÍÐUR GUNNARSDÓTTIR**
**Fífuhvammi 11, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut hinn 15. janúar sl. Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 23. janúar kl. 11.00.



**Gunnar Berg Sigurjónsson** — **Sesselja Ólafsdóttir**
**Ragna Berg Gunnarsdóttir**
**Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir** — **Brynjólfur Gíslason**
**barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---

# Betri en fyrir 20 árum

## Saxófónleikarinn landsþekkti Sigurður Flosason fagnar fimmtugsafmæli sínu með tónleikum í Hörpu og útgáfu 24. geisladisks síns sem ber heitið Blátt líf.

Saxófónleikarinn Sigurður Flosason heldur upp á 50 ára afmæli sitt með hátíðartónleikum í Norðurljósasal Hörpu í kvöld klukkan 20. Í dag kemur einmitt út nýr geisladiskur með honum sem ber titilinn Blátt líf. Á honum eru ellefu lög eftir Sigurð, sem vita ekki hvort þau er djass eða blús.

Aðspurður segir Sigurður það leggjast vel í sig að verða fimmtugur en það sé samt heldur óraunverulegt. „Mér finnst ég ekkert vera á þessum aldri," segir hann. „Ég upplifi mig eins og þegar ég var tvítugur, það er enginn munur." Þetta verður í fyrsta sinn sem Sigurður heldur upp á afmælið sitt með tónleikum. „Mér finnst þetta gaman núna. Nú eigum við þetta flotta tónlistarhús og ég er alltaf að vinna í alls konar verkefnum. Mér fannst sniðugt að reyna að grípa tækifærið."

Á tónleikunum koma fram, auk Sigurðar, Hammond-orgelleikarinn Þórir Baldursson, trommuleikarinn Einar Scheving og einn af fremstu djasstónlistarmönnum Danmerkur, gítarleikarinn Jacob Fischer. Sérstakir gestir verða söngkonurnar Andrea Gylfadóttir, Kristjana Stefánsdóttir og Ragnheiður Gröndal. „Þetta eru eintómir snillingar," segir Sigurður og hlakkar mikið til.

Að tónleikunum loknum verður gestum boðið upp á drykk og að því loknu verður opinn bar með góðri tónlist. „Þetta verður vonandi skemmtilegt kvöld í heildina."

Diskurinn Blátt líf, sem kemur út á vegum Dimmu, var tekinn upp 18. júní í Stúdíó Sýrlandi í Vatnagörðum. Hafþór „Tempó" Karlsson annaðist upptöku, hljóðblöndun og hljóðjöfnun. Diskinn prýða ljósmyndir eftir Einar Fal Ingólfsson en hönnun var í höndum Sigríðar Huldu Sigurðardóttur og Vilborgar Önnu Björnsdóttur. Diskurinn er hvorki meira né minna en sá 24. sem Sigurður gefur út frá árinu 1993. „Þetta er náttúrulega bara einhver geðveiki," segir hann, spurður út í þessi miklu afköst. „Þetta er einhver ástríða sem verður að finna sér farveg. Maður verður að koma því frá sem maður gerir með góðu eða illu," bætir hann við og hlær.

*En ætli Sigurður sé betri núna en hann var árið 1993?* „Ég er miklu betri. Sem betur fer held ég að manni fari aðeins fram með árunum og reynslan gefi manni eitthvað."

freyr@frettabladid.is



**FIMMTUGUR Í DAG** Sigurður Flosason fagnar fimmtugsafmæli sínu með tónleikum og geisladiski. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---

†

Okkar ástkæri

**GUÐNI GUÐNASON**
**lögfræðingur**
**frá Eyjum 1, Kjós,**
**Hringbraut 50, Reykjavík,**



lést á hjúkrunarheimilinu Grund 15. hinn janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 24. janúar kl. 15.00.

**Aðstandendur.**

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**EVA BENEDIKTSDÓTTIR**
**frá Þverá, Öxarfirði, Aflagranda 40,**

lést á Landakotsspítala sunnudaginn 19. janúar. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 28. janúar kl. 13.00.



**Rósa Valtýsdóttir**
**Bára Valtýsdóttir** — **Ragnar Jónsson**
**Björg Valtýsdóttir** — **Kristinn Pálsson**
**Óskar Valtýsson** — **Guðbjörg Rannveig Jónsdóttir**
**Valdis Axfjörð** — **Már Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓLAFÍA SIGURÐARDÓTTIR**
**Sólheimum 22, Reykjavík,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 11. janúar sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar A-3 á Grund fyrir frábæra hjúkrun og umönnun. Þökkum sýnda samúð og hlýhug.



**Eyjólfur Bergþórsson**
**Nanna Bergþórsdóttir** — **Ólafur Kjartansson**
**Andrés Andrésson**
**Andrés Andrésson**
**Íris Andrésdóttir** — **Anna Rut Guðmundsdóttir**
**Bergþór Andrésson** — **Erla Björk Tryggvadóttir**
**Kjartan Ólafsson** — **Alicia-Rae Ólafsson**
**Berglind Ólafsdóttir** — **Björgólfur G. Guðbjörnsson**
**Jóhanna Lóa Ólafsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

---

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**VALNÝ BÁRÐARDÓTTIR**

lést á Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 17. janúar. Útför hennar fer fram frá Áskirkju í Reykjavík miðvikudaginn 29. janúar kl. 13.00.



**Helgi E. Helgason** — **Ásdís Ásmundsdóttir**
**Gísli Már Helgason**
**Gunnar Hans Helgason** — **Sigrún Þórðardóttir**
**Ásdís Stefánsdóttir**
**Sigurður Helgason** — **Anna Ólafsdóttir**
**Bárður Helgason** — **Svanhildur Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

Ástkær eiginkona mín, mamma, tengdamamma, amma, langamma, systir og mágkona,

**GUÐRÚN HALL**
**Fögrubrekku 3, Kópavogi,**



lést laugardaginn 18. janúar á Landspítalanum. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 27. janúar kl. 13.00.

**Agnar Einarsson**
**Brynhildur Agnarsdóttir** — **Sveinn Þorsteinsson**
**Erna Guðrún Agnarsdóttir** — **Þorlákur Björnsson**
**Garðar Agnarsson** — **Sigríður Pétursdóttir**
**Hjördís Hall** — **Sigurjón Stefánsson**
**Jónas Hall** — **Ólafía Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

Maðurinn minn og faðir okkar,

**THEÓDÓR DIÐRIKSSON**
**verkfræðingur,**

lést miðvikudaginn 15. janúar á Landspítalanum við Hringbraut. Útför fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Mínar innilegustu þakkir til heimahlynningar LSH.



**Edda Kristinsdóttir**
**Kristinn Theódórsson**
**Jóhanna Theódórsdóttir Plant**
**ættingjar og vinir.**



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is


# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 22. janúar 2013 | 3. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is


VIÐ KOMUM VÍÐA VIÐ!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



## FRAMLEIÐIR SKYR FYRIR 4.000 VERSLANIR Í BANDARÍKJUNUM

→ Viðtal við Sigurð Kjartan Hilmarsson, stofnanda The Icelandic Milk and Skyr Corporation.

→ Ævintýrið hófst þegar Sigurður fór að búa til skyr í íbúð sinni á Manhattan.

→ Sala á vörum fyrirtækisins skilaði um tveimur milljörðum króna á síðasta ári.

SÍÐA 4

## Komust hjá verkfallsaðgerðum

Bakkavör Group hefur náð samkomulagi við verkalýðsfélagið GMB vegna deilna sem staðið hafa um vinnutíma í flatbökuverksmiðju félagsins í Harrow í Bretlandi. Frá því er greint á vef Bakeryinfo.co.uk að stefnt hafi í verkfall 600 félagsmanna GMB, en boðað hafði verið til atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun. Vitnað er í tilkynningu Bakkavarar um málið. Áður hafði vefritið Food Manufacture greint frá því að félagið ynni með starfsfólki og fulltrúum verkalýðsfélagsins að því að tryggja að vinnutímatilskipun ESB væri fylgt. Í fyrrasumar og fram á haust höfðu verið tínd til 647 dæmi um brot á tilskipuninni. - óká

## Aflaverðmæti dregst saman

Veiðar íslenskra skipa skiluðu 130,8 milljarða króna aflaverðmæti á fyrstu tíu mánuðum ársins 2013. Veiðar á sama tímabili 2012 skiluðu 138,4 milljörðum og aflaverðmætið dróst því saman um rúmlega 7,5 milljarða króna, eða 5,5 prósent, á milli ára. Hagstofan greindi frá þessu.

Veiðar á botnfiski skiluðu tæplega 75,9 milljörðum króna, sem er samdráttur upp á 6,8 prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Verðmæti þorskafla nam 38,1 milljarði og dróst saman um 8,5 prósent frá fyrra ári. Aflaverðmæti ýsu nam 9,6 milljörðum og dróst saman um 7,2 prósent. - hg

## Leigðu yfir 5,5 milljónir mynda

Pöntunum í stafrænni vídeóleigu Vodafone, Leigunni, fjölgaði um meira en milljón milli áranna 2012 og 2013 eða sem nemur um það bil þriðjungsaukningu.

Alls voru pantanirnar á árinu fleiri en 5,5 milljónir sem jafngildir yfir 10 leigum á mínútu hverja einustu mínútu sólarhringsins, allt árið um kring. Notkunin var meiri en nokkru sinni áður á síðasta ársfjórðungi ársins.

Vinsælustu myndir ársins á Leigunni voru fjölbreyttar en vinsælastur var James Bond: Skyfall. Á eftir honum komu tvær vinsælar barnamyndir en aðeins ein íslensk mynd komst á topp tíu listann, það var gamanmyndin Ófeigur gengur aftur. - fbj



## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**10** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**2** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**3** STÖÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
FJARSKIPTI
13,6% frá áramótum

FJARSKIPTI
6,7% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
ATLANTIC AIRWAYS
-4,6% frá áramótum

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN
1,4% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 146,00 | -4,6% | 5,4% |
| Atlantic Petroleum (DKK) | 145,00 | 0,0% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 130,00 | 0,0% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 256,75 | -2,0% | 0,5% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 30,95 | 13,6% | 6,7% |
| Hagar | 43,00 | 12,0% | 5,9% |
| Icelandair Group | 19,30 | 6,0% | 0,8% |
| Marel | 134,50 | 1,1% | 0,7% |
| N1 | 18,45 | -2,4% | 0,5% |
| Nýherji | 3,65 | 0,0% | 0,0% |
| Reginn | 15,80 | 1,6% | 0,3% |
| Tryggingamiðstöðin | 31,55 | -1,6% | -1,4% |
| Vátryggingafélag Íslands | 10,66 | -1,2% | -0,5% |
| Össur | 235,00 | 2,6% | 2,2% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.303,09 | 3,5% | 1,3% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 13,25 | 0,0% | 0,0% |
| HB Grandi | 22,00 | 0,0% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 22. janúar**
- Vinnumarkaðsrannsókn | Des. 2013
- Fræðslufundur VÍB - Fjármál við starfslok

**Fimmtudagur 23. janúar**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði í desember

**Föstudagur 24. janúar**
- S&P - Lánshæfismat ríkissjóðs

**Miðvikudagur 29. janúar**
- Vinnumarkaður á 4. ársfjórðungi
- Nýskráningar og gjaldþrot | Des. 2013

**Fimmtudagur 30. janúar**
- Útungun hænsna | Des. 2013
- Kjötframleiðsla | Des. 2013
- Vísitala neysluverðs | Jan. 2014

**Föstudagur 31. janúar**
- Vöruskipti við útlönd | Jan. 2014
- Vísitala framleiðsluverðs | Des. 2013

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*




# Hærri lán minnka endurheimtur LÍN

*Í skýrslu um fjárhagslegar áhættur í rekstri LÍN kemur fram að afföll námslána aukast í réttu hlutfalli við upphæð lánanna og lengd endurgreiðslutímans. Helmingseftirgjöf felst í 7,5-10 milljóna námsláni.*

**FJÁRMÁL**
Fanney Birna Jónsdóttir | fanney@frettabladid.is



**JÓNAS FR. JÓNSSON, STJÓRNARFORMAÐUR LÍN** Segir að í skýrslunni sé dregin fram hver þróunin hefur verið og hver hún verður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Námsmönnum sem þiggja lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) hefur fjölgað töluvert frá hruni. Bæði er námstími að lengjast og fjárhæð lána að að hækka. Þetta kemur fram í skýrslu um fjárhagslegar áhættur í rekstri LÍN sem Summa Ráðgjöf slf. hefur unnið.

Í skýrslunni kemur fram að hærri námslán minnka almennt líkur á fullum endurheimtum, en afskriftir námslána og vaxtaafsláttur fela í sér verulegan opinberan stuðning við námsmenn. Samkvæmt skýrslunni er þessi stuðningur um 37 prósent fyrir heildarlánasafn sjóðsins en fer hækkandi og var um 47 prósent af útlánum ársins 2012. Þannig muni ríkið þurfa að leggja LÍN til sífellt meiri fjármuni miðað við óbreytta þróun.

„Það eru margar breytur sem líta þarf til í þessu samhengi sem þyrfti að skoða betur, til dæmis hefur námsmönnum fjölgað, nám er að lengjast, nemendur eru að koma aftur í nám og bæta við sig gráðum. Þá hefur það að einhverju leyti áhrif að krónan veiktist og lán erlendis eru að ákveðnu leyti dýrari,“ segir Jónas Fr. Jónsson, stjórnarformaður LÍN, í samtali við Fréttablaðið.

Þannig er eitt af því sem sjóðurinn stendur frammi fyrir að stúdentar ljúka námi seinna og koma sífellt eldri út á vinnumarkaðinn. Þetta er þróun sem hefur orðið vart víða, til dæmis með ýmsum tegundum náms sem hægt er að stunda samhliða vinnu. Hérlendis hafa sérstakar aðstæður síðustu árin ýtt enn frekar undir þessa þróun, þ.e. með áður óþekktu atvinnuleysi. Atvinnuleysið hefur orðið til þess að margir hafa snúið aftur til náms bæði til þess að klára grunnnám eða bæta við sig framhaldsgráðum. Þetta þýðir að með óbreyttri lengd starfsævinnar gefast sífellt færri ár til að standa undir greiðslu námslána. Að öðru óbreyttu mun það skila sér í lægri endurheimtum lána.

Í lok ársins 2012 var nafnvirði útlána LÍN 185 milljarðar króna og höfðu útlán LÍN vaxið um nærri 60 prósent frá árinu 2008. Núvirði lánanna er nokkuð lægra en nafnvirði þeirra eða um 116 milljarðar króna, sem nemur 63 prósentum nafnvirðisins. Þetta sýnir innbyggðan opinberan stuðning við námsmenn miðað við fyrirkomulag námslána.

Samkvæmt skýrslunni aukast afföll námslána í réttu hlutfalli við upphæð lánanna og lengd endurgreiðslutímans. Þannig er til dæmis áætlað að tæplega helmings eftirgjöf felist í námsláni á bilinu 7,5 til 10 milljónir króna.

Heildarlán námsmanna sem skulda undir 5 milljónum króna hafa lítið breyst síðustu fimm ár. Hins vegar hefur mikil aukning orðið í lánum yfir 7,5 milljónum. Ef horft er til lána yfir 7,5 milljónum þar sem endurgreiðslur eru ekki hafnar þá hefur fjárhæð þeirra fimmfaldast á síðustu fimm árum, það er úr 5 milljörðum í 26 milljarða. Heildarfjárhæð námslána yfir 7,5 milljónum er um 63 milljarðar.

Jónas segir skýrsluna meðal annars hafa þann tilgang að fá hlutlaust mat á áhættum sjóðsins til að hægt sé að meta hvaða ríkisframlag þarf að koma til sjóðsins á komandi árum.

„Þarna er líka verið að reyna að draga fram hver þróunin hefur verið og hver hún verður. Þannig vita menn hver staðan er og hvert stefnir,“ segir Jónas að lokum.

fanney@frettabladid.is




Sex lítra Macallan slegin á tæpar 73 milljónir króna:

# Metverð fékkst fyrir viskíflösku á uppboði

Dýrasta viskíflaska sem slegin hefur verið á uppboði var seld hjá Sotheby's í Hong Kong fyrir helgi. Um er að ræða sex lítra kristalsflösku af skoska einmöltungsviskíinu Macallan „M“ Decanter Imperiale. Flaskan var seld fyrir 4,9 milljónir Hong Kong-dollara (HKD) eða sem svarar rúmlega 72,8 milljónum króna.

Í umfjöllun danska viðskiptaritsins Børsen er verðið sagt endurspegla mjög mikla eftirspurn í Asíu eftir mjög góðu viskíi, en þar eru veigarnar í flokki með fjárfestingarkostum á borð við rándýr vín og fasteignir. „Þegar fjárfest er í viskíi snúast viðskiptin um gæði og fágæti varningsins. Í þessu tilviki Macallan er um að ræða sérhannaða flösku frá franska glerframleiðandanum Lalique og það ýtir undir betra verð,“ er haft eftir Robert Sleigh, yfirmanni vínsöludeildar Sotheby's í Hong Kong.

Fyrra uppboðsmet fyrir viskíflösku hljóðaði upp á sem svarar rúmum 53,3 milljónum króna, en það var einnig fyrir flösku frá Macallan.

Børsen bendir á að þó að um háar upphæðir sé að ræða þá sé þetta langt frá því að vera hæsta verð sem greitt hefur verið fyrir viskíflösku. Bent er á að viskíið Isabella's Islay í sérhannaðri kristalskaröflu settri hvítagulli auk 8.500 demanta og 300 rúbína hafi verið seld á 6,2 milljónir Bandaríkjadala, eða sem svarar rúmum 719 milljónum króna. - óká



**JÓNAS FR. JÓNSSON STJÓRNARFORMAÐUR LÍN** Segir að í skýrslunni sé dregin fram hver þróunin hefur verið og hver hún verður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# STYRKTU STÖÐU ÞÍNA

## NÁMSKEIÐ Á VORMISSERI Á SVIÐI STJÓRNUNAR OG FJÁRMÁLA

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
hefst 27. janúar

Hvatning og starfsánægja – áhrif stjórnenda
Uppselt - biðlisti

Mannauðsstjórnun - vinnustofa
skráningarfrestur til 24. janúar

Samningatækni
skráningafrestur til 28. janúar

Stefnumótun í opinberri stjórnsýslu
skráningafrestur til 6. febrúar

Árangursstjórnun og árangursmælikvarðar
skráningafrestur til 10. febrúar

Rekstur og viðhald á gæðastjórnunarkerfum
skráningafrestur til 18. febrúar

Managing Yourself and Leading Others
skráningafrestur til 19. febrúar

Frammistöðusamtal - frammistöðumat
skráningafrestur til 24. febrúar

Inngangur að greiningu ferla og ferlastjórnun
skráningafrestur til 24. febrúar

Stjórnun og leiðtogahæfni – í anda þjónandi forystu
skráningafrestur til 27. febrúar

Stefnumótun, vald- og verkefnadreifing
skráningafrestur til 3. mars

Arðsemi í mannauðsstjórnun
skráningafrestur til 5. mars

Hugmynda- og aðferðarfræði gæða- og straumlínustjórnunar
skráningafrestur til 12. mars

Umbótastarf með aðferðum gæða- og straumlínustjórnunar
skráningafrestur til 13. mars

Grunnatriði stjórnarsetu– hagnýtt námskeið fyrir nýja og verðandi stjórnarmenn fyrirtækja
skráningafrestur til 17. mars

Fjarvistastjórnun:
Áhrif veikindafjarvista á vinnustað og aðgerðir til úrbóta
skráningafrestur til 26. mars

Jákvæð forysta – hamingja, styrkleikar og markmið
skráningafrestur til 22. apríl

Grunnatriði atferlisgreiningar og lögmál hegðunar
skráningafrestur til 28. apríl

Hagnýtur samkeppnisréttur fyrir stjórnendur
skráningafrestur til 29. apríl

Viðbrögð stjórnenda og samfylgd í kjölfar áfalla í starfsmannahópum
skráningafrestur til 30. apríl

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Lestur ársreikninga
hefst 27. janúar

Excel I
skráningarfrestur til 23. janúar

Verktaki eða launþegi
skráningarfrestur til 24. janúar

Excel II
skráningarfrestur til 4. febrúar

Gerð rekstrarreiknings og framtal til skatts
skráningarfrestur til 7. febrúar

Greining ársreikninga
skráningarfrestur til 10. febrúar

Virðismat fyrirtækja
skráningarfrestur til 13. febrúar

Excel PowerPivot
skráningarfrestur til 4. mars

Gerð rekstraráætlana
skráningarfrestur til 6. mars

Sjóðstreymi – vanmetnasti kafli ársreikningsins
skráningarfrestur til 6. mars

Arðsemismat verkefna – reiknilíkön í Excel
skráningarfrestur til 10. mars

Excel fyrir bókara
skráningarfrestur til 26. mars

Innskattur: Uppgjör og skil virðisaukaskatts
skráningarfrestur til 27. mars

Gerð viðskiptaáætlana
skráningarfrestur til 3. apríl

## AUKUM ÞEKKINGU OG HÆFNI STARFSMANNA - TILBOÐ TIL FYRIRTÆKJA OG STOFNANA

Veittur er stigvaxandi afsláttur ef þrír eða fleiri starfsmenn sækja sama námskeiðið.

**3 starfsmenn: 10% afsláttur af heildarreikningi**
**4 starfsmenn: 15% afsláttur af heildarreikningi**
**5 starfsmenn eða fleiri: 20% afsláttur af heildarreikningi – eða fimmti starfsmaðurinn frír!**

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Tók skyrið fram yfir Wall Street

***Vörur The Icelandic Milk and Skyr Corporation, fyrirtækis sem Sigurður Kjartan Hilmarsson stofnaði árið 2006, eru nú fáanlegar í um fjögur þúsund verslunum í Bandaríkjunum. Ævintýrið hófst þegar Sigurður fór að búa til skyr í íbúð sinni á Manhattan. Sala á vörum fyrirtækisins skilaði um tveimur milljörðum króna á síðasta ári.***



**VIÐTAL**
**Haraldur Guðmundsson**
haraldur@frettabladid.is

Sigurður Kjartan Hilmarsson, 37 ára Íslendingur sem hefur búið á Manhattan frá árinu 2002, er stofnandi og einn af eigendum bandaríska mjólkurframleiðandans The Icelandic Milk and Skyr Corporation. Vörur fyrirtækisins eru fáanlegar í um fjögur þúsund verslunum í Bandaríkjunum og sala á þeim skilaði um sautján milljónum dala á síðasta ári, tæpum tveimur milljörðum íslenskra króna. Vinsælasta vörutegundin, Siggi's skyr, er byggð á íslenskri uppskrift og er fáanleg í ellefu bragðtegundum.

**Uppskriftin föxuð frá Íslandi**

„Þetta byrjaði sem áhugamál árið 2004 þegar ég fór að búa til skyr í íbúðinni minni í Tribeca-hverfinu á Manhattan. Ég hef gaman af matargerð en hafði þá aldrei unnið neitt af viti í matvælabransanum. Ég fékk mömmu til að faxa mér uppskrift að skyri sem hún fann í eintaki af blaði sem hét 19. júní og er frá árinu 1963,“ segir Sigurður.

Á þeim tíma hafði hann búið í borginni í tvö ár og stundað MBA-nám við Columbia-háskóla.

„Skyrgerðin gekk hálf brösuglega í upphafi en svo náði maður einhverjum tökum á þessu. Þá hafði ég útskrifast úr skólanum og var ekkert sérlega spenntur fyrir því sem ég var að gera,“ segir Sigurður, en hann starfaði við fyrirtækjaráðgjöf hjá Deloitte Consulting á Wall Street.

„Það átti ekki vel við mig að vera hjá stórfyrirtæki og á sama tíma var þetta áhugamál orðið helvíti skemmtilegt.“

Þegar Sigurður náði góðum tökum á framleiðsluaðferðunum, og skyrið fór að bragðast eins og það átti að gera, leyfði hann bandarískri vinkonu sinni sem starfaði í þekktri ostabúð í borginni að smakka framleiðsluna.

„Þegar hún hafði smakkað skyrið þá höfðu eigendur búðarinnar samband og vildu kaupa af mér. Á sama tíma sögðu nokkrir vinir og ættingjar að þeir myndu fjárfesta í hugmyndinni ef ég stofnaði fyrirtæki. Þar var um að ræða bæði Íslendinga sem voru og eru búsettir í New York og aðra, eins og til dæmis prófessor við Columbia sem hafði kennt mér. Ég var ungur og kannski vitlaus en ég bara kýldi á þetta og hætti í vinnunni nokkrum mánuðum seinna og stofnaði fyrirtækið.“

**Fyrirtækið stækkaði hratt**

Sigurður stofnaði fyrirtækið árið 2006 og þá þurfti hann að finna hentugt mjólkurbú til að koma framleiðslunni á næsta stig. Eftir nokkra leit fann hann hentugt bú í uppsveitum New York þar sem hann gat leigt laust pláss.

„Við byrjuðum á að búa skyrið til á gamla mátann og gátum þá bara framleitt hundrað til tvö hundruð dollur á viku. Sumarið 2006 byrjaði ég síðan að selja vöruna á útimarkaði og í þessum tveimur ostabúðum á Manhattan. Árið 2007 vorum við komin inn í fimmtán til tuttugu búðir á Manhattan og í Brooklyn. Þá hafði bandaríska matvælakeðjan Whole Foods samband og bað okkur um að framleiða fyrir verslanir keðjunnar á austurströnd Bandaríkjanna. Það er mjög stór viðskiptavinur og við vorum enn með hálfgerðan kotbúskap og þurftum því að stækka mjög hratt.“

Ýmis vandamál fylgdu þessum uppgangi. Mjólkurbúið var til dæmis ekki tilbúið fyrir þá framleiðsluaukningu sem fylgdi samningnum við Whole Foods og því neyddist Sigurður til að loka henni í þrjá mánuði vegna breytinga. Þá datt framleiðslan niður og fyrirtækið missti marga viðskiptavini.

„Þetta er hark, eins og allur annar rekstur, en við opnuðum aftur og framleiðslan fór aftur af stað.“

**Emmi Group keypti fjórðungshlut**

Fyrirtækið framleiðir í dag skyr og jógúrt fyrir 3.500 til 4.000 verslanir í Bandaríkjunum. Flestar verslanirnar einblína á lífrænar vörur og náttúruvörur og Whole Foods er enn stærsti viðskiptavinurinn.

„Svo erum við í annarri stórri verslunarkeðju sem heitir Safeway, en þar erum við eingöngu í þeim verslunum sem selja lífrænar vörur og heilsuvörur.“

Í desember var tilkynnt að svissneski mjólkurframleiðandinn Emmi Group hefði eignast fjórðungshlut í fyrirtæki Sigurðar. Kaupverðið var ekki gefið upp en í fréttatilkynningu Emmi Group kom fram að sala á vörum Sigurðar ætti að öllum líkindum eftir að skila sautján milljónum Bandaríkjadala á árinu 2013.

„Þessi kaup Emmi breyta ekki miklu því fyrirtækið á mjólkurbúið sem við framleiðum nú í og það tekur engan virkan þátt í daglegum rekstri.“

Spurður um upphæðina segir Sigurður að endanlegar sölutölur liggi ekki enn fyrir.

„Þetta er einhver tala sem er kannski stór á íslenskan mælikvarða en í stærstu kúnnunum okkar, og þar sem okkur gengur hvað best, erum við með innan við eitt prósent af veltunni í jógúrtsölu,“ segir Sigurður.

**Ekki á leiðinni heim**

Í dag starfa um fimmtán manns hjá Sigurði. Um áttatíu starfsmenn Emmi Group vinna síðan á mjólkurbúinu.

„Framleiðslan er í gangi sex daga vikunnar. Við tökum inn mjólk frá bændum hér í New York og skiljum að mjólk og rjóma og búum til skyr úr undanrennunni og seljum svo rjómann því við notum ekki mikið af honum.“

Emmi Group er að sögn Sigurðar eini stóri fagfjárfestirinn sem á hlut í fyrirtækinu. Hin 75 prósentin eru enn í eigu Sigurðar og ættingja hans, vina og aðila sem þeim tengjast.

„Það var einn tiltekinn sjóður sem fjárfesti í fyrirtækinu fyrir nokkrum árum en Emmi keypti hann út. Margir af hinum fjárfestunum hafa fylgt mér lengi og það þarf þolinmóð bein til að standa í þessu.“

Sigurður vonar að fyrirtækið haldi áfram að vaxa á þessu ári og hann nefnir í því sambandi hversu mikilvægt það sé að fyrirtækið haldi áfram að selja vörur sem innihalda lítinn sykur.

„Það er minni sykur í okkar vörum en í öðru jógúrti hér úti. Þegar ég fór af stað þá var það mikið til út af því að það var svo rosalega mikill sykur í flestum mat, þar með talið jógúrti, en sá markaður hefur verið að vaxa alveg gífurlega síðustu tólf ár. Þessi ákvörðun okkar um lítið sykurmagn hefur hlotið góðan hljómgrunn og við eigum alveg ótrúlega dyggan hóp viðskiptavina.“

Sigurður segist kunna vel við sig í New York og hann er ekki á leiðinni heim.

„Ég var á Íslandi um jólin og kem heim á sumrin til að fara í fjallgöngur og svoleiðis. En ég verð áfram hér í New York og á meðan reyni ég að borða eins mikið og ég get af þessu gamla íslenska fæði. Sem dæmi þá borðaði ég íslenskan þorsk í gærkvöldi sem ég keypti í Whole Foods. Ef ég fengi að ráða myndi ég borða fisk og kartöflur fimm sinnum í viku.“



**BÝR Í NEW YORK** Sigurður byrjaði á því að fá móður sína til að senda sér gamla íslenska uppskrift að skyri. Boltinn fór að rúlla þegar eigendur þekktrar ostabúðar á Manhattan ákváðu að selja skyrið og nú er það fáanlegt í ellefu bragðtegundum.




> Við byrjuðum á að búa skyrið til á gamla mátann og gátum þá bara framleitt hundrað til tvö hundruð dollur á viku. Sumarið 2006 byrjaði ég síðan að selja vöruna á útimarkaði og í þessum tveimur ostabúðum á Manhattan.

## STRÖND SEM MÆLT ER MEÐ

**Trip Advisor mælir með spennandi strönd á pínulítilli eyju, Lampedusa, en hún liggur á milli Möltu og Túnis, ekki langt frá syðsta hluta Ítalíu. Hægt er að fljúga þangað frá Ítalíu eða taka ferju frá Sikiley. Lampedusa er með einstakar hvítar strendur og grænbláan tæran sjó þar sem gaman er að kafa.**



**EITTHVAÐ FYRIR ALLA** Fjölbreytt úrval er í boði á Sjávarbarnum.

**2 FYRIR 1**

Af Kjúklinga- og sjávarréttahlaðborði á kvöldin til 15. mars gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.990 kr. fyrir tvo. Ath! Aðeins á kvöldin.
***sjavarbarinn.is***
***s: 517 3131***

# GLÆSILEGT HLAÐBORÐ

**SJÁVARBARINN KYNNIR** *Spennandi kjúklingaréttir hafa bæst við sjávarréttina á hlaðborðinu vinsæla á Sjávarbarnum við Grandagarð.*

Aðalsmerki Sjávarbarsins frá upphafi hefur verið sjávarréttahlaðborð bæði í hádeginu og á kvöldin. Frá og með deginum í dag tekur það umtalsverðum breytingum þegar fjölmargir spennandi kjúklingaréttir bætast við fiskinn.

„Ég prófaði mörg sambærileg hlaðborð í Bandaríkjunum í haust og síðan höfum við verið að þróa fjölbreytta kjúklingarétti,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Við róterum réttunum milli daga og höfum þá fjölbreytta. Sem dæmi má nefna djúpsteikta kjúklingabita, sterkkryddaða kjúklingastrimla, teriyaki-kjúkling og carbonara-kjúkling.“ Meðlætið hljómar ekki síður vel, eins og kartöflumús með beikoni, blaðlauk og steinselju, djúpsteiktir kartöflubátar, ekta gravy, maís og svo má lengi telja. Sjávarréttirnir munu áfram hafa sinn sess. „Á hlaðborðinu verða alltaf fiskibollur, plokkfiskur og djúpsteikt ýsa. Þetta hafa verið vinsælustu réttirnir. Svo verðum við alltaf með ofnbakaðan fiskrétt dagsins. Salatbarinn verður líka á sínum stað með alls konar grænmeti, fersku salati, sósum og brauði. Innifalið í forrétti er svo sjávarréttasúpa dagsins.“

Verðið á hlaðborðinu er aðeins 1.600 í hádeginu og kynningarverð á kvöldin fram til 1. júní er 1.990 kr.

Sérréttaseðill Sjávarbarsins er líka girnilegur en hann og margt fleira er að finna á vef staðarins, sjavarbarinn.is.



**KJÚKLINGARÉTTIR** Nú býður Sjávarbarinn líka upp á úrval kjúklingarétta, þ. á m. ljúffenga BBQ-kjúklingavængi og úrval af góðu meðlæti. MYND/K. MAACK

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Nýjar vörur í hverri viku
Vertu einstök, eins og þú ert



My Style tískuhús
stærðir 38-52
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464

Meiri verðlækkun! yoek



Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

Hreinsandi hefur fullkomin tæki og efni til djúphreinsunar, sótthreinsunar og þurrkunar. Við vinnum á slæmum blettum og húsgögnin hreinlega ljóma!

Hreinsandi sérhæfir sig í :
- Myglugró
- Djúphreinsun
- Lyktareyðingu
- Sótthreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.



Hreinsandi fyrir alla muni
Hreinsandi notar efni frá kemi
Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is










HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára




**BETRA LÍF** Hörpu Ingólfsdóttur og Aðalbjörgu Guðgeirsdóttur er hjartans mál að fatlaðir geti ferðast til jafns við aðra með góðu aðgengi um land allt. MYND/GVA

# ÓÞÆGILEG ÓVISSA

**FERÐALÖG** *Aðalbjörg Guðgeirsdóttir hefur verið í hjólastól undanfarin 27 ár. Hún þekkir af eigin raun hversu erfitt er að vera fatlaður ferðalangur.*

Það er óþægileg óvissa að fara á flakk þegar maður veit ekki hvað bíður manns á áfangastað. Það dregur úr fötluðum að ferðast og þeir halda sig frekar heima en að ana út í óvissuna," segir Aðalbjörg Guðgeirsdóttir sem slasaðist í alvarlegu bílslysi við Kúagerði í desember 1986 og hefur sjálf reynslu af því að ferðast upp á von og óvon í hjólastól.

„Þeir sem eru í hjólastólum þurfa að skipuleggja ferðalög sín út frá því hvar þeir komast á klósett. Það er ekki sjálfgefið við þjóðveginn né í ferðaþjónustu almennt. Því er mikilvægt að fatlaðir geti gengið að traustum upplýsingum um aðgengi fatlaðra á ferðalögum," segir Aðalbjörg, sem útskrifaðist úr Ferðamálaskóla Kópavogs í fyrravor.

Á námstímanum hlaut Aðalbjörg námsstyrk úr Minningarsjóði Jóhanns Péturs Sveinssonar en Jóhann Pétur var eiginmaður Hörpu Ingólfsdóttur, eiganda Aðgengis, sem veitir ráðgjöf, gerir úttektir og skýrslur um ferlimál innandyra sem utan.

„Eftir útskrift réð Harpa mig til að vinna með sér að Góðu aðgengi (e. Access Iceland) þar sem skráðar eru upplýsingar og úttektir um aðgengi fatlaðra í ferðaþjónustu hérlendis. Gagnaveitan er hvatning fyrir fatlaða að ferðast meira og við hvetjum aðila í ferðaþjónustu til að skrá starfsemi sína og aðgengismál á Gottadgengi.is. Þangað geta fatlaðir sótt upplýsingar um áfangastaði ásamt því að skoða kortavef sem sýnir aðgengi, bílastæði og fleira fyrir fatlaða í Reykjavík og um land allt."

**KLÓSETTDYR OPNIST ÚT EN EKKI INN**

Kortavefur Góðs aðgengis, www.access.is, er unninn í samstarfi við Borgarmynd. Vonir standa til að God Adgang í Danmörku taki þátt í kortavefnum og á leitarvél Gottadgengi.is er hægt að finna íslenskar upplýsingar um skráða staði í Danmörku.

„Hópur fatlaðra fer því miður stækkandi og auk þess sem fatlaðir Íslendingar eru farnir að ferðast æ meira hér heima og að heiman, sækja fatlaðir að utan í sífellt meiri mæli til Íslands og þurfa líka á aðstöðu fatlaðra að halda. Nú þegar geta Danir, Svíar og Möltubúar farið inn á vefinn og fundið ákjósanlega áfangastaði hérlendis og sé aðstaðan góð fyrir fatlaða hér er aðstaðan góð fyrir alla því allir geta notað okkar aðstöðu en við ekki þeirra."

Aðalbjörg segir reglur um aðgengi fatlaðra geta virst íþyngjandi fyrir ferðaþjónustuaðila sem þurfa að bæta aðgengi en að vel sé hægt að breyta ýmsu til batnaðar á einfaldan hátt.

„Við brýnum fyrir okkar aðilum að „ekki gera ekki neitt" því mýmargt má bæta með lítilli fyrirhöfn og tilkostnaði. Dæmi um slíkt er að setja ramp yfir tröppur og láta salernisdyr opnast út í stað þess að opnast inn. Þá er hægt að komast inn á hjólastól og fara á klósett þótt plássið sé ekki í ákjósanlegustu stærð."

**BENSÍNSTÖÐVAR MIKILVÆGAR FÖTLUÐUM**

Á Gottadgengi.is eru úttektir sem gagnast sjö flokkum fötlunar. Öryrkjabandalag Íslands hefur samþykkt gagnagrunninn og gera samræmd viðmið ÖBÍ og Access Iceland úttektirnar áreiðanlegar og traustar.

„Viðmið eru ströng og úttektir nákvæmar. Þannig er hægt að lesa nákvæmt í aðstæður; hvort á staðnum séu tröppur, malarplan og annað. Því miður er ekki alltaf allt sem sýnist þegar fatlaðir hyggja á ferðalög og algengt ytra að fyrirtæki í ferðaþjónustu taki hjólastólamerkið ófrjálsri hendi af Google og setji á vefsíður sínar án eftirlits."

Um áramótin tengdist Access Iceland gæðakerfi Vakans og nú geta ferðaþjónustuaðilar í Vakanum fengið auka punkta út á gott aðgengi séu þeir skráðir í Access Iceland.

„Allir græða á að góðu aðgengi fatlaðra og ég trúi því að ferðaþjónustuaðilar vilji taka jafn vel á móti öllum. Ákall okkar til ferðaþjónustuaðila nú er að þeir skrái sig á Gottadgengi.is og komi enn betur til móts við fatlaða. Þá er brýnt að fá bensínstöðvar um land allt í lið með fötluðum því á löngu ferðalagi geta þeir einfaldlega ekki haldið í sér og þurfa tafarlaust á klósett. Því er ósk okkar að N1, Olís og Skeljungur skrái þjónustu sína fyrir fatlaða, aðgengi að salernum, mat og þjónustu, því fatlaðir kaupa líka bensín og vilja skoða land sitt eins og aðrir."

Aðalbjörg verður sorgmædd þegar hún heyrir mótmæli gegn byggingarreglugerðum um aðgengi á forsendum kostnaðar. „Þá er eins og fatlaðir skipti engu máli og það sé óþarfi að við komumst að. Það skerðir lífsgæði fatlaðra enn frekar. Við gerum okkur grein fyrir að við komumst ekki allt en gætum samt gert og farið meira ef allir hjálpuðu til við að gera umhverfið þannig."

■ thordis@365.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Veiðivörur.is

Síðumúli 37
581-2121

Reykjavík • Akureyri

Hafnarstræti 99
462-1977

Opið Mánudaga til Föstudaga frá 10 til 18 og Laugardaga frá 10 til 16

# Stór útsala 20-70% afsláttur

Útsalan okkar er líka á netinu — Vaxtalaus kortalán til 6mán

Til í kvenna-stærðum




| WILLIAM JOSEPH | NORFIN | VISION | A.Jensen | SALMO | ZEBCO Let's go fishing. |
|---|---|---|---|---|---|
| 35% afsláttur | 40% afsláttur | 35% afsláttur | 35% afsláttur | 40% afsláttur | 35% afsláttur |

# EINANGRUN Á FALLEGRI EYJU

**EYJAHOPP** *Í myrkri skammdegisins er gott að láta sig dreyma um fjarlæga staði. Eyjar eru margar hverjar framandi og freistandi.*

Þar sem Íslendingar eru eyjarskeggjar sjálfir ættu þeir að vera manna áhugasamastir um ferðir til framandi eyja. Eyjar eru oft góðir áfangastaðir fyrir þá sem vilja vera utan alfaraleiðar en að sama skapi upplifa eitthvað framandi og skemmtilegt.

Eyjarnar sem hér er fjallað um eiga ekkert sérstakt sameiginlegt annað en það að vera spennandi áfangastaðir og gaman að láta sig dreyma um að fara í frí til þessara eyja þegar dimmt er og kalt á eynni okkar.

**KOH RONG**
Kambódísku eyjarnar í túrkísbláu hafi Taílandsflóa eru margar hverjar óspilltar af manna völdum. Koh Rong hefur enga vegi eða hraðbanka og rafmagnið er aðeins á hluta úr sólarhringnum en það sem vantar upp á í nútímaþægindum bætir eyjan upp með mikilli náttúrufegurð. Þróunin lúrir þó handan við hornið þannig að þeir sem vilja komast í upprunalegt og rólegt andrúmsloftið sem ríkir þar núna ættu að hafa hraðan á áður en eyjan verður túristavædd og gerð að einhvers konar lúxusdvalarstað.

**SARDINÍA**
Ítalía og Sikiley eru þekktir áfangastaðir fagurkera og listunnenda. Í næsta nágrenni er eyjan Sardinía sem er ekki síðri staður til að heimsækja þrátt fyrir að vera ólík meginlandinu. Eyjan er litrík og kringum hana er tærasti hluti Miðjarðarhafsins. Þar er tilvalið að stunda köfun og skoða rómverskar rústir og ekki skemmir fyrir að eyjarskeggjar geta státað af einni bestu matargerðarlist Suður-Evrópu.

**HVAR**
Undan ströndum Króatíu liggur fjöldi eyja sem eru allt frá því að vera pínulitlar og óbyggðar til þess að vera mjög stórar og byggðar fornum bæjum og þorpum. Hvar er íburðarmest eyjanna og er jafnframt sólríkasti staður landsins (2.724 sólarstundir á ári). Eyjan er fræg fyrir frjósemi og þar eru stórir akrar lofnarblóma, rósmaríns og fleiri kryddjurta. Miðbær Hvar er einn vinsælasti ferðamannastaður Adríahafsins og er straumurinn einnig að aukast til hinna bæjanna tveggja á eynni, Stari Grad og Jelsa.

**TRISTAN DA CUNHA**
Ef fólk vill komast í frið og ró ætti það að íhuga að fara til Tristan da Cunha sem liggur sunnarlega í Atlantshafinu. Eyjan er afskaplega einangruð og hefur verið kölluð „afskekktasta byggða eyja í heimi“, enda liggur hún 2.400 kílómetra frá næsta byggða bóli og aðeins hægt að komast þangað með báti. Þar er enginn flugvöllur, engin wi-fi-tenging og hvergi hægt að kaupa sér latte-bolla.

Stór hluti ástæðunnar fyrir því að ferðast til Tristan er að þar má komast aftur í tímann. Þar eru aðeins tvær sjónvarpsstöðvar og aðeins er hægt að ferðast um hluta eyjarinnar á bíl. Þó liggur aðalvandamálið ekki í að komast um eyna heldur að komast til hennar. Eyjan er á bresku yfirráðasvæði en þaðan er einungis hægt að komast frá Höfðaborg í Suður-Afríku. Ferðin þangað tekur sex daga og er 2.800 kílómetra löng.

*Heimild: lonelyplanet.com*



**HVAR** Eyjan hvar er undan ströndum Króatíu.



**SARDINÍA**
Sardinía er litrík og fögur eyja.



**KOH RONG**
Gaman er að sigla um kambódísku eyjarnar á báti.

MYND/GETTY




ÚTSÖLULOK

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

Afgreiðslutími í verslun okkar að Nóatúni 17
Alla virka daga frá kl: 12-18
Laugardaga frá kl: 12-16

Curvy.is
Sími 581-1552
Nóatún 17 , 105 RVK
www.curvy.is


# HEITT Í KROPPINN Á VETRARFERÐUM

*Næringarríkt nesti er nauðsynlegt í krefjandi útivist yfir vetrartímann. Heit súpa er handhæg á brúsa.*

Heita súpu er gott að hafa með í nesti í langa göngutúra og fjallgöngur á köldum vetrardögum. Tilbúnar bollasúpur eru handhægar en ekki að sama skapi næringarríkar. Með smá fyrirhyggju má útbúa matarmikla súpu frá grunni og hafa með á brúsa. Súpuna má elda kvöldið áður og hita upp rétt áður en farið er af stað.

**RJÓMALÖGUÐ PAPRIKUSÚPA**

2 msk. smjör
4 rauðar paprikur saxaðar
1 laukur saxaður
4 hvítlauksgeirar saxaðir
8 dl kjúklingasoð
1/2 bolli rjómi
1/8 tsk. svartur pipar

Bræðið smjörið í stórum potti á vægum hita. Hellið paprikunni, lauk og hvítlauk í pottinn og látið malla og linast í 5 til 10 mínútur. Hellið kjúklingasoðinu út í og hrærið vel. (Kjúklingasoð má útbúa með súputeningi og vatni.) Lækkið hitann og látið malla hægt í 30 mínútur. Hellið þá öllu í blandara og mixið þar til súpan er orðin silkimjúk. Hellið henni þá í gegnum sigti og svo aftur í pottinn. Bætið rjómanum út í og piparnum og hitið á vægum hita í 5 til 10 mínútur.

Hellið súpunni í hitabrúsa úr stáli og leggið af stað.

Uppskriftin er fengin af www.allrecipes.com



Auðvelt er að útbúa súpuna daginn áður og hita upp áður en lagt er af stað.

BÍLALIND.is



Hummer H-3 3500 01/2006 Ek. 107 þkm, sjálfsk, krókur, Mjög gott útlit. Verð 2.980 þús, Raðnr. 151152 Tilboð 2.290 þús



Nissan Almera 1800 07/2003 Ek. 145 þkm, sjálfskiptur. Verð 600 þús, Raðnr. 410447 Tilboð 390 þús



Nissan Primera Acenta 1800 06/2005 Ek. 159 þkm, sjálfsk, ný vetrardekk, vel búinn og fallegur bíll. Verð 990 þús, Raðnr 400235 Tilboð 790 þús



Kia Ceed EX 1600 Diesel 09/2008 Ek. 37 þkm, sjálfsk, heilsársdekk. Verð 2.290 þús, Raðnr. 410756 Tilboð 1.990 þús



Subaru Forester 2000 01/2010 Ek. 97 þkm, sjálfsk, 4x4, Verð 3.400 þús, Raðnr. 150792 Tilboð 2.790 þús



MMC Pajero Sport 3000 Árg. 2002 Ek. 170 þkm, sjálfsk, krókur, heilsársdekk. Verð 900 þús, Raðnr. 400310 Tilboð 590 þús



KIA SORENTO EX 2500 Classic Diesel 12/2010, ek 59 þkm, 5 gíra. Verð 4.400 þús, Raðnr. 400312 Tilboð 3690 þús



KIA SPORTAGE 2000 Diesel, 03/2006 Ek. 163 þkm, 6 gíra, krókur. Verð 1390 þús. Raðnr. 400311



M. Benz B-180 NGT METAN 12/2010 Ek. 111 þkm, sjálfsk. Verð 3.290 þús, Raðnr. 400313



HYUNDAI I30 1600 Comfort árg 2008 Ek. 123 þkm, sjálfsk, ný vetrardekk, Nýsk. 2015, Verð 1.700 þús. Rnr.151156 Tilboð 1.390 þús



OPEL ASTRA 1600 Enjoy 04/2008, Ek. 122 Þkm, sjálfsk, vetrardekk, Nýsk. 2015, Verð 1.650 þús Rnr.400302 Tilboð 1.390 þús

BÍLALIND.is



KIA SPORTAGE 2000 DIESEL 01/2005 Ek. 164 þkm, sjálfsk, krókur. Verð 1.650 þús, Raðnr. 151237 Tilboð 1.290 þús

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**www.bilalind.is**

NETBÍLAR www.netbilar.is



TOYOTA Corolla 1,4 vvti. Árgerð 2005, ekinn 143 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 880.000. Rnr.109505. Netbílar.is 5885300 Bíllinn er á staðnum



MAZDA Tribute i 4wd. Árgerð 2005, ekinn 100 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verðtilboð 1090 stgr. Rnr.105658. Netbílar.is 5885300 Bíllinn er á staðnum



SKODA Octavia. Árgerð 1999, ekinn 183 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 380.000. Rnr.109922. netbilar.is 5885300 Bíllinn er á staðnum

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



BMW 320 s/d e90 sjálfsk.. Árgerð 2005, ekinn 150 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.990682.



CHRYSLER Town - country. Árgerð 2007, ekinn 85 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.990604



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 45 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.990691. 6.5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ Ml 320 cdi. Árgerð 2008, ekinn 109 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.210262

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

## Bílar til sölu




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000



**TIL SÖLU**

Citroen C-Zero rafmagnsbíll árgerð 6/2011. Ekinn 29.600 km. Verð 2.600.000.- (kostaði nýr 3.890.000). Drægni á hleðslu allt að 130 km. Uppl í síma 660 0230 Magnús

## 500-999 þús.



**FLOTTUR SPARIBAUKUR!**

VW POLO 1,2 árg ,03 ek. 153 þús, 5 d, bs, tímakeðja, ALGJÖR SPARIBAUKUR! fallegur og vel með farinn bíll ásett verð 620 þús TILBOÐ 520 ÞÚS möguleiki á 100% láni visa/euro s.841 8955

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA**
**0-300 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**!!! STAÐGREIÐI ÓDÝRA BÍLA !!!**

98-05"árg. á allt að 250þúsund.. Vantar þig pening STRAX ? eða þarfnast bíllinn þinn lagfæringa og þú vilt losa þig við hann STRAX ? S. 777-3077 eða sendu sms.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815**
**eða sendu sms.**

## Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Lyftarar



Til sölu BT RRE200 lyftari. Árg. 2003. Lyftigeta 2.000kg. Lyftihæð 5,7m. Hliðarfærsla. Fingurstýrð stjórntæki. Lokað ökumannshús. Öflug miðstöð. Verð 890.000kr. Kraftvélar ehf. Sími 535-3500 - www.kraftvelar.is

## Hjólbarðar




## Varahlutir

**ÓDÝRIR BÍLAVARAHLUTIR.**

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.




**FELGUR**

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

**EIGUM VARAHLUTI Í ÞESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.**

Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi. Hyundai Accent-Trajet, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bilarogpartar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI**
**S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

25% vetrarafsláttur af öllum mælingum. Frítt verðtilboð. S. 778 0100.

**MÁLARAMEISTARI**

Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908-6116**

Ástir, fjármál & heilsa.

## styrkir

# Styrkir

## Barnavinafélagið Sumargjöf

**auglýsir styrki til rannsókna, lista og þróunarverkefna, sem geta nýst börnum á leik- og grunnskólaaldri.**

Umsókn, ásamt greinargerð um verkefnið, skal senda fyrir 14. febrúar 2014.
Stjórn Barnavinafélagsins Sumargjafar áskilur sér rétt til að óska eftir nánari upplýsingum um verkefnið og fjármögnun þess og leita umsagnar fagaðila.

**Reykjavík 14. janúar 2014.**
**Barnavinafélagið Sumargjöf**
**Pósthólf 5423, 125 Reykjavík**
**Netf: sumargjof@simnet.is**

## tilkynningar

## Urðunarsvæði á Búðaröxl, Vopnafirði

### Mat á umhverfisáhrifum—athugun Skipulagsstofnunar

Teikn á lofti - ráðgjöf og hönnun, f.h. Vopnafjarðarhrepps, hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Urðunarsvæði á Búðaröxl, Vopnafjarðarhreppi.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **22. janúar 2014 til 6. mars 2014** á eftirtöldum stöðum: Á bókasafni Vopnafjarðar og á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu www.vopnafjardarhreppur.is og www.teikn.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **6. mars 2014** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

**Skipulagsstofnun**

## Húsaviðhald




**LEKUR ÞAKIÐ ?**
Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

## Rafvirkjun




## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, uppþvottavélar, þurrkara, örbylgjuofnar og fleira. S: 896 8568.












Til sölu notaðar vinnubúðaeiningar frá Trimo. Um er að ræða gámaeiningar, tvö herbergi og gangur fyrir miðju, í hverri einingu. Nánari uppl. í s. 896-1416

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Ein íbúð á svæði 105, 15fm. Leigð út með öllum búnaði. S. 898 2866.

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Funahöfða 17a-19, Reykjavík Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Sumarbústaðir

**LÓÐ TIL SÖLU**
500hk í landi Hellishóla, Fljótshlíð. Uppl. í S. 865 2649 eða 893 4997

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU Í HAFNARFIRÐ**
Eitt 50m2 frístunda-/iðnaðarbil var að losna í Steinhellu 14, einnig til leigu 180m2 endabil í Suðurhellu. Upplýsingar í síma 660-1060.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Málari óskar eftir vinnu fram á vor. Uppl. í s. 695 4464 Ágúst.

símstöðin

**KVÖLD- OG HELGARVINNA.**
Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni, tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur 18 ára.

Hringið í síma 7767400 og 7747400 eða sendið mail á kvoldvinna@simstodin.is

Kona, finnst þér gaman að spjalla við heita djarfa karla? Rauða Torgið leitar samstarfs við glaðlyndar símadömur. Nóg að gera fyrir duglegar konur. Uppl. á RaudaTorgid.is (atvinna).

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

Karlmaður um fimmtugt vill kynnast undirgefnum karlmanni. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8463.

Gott slökunarnudd í boði. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8491.

**HEITT OG GOTT!**
Nú eru margar nýjar upptökur hjá kynl.sögum Rauða Torgsins! s. 905-2002 eða 535-9930.

**STEFNUMÓT? SKYNDIKYNNI**
Auglýstu frítt í síma 535-9923. Símastefnumót Rauða Torgsins Símastefnumót.is

Djarft ísenskt samfélag á netinu, ókeypis eða í áskrift. Frítt vídeóspjall. EroticAria.eu



# Bifvélavirki

Óskum eftir bifvélavirkja á verkstæði okkar.
Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur frumkvæði, góða samstarfshæfileika og hæfni til að vinna sjálfstætt.

Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið bilvogurmot@simnet.is

**Bílvogur ehf**
Auðbrekka 17, 200 Kópavogi
s. 564 1180

# SMIÐIR VERKAMENN MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## 80% starf til afleysingar, persónuleg aðstoð við fólk á heimili sínu.

**Helstu verkefni:**

- Veita íbúum stuðning við athafnir daglegs lífs.
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum og verklagsreglum, ásamt fyrirmælum forstöðumanns.

**Hæfniskröfur:**

- Þjónustulund og jákvæðni í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framtakssemi og samviskusemi .
- Viðkomandi verður að hafa hreint sakavottorð.
- Aldursskilyrði 20 ár.
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg.

**Í boði er:**

- Spennandi og lærdómsríkt starf
- Fjölbreytt verkefni

**Upplýsingar um starfið veitir:**
Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir, forstöðumaður, netfang: **thorunnm@hafnarfjordur.is**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

- Æskilegt er að umsækjandi hafi áhuga á málefnum fatlaðs fólks.
- Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á netfangið **thorunnm@hafnarfjordur.is**

*Fjölskylduþjónustan í Hafnarfirði*





heimili FASTEIGNASALA

## Geymsluhúsnæði óskast til leigu

**Heimili fasteignasala leitar að 300 – 600 fm. geymsluhúsnæði á stór – Reykjavíkursvæðinu til leigu.**

Má gjarnan hafa starfsmannaaðstöðu og þarf að vera amk. einar góðar aksturdyr.

Besti kostur væri Kópavogur.
Síðan jafnvel Ártúnshöfði, Esjumelar, þá Hafnarfjörður. Traustur leigutaki


Bogi Molby Pétursson
lögg. fasteignasali

**Nánari upplýsingar veitir:**
**Bogi Molby Pétursson fasteignasali**

530 6500 **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** 530 6500

201 Kópavogur

# Jörfalind 7



## OPIÐ HÚS

**Miðvikudag 22. jan.17:30 - 18:00**


Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958


**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

- Fallegt raðhús 182.9 fm að stærð
- Fjörgur svefnherbergi
- Vörund bæði til suðurs og norður
- Frábær staðsetning
- Bílskúr

Verð: **53,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -





101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is
*Leifur Aðalsteinsson löggiltur fasteignasali* *Kristín Sigurey Sigurðardóttir löggiltur fasteignasali*




## Friggjarbrunnur 3 – 113 Reykjavík

***Stórglæsileg íbúð fyrir vandláta.***




Stórglæsileg og vel hönnuð 174,4 fm, 5 herbergja íbúð með miklum íburði við útivistarperlu í Úlfarársdal. Íbúðin er á 2. hæð með tvennum stórum svölum og stæði í bílageymslu. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar, allar borðplötur í eldhúsi og baðherbergjum eru úr marmara frá Graníthúsinu. Í íbúðinni er hjónasvíta sem hefur að geyma glæsilegt bað- og fataherbergi. Gólfhiti er í allri íbúðinni með glæsilegum gólfefnum.

**Sölumaður verður á staðnum í dag milli kl. 17:30 – 18:00**

ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR

# Mín tilfinning er sú að það sé ekkert að gerast

Ásdís Kristjánsdóttir er gestur Klinksins á Vísir.is í þessari viku

Hún er forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, sem er nýtt svið hjá samtökunum sem sér um hagrannsóknir og greiningu á atvinnu- og efnahagslífi. Hún var áður forstöðumaður greiningardeildar Arion banka.

Ásdís ræddi við Klinkið um nýja starfið og horfurnar fram undan í efnahagsmálum. Þá fór hún yfir ástæður þess að fjárfestingar á Íslandi séu eins litlar og raun ber vitni og hvaða þætti hægt er að hafa áhrif á í þeim efnum. Ásdís ræddi einnig gjaldeyrishöftin og næstu skref í afnámi þeirra og sagðist lítið skilja af hverju gengi svona hægt í viðræðum milli stjórnvalda og erlendra kröfuhafa. Hún sagði einnig að það þyrfti að breyta umgjörðinni í kringum myntina svo hún virkaði sem best, fyrst fyrirsjáanlegt væri að við myndum notast áfram við íslensku krónuna.



**Þættir sem Ásdís segir að við getum bætt til að laða að erlenda fjárfestingu**

**1.** Hér er engin skýr stefna eða framtíðarsýn um hvers konar erlenda fjárfestingu við viljum fá inn í landið. Það þarf að skerpa fókusinn.
**2.** Regluverk sem tekur sífelldum breytingum, eins og verið hefur hér eftir hrun, hefur áhrif á fjárfesta í þessum hugleiðingum.
**3.** Fjármagnshöftin hafa áhrif, þrátt fyrir undanþágur Seðlabankans þá dugir það ekki til þar sem fjárfestar óttast að festast hér inni.
**4.** Óstöðugleiki, hér sveiflast landsframleiðsla umtalsvert meira en gengur og gerist í nágrannalöndum okkar og verðbólgan er umtalsvert hærri.
**5.** Viðhorf okkar, bæði almennings og stjórnvalda, til beinnar erlendrar fjárfestingar, en okkur hættir til að hræðast erlenda fjárfesta.
**6.** Krónan.

**Frammistaða stjórnvalda við að semja við erlendu kröfuhafana?**

Ásdís segir sína tilfinningu, horft utan frá, vera þá að ekkert sé að gerast. „Þetta er svolítið skrítið. Ég skil ekki af hverju menn setjast ekki niður og reyna að semja um þennan vanda. En hugsanlega eru einhverjar þreifingar í gangi,“ segir Ásdís.

**„ÞAÐ SKIPTIR VERULEGA MIKLU MÁLI HVERNIG STJÓRNMÁLAMENN TALA. ÉG ER EKKI AÐ SJÁ AÐ ERLEND FJÁRFESTING GETI VERIÐ ÍGILDI LÁNTÖKU.“**

**Þrenns konar vandi sem Ásdís nefnir við afnám haftanna**

**1.** Kviku krónueignirnar, það er eignir erlendra fjárfesta í ríkisbréfum, innistæðum og íbúðabréfum.
**2.** Greiðslujafnaðarvandinn, það er við getum ekki mætt samningsbundnum afborgunum á komandi árum með gjaldeyrisskröpun okkar.
**3.** Þrotabú gömlu bankanna, það er Glitnis og Kaupþings, það er semja þarf um krónueignir í eigu erlendra kröfuhafa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



klinkið
Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Viðtalið við Ásdísi Kristjánsdóttur er hægt að sjá í þættinum **Klinkinu á www.visir.is.**




Ný vaxtalaus lán í samvinnu við Ergo* Aðrir góðir fjármögnunarkostir einnig í boði ergo

Njóttu ferðarinnar til botns í einstakri hönnun og skandinavískum lúxus. Margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi er staðalbúnaður í Volvo XC60. DSTC stöðugleikastýrikerfið leiðréttir mistök í akstri og CTC beygjuspólvörnin gerir þér kleift að taka beygjur á meiri hraða, með aukinni mýkt og öruggar en áður. Veghæðin er heilir 23 cm undir lægsta punkt.

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN VOLVO XC60 Í BRIMBORG Í DAG. OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is
Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. $CO_2$ 169 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.
*Ergo býður 40% af verði bílsins að láni án vaxta í allt að þrjú ár. Þetta lánafyrirkomulag er í boði fyrir nýja bíla á lager.

50 ár í bílgreininni brimborg Öruggur staður til að vera á

# Taki ábyrgð á afleiðingum viðskiptahátta sinna

***Ráðstefna um samfélagsábyrgð á vegum Festu á morgun þar sem sex forstjórar fyrirtækja fjalla um reynslu fyrirtækja sinna sem hafa skuldbundið sig til að innleiða ábyrgðina í starfshætti sína.***

Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð, mun halda ráðstefnu í samstarfi við Samtök atvinnulífsins á morgun þann 23. janúar undir yfirskriftinni „Fyrirtæki og samfélagið: Sameiginlegur ávinningur“, þar sem sex stjórnendur fyrirtækja lýsa ávinningi og áskorunum við að innleiða ábyrga starfshætti.

Umræðan um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja hefur verið að aukast jafnt og þétt á undanförnum árum en margir velta þó fyrir sér hvað þetta hugtak felur í sér. Markaðurinn fékk því til sín tvo sérfræðinga til þess að svara nokkrum spurningum um það hvernig þau skilja samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

Sigurborg Arnarsdóttir, stjórnarformaður Festu, og Davíð Sigurþórsson, doktorsnemi í hagnýtri siðfræði við Háskólann í Linköping, hafa bæði tvö kynnt sér málið til hlítar þrátt fyrir að vera með ólíkar skoðanir á hugtakinu.

*Skiptir samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja máli fyrir samfélagið? Ef svo, hvers vegna?*

**Davíð:** Það er því miður ekkert einhlítt svar við þessari spurningu en til einföldunar má reyna að gefa þríþætt svar. Í fyrsta lagi má hugsa sér nokkuð sem kalla mætti „alvöru ábyrgð“, það er þegar fyrirtæki gerir allt sem í þess valdi stendur til þess að jákvæð áhrif þess fyrir samfélagið verði sem mest og neikvæð sem minnst. Í öðru lagi má hugsa sér að fyrirtæki taki vel í hugmyndina og taki skref í rétta átt, án þess þó að skuldbinda sig til að taka fulla ábyrgð á samfélags- eða umhverfisáhrifum reksturs síns. Loks má tala um „sýndarábyrgð“. Þá vill útkoman frekar snúast um styrki til góðgerðarmála undir formerkjum samfélagslegrar ábyrgðar.

**Sigurborg:** Að mínu mati skiptir hún máli. Það skiptir máli fyrir samfélagið að vera með vel rekin fyrirtæki, sem ná góðum árangri til langs tíma og hafa góðan og stöðugan rekstur, en það skiptir máli hvernig fyrirtækin ná þessum árangri. Fyrirtæki hafa áhrif á umhverfið í gegnum samskipti sín við viðskiptavini, starfsfólk, birgja, yfirvöld og fleiri. Samfélagsábyrgð snýst að miklu leyti um að þekkja umhverfi sitt og hagsmunaaðila nægilega vel til þess að geta tekið upplýsta ákvörðun.

*Hverjar eru áskoranirnar?*

**Davíð:** Það felst óneitanlega nokkur áskorun í því fyrir fyrirtæki að skuldbinda sig til að taka raunverulega ábyrgð á afleiðingum viðskiptahátta sinna í ljósi tækifæra og freistingar til að hámarka hagnað á kostnað annarra. Þar komum við líka að ábyrgð okkar sem þegna og neytenda að beita þrýstingi á stjórnvöld og fyrirtæki eftir því sem þörf er á.



DAVÍÐ SIGURÞÓRSSON



SIGURBORG ARNARSDÓTTIR

**Sigurborg:** Áskoranirnar eru fyrst og fremst fólkið sjálft. Til þess að fyrirtæki nái að innleiða ábyrga starfshætti þurfa allir að ganga í takt og vera sammála um að þetta sé rétta leiðin en þá er líka mikilvægt að vera tilbúinn að koma hreint fram og segja bæði frá kostum og göllum.

fanney@frettabladid.is

# Vann hjá Deutsche Bank í New York

***Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs til fimm ára, starfaði áður hjá Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka og eitt sumar hjá fjárfestingarsjóði á Manhattan. Hann hefur gaman af fótbolta og bóklestri og fer reglulega á skíði.***

**SVIPMYND**

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Félagið SF IV slhf., sem er í rekstri sjóðastýringarfyrirtækisins Stefnis hf., keypti í lok síðasta árs allt hlutafé í olíufélaginu Skeljungi. Þá var ákveðið að Einar Örn Ólafsson yrði áfram forstjóri olíufélagsins en hann hefur stýrt Skeljungi síðastliðin fimm ár.

„Nú tekur við stefnumótun með nýjum eigendum og vinna við að undirbúa félagið fyrir skráningu á Aðalmarkað Kauphallarinnar,“ segir Einar.

Hann útskrifaðist með BS-próf í verkfræði frá Háskóla Íslands árið 1997 og hóf síðar störf hjá Íslandsbanka.

„Síðan bjó ég í tvö og hálft ár í New York og kláraði þá MBA-nám við New York University. Þá vann ég sumarið 2002 hjá Deutsche Bank og hjá fjárfestingarsjóði sem sérhæfði sig í skuldabréfum gjaldþrota fyrirtækja sumarið og haustið á eftir. Ég kom heim í árslok 2003 og hélt þá áfram hjá Íslandsbanka.“

Spurður um áhugamál segir Einar að hann hafi meðal annars gaman af fótbolta, bóklestri og bílum.

„Ég er einnig í golfi og fer mikið á skíði. Síðan les ég 30-40 bækur á ári, bæði skáldsögur og einnig bækur sem fjalla með einum eða öðrum hætti um viðskiptatengd mál. Svo blundar í mér bíladella sem ég hef ekki sinnt nógu mikið allra síðustu árin. En ég mun taka upp þá iðju fyrr en síðar.“

Einar er kvæntur Áslaugu Einarsdóttur, lögfræðingi í velferðarráðuneytinu. Þau eiga tvö börn, Ólaf Björn, ellefu ára, og Birnu Kristínu, níu ára.

„Við eigum litla orlofsíbúð á Akureyri og við förum þangað oft á ári, einkum til að skíða. Svo ætlum við í skíðaferð til Austurríkis eftir tvær vikur,“ segir Einar.

Hann er bjartsýnn á að árið 2014 verði gott ár.

„Ég held að það verði stigin skref á þessu ári til að aflétta gjaldeyrishöftum. Það mun koma titringur þegar það gerist en til lengri tíma litið er það nauðsynlegt skref og stærsta verkefnið.“



**Í BRÚNNI** Einar settist í forstjórastól Skeljungs í maí 2009.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## KEPPNISMAÐUR OG ÖFLUGUR STJÓRNANDI



„Einar er einn greindasti maður sem ég þekki. Ég hef oft hringt í hann til að spyrja hann einhverra furðulegra spurninga sem fela í sér einhverja útreikninga. Þá spyr Einar ekki einu sinni hvers vegna hann á að svara spurningunni heldur fer um leið í að leysa þrautina. Þetta er verkfræðingurinn í honum. Einar er einnig meðvitaður um það að njóta lífsins og samvista við fjölskyldu og vini. Ef maður er að gera eitthvað skemmtilegt með honum þá er hann duglegur að minna sjálfan sig og aðra á hvað þeir séu heppnir að hafa það svona gott; að eiga svona góða vini, að vera í svona góðu partíi, að þessi stund sem um ræðir sé svona skemmtileg og góð.“

**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**
þáttastjórnandi á RÚV.



„Ég hef kynnst Einar Erni á liðnum árum, er hann var við störf hjá Glitni, og nú í seinni tíð hjá Skeljungi – leiðir okkar hafa jafnframt legið saman í gegnum stjórnarsetu í Viðskiptaráði. Hann var seigur bankamaður á sínum tíma og hefur sýnt á liðnum árum að hann er öflugur stjórnandi, til marks um það er mikill og góður árangur sem náðst hefur í rekstri Skeljungs í hans tíð. Hann talar manna hraðast, er mjög klár, ákaflega fylginn sér, skíðastíllinn er svona bærilegur – og það sem dregur hann helst niður er að hann er KR-ingur.“

**ÁSBJÖRN GÍSLASON**
forstjóri Samskipa hf.



„Einar Örn er skarpur, töluglöggur og skemmtilegur. Oft talar hann jafn hratt og hann hugsar og því þarf stundum að túlka það sem hann segir. Hann er húmoristi mikill og segir skemmtilega frá. Það er gott að vinna með honum og hann er snöggur að taka ákvarðanir. Einar er ótrúlega lunkinn í því að sjá stóru myndina og því góður í að greina aðalatriði frá smáatriðunum. Einar Örn er keppnismaður mikill og að eigin sögn þá vinnur hann allar áskoranir og er ávallt í fyrsta sæti.“

**GUÐNÝ HANSDÓTTIR**
starfsmannastjóri Skeljungs.




COOLER MASTER · ASUS · acer · steelseries · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR
Logitech · Sarotech · TOSHIBA · SAMSUNG · RAZER · WACOM · PHILIPS · WD

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

**FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR
BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ
FLAKKARAR • SSD • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • ÍHLUTIR • HÁTALARAR
SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR
GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR
STÝRIPINNAR • HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR
MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR OG FLEIRA**

**MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUVÖRUM Á STÓRÚTSÖLUVERÐI !**

**SÝNINGAREINTÖK Á LÆKKUÐU VERÐI**

**BÆTUM STÖÐUGT VIÐ NÝJUM ÚTSÖLUVÖRUM !**

**EINA ÚTSALA ÁRSINS !**

**ÚTLITSGALLAÐ Á MIKLUM AFSLÆTTI**

NÁNAR UM ALLAR WWW.TL.IS ÚTSÖLUVÖRUR

tl.is

**TÖLVU LISTINN**




**OPIÐ 10-18**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **REYKJAVÍK** | **AKUREYRI** | **HÚSAVÍK** | **EGILSSTAÐIR** | **KEFLAVÍK** | **SELFOSS** | **HAFNARFJÖRÐUR** |
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

Hin hliðin



ÞÓRANNA K. JÓNSDÓTTIR
MBA, markaðsnörd

## Hættu að rembast við að selja!

Peter Drucker sagði: „Markmiðið með markaðssetningu er að gera sölumennsku óþarfa. Markmiðið með markaðssetningu er að þekkja og skilja viðskiptavininn svo vel að varan eða þjónustan henti honum og selji sig sjálf. Þegar best lætur leiðir markaðssetning til þess að viðskiptavinurinn er tilbúinn til að kaupa.“

### Það vill enginn láta trufla sig

Þrátt fyrir það eru alltaf einhverjir sem halda áfram að stunda sölumennsku à la „used car salesmen“. Það eru námskeið í sölumennsku, sölutækni, að loka sölunni og svo framvegis og svo framvegis. Það eru enn einhverjir sem maður hefur aldrei talað við áður að trufla mann með símhringingu frá því að horfa á uppáhaldsþáttinn á kvöldin og enn fólk að leita að netföngum á vefnum og senda tölvupóst til einhverra sem aldrei hafa heyrt um það áður. HÆTTIÐ! Það vill enginn láta trufla sig! Það er enginn tilbúinn að kaupa af þér eftir eitt símtal eða einn tölvupóst sem það vildi aldrei fá til að byrja með!

Og það er dýrt. Ferlega dýrt. John Cleese spurði fyrir hrun af hverju Kaupþing hringdi ekki bara í alla í staðinn fyrir að gera auglýsingar. Hann er grínari! Og þetta var fyrir hrun.

### Sambandið skiptir máli

Markaðssetning snýst um að mynda samband. Samband sem verður til þess að fólk verslar við þig aftur og aftur og velur þig fram yfir samkeppnina. Hefðbundnar söluaðferðir eru eins og að labba upp að stelpunni á barnum og biðja hana strax að giftast sér. Hversu líklegt er að hún segi já? Hversu líklegt er að það verði mikið meira úr sambandinu? Hvað með að byrja bara rólega? Kynnast henni, spjalla, fá að vita á hverju hún hefur áhuga og hvers hún þarfnast, deila þeim áhuga með henni og aðstoða hana með það sem hún þarf á að halda. Svolítið líklegra til hjónabands eða hvað? Það er markaðssetning. Eins og Drucker segir, að þekkja og skilja viðskiptavininn og veita honum það sem hentar honum.

### „Ég elska Ikea“

Hefurðu nokkurn tímann fengið sölusímtal frá Ikea? Eða óumbeðinn tölvupóst frá Apple? Ruslpóst frá Coke? Neibb, ekki ég heldur. Af hverju? Af því að þau markaðssetja – og eru fáránlega góð í því. Sem er ástæðan fyrir því að þú heyrir jafnvel fólk segja „ég elska Ikea“, „ég elska Apple“, „ég elska kók“ – og ef það er ekki gott samband, þá veit ég ekki hvað!






Meðal viðskiptavina Yuasa eru:

mazda
BMW
TATA
SUBARU
TOYOTA
MITSUBISHI MOTORS
KIA
SUZUKI
ISUZU
HONDA
GM
NISSAN
SANGYONG
DAIHATSU
HYUNDAI
Hino
PSA PEUGEOT CITROËN

# Hærra kaldræsi, lengri ending

YUASA




Framúrskarandi fyrirtæki 2012

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



KL. 20:30 KOLLA

Fjölbreyttur spjallþáttur á mannlegum nótum þar sem Kolla spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

**Frábært**
miðvikudagskvöld

KL. 20:05
2 BROKE GIRLS
Gamanþáttur um Max og Caroline sem taka höndum saman og láta sameiginlegan draum rætast.



KL. 21:00
THE FACE
Skemmtileg þáttaröð þar sem ungar og efnilegar stúlkur keppa um að verða næsta ofurfyrirsæta.



KL. 21:45
LÆRKEVEJ
Dönsk þáttaröð um þrjú systkini sem að flýja frá Kaupmannahöfn og fara huldu höfði í rólegu úthverfi.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30
BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni..



3 | KL. 19:45
BABY DADDY
Gamanþættir um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.



3 | KL. 21:30
SLEPPY HOLLOW
Æsispennandi þættir um mann sem vaknar upp frá dauðum eftir 220 ár í smábænum Sleepy Hollow.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | | 1 | 2 | | | |
| | | | 6 | 7 | 3 | 4 | | |
| | 5 | | 4 | | 9 | | 1 | 2 |
| 9 | | | | 6 | 8 | | 2 | |
| | | | | | | | 3 | 6 |
| 2 | | 1 | 3 | | | 9 | 7 | |
| 4 | | 5 | 7 | | 6 | | | |
| | 2 | | | 4 | | | 5 | |
| | 8 | 9 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 2 | | | | |
| 9 | | | | | | 5 | | |
| | | | | 8 | 9 | 7 | | 1 |
| | 5 | 1 | 4 | 6 | 8 | | | |
| | 8 | | 2 | | | | 4 | |
| | | | 5 | | 1 | | 8 | 2 |
| | 4 | | 7 | 3 | 6 | 8 | 1 | |
| | 9 | 7 | | | | 3 | | |
| 3 | | | | | 4 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 3 | | | | 8 | 2 | |
| | 5 | | | | | | | |
| | 6 | 7 | | 1 | 2 | | | |
| | 4 | | | 2 | | | | |
| | | | 4 | | 3 | | | |
| 8 | | 9 | | 7 | 6 | | | |
| | | 6 | 1 | | | 7 | 4 | 9 |
| | 8 | 4 | | | 5 | | | 2 |
| | | | | | 7 | 5 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 6 | 3 | 2 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 7 | 2 | 9 | 5 | 4 | 1 | 3 | 6 | 8 |
| 1 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 9 | 5 | 2 |
| 9 | 5 | 3 | 4 | 7 | 2 | 8 | 1 | 6 |
| 8 | 1 | 7 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 |
| 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 |
| 6 | 7 | 8 | 2 | 5 | 4 | 1 | 3 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 7 | 1 | 8 | 6 | 2 | 4 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 |
| 1 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 9 | 4 | 5 |
| 4 | 8 | 3 | 5 | 2 | 9 | 1 | 6 | 7 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 7 | 6 | 5 | 8 |
| 5 | 9 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 1 | 4 |
| 8 | 6 | 1 | 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 2 |
| 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 2 | 5 | 3 | 6 |
| 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 4 | 6 | 1 | 7 | 5 | 8 | 2 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 8 | 7 | 6 | 3 | 5 | 9 | 4 |
| 3 | 4 | 5 | 2 | 8 | 9 | 6 | 7 | 1 |
| 8 | 3 | 1 | 5 | 4 | 2 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 4 | 3 | 1 | 7 | 8 | 2 | 5 |
| 2 | 5 | 7 | 6 | 9 | 8 | 1 | 4 | 3 |
| 4 | 7 | 3 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 5 | 1 | 2 | 9 | 7 | 6 | 4 | 3 | 8 |
| 6 | 8 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 | 5 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Stundum hendir lífið í mann múrsteini. Ekki tapa trúnni."

*Steve Jobs*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** teikniblek, **6.** tveir eins, **8.** bók, **9.** hátíð, **11.** karlkyn, **12.** vanvirðing, **14.** einkennis, **16.** í röð, **17.** aldur, **18.** harðæri, **20.** tveir eins, **21.** klámfengin.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fræ, **3.** rún, **4.** eyja, **5.** stykki, **7.** matjurt, **10.** sakka, **13.** blóðhlaup, **15.** þekking, **16.** stækkaði, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** túss, **6.** rr, **8.** rit, **9.** jól, **11.** kk, **12.** ósómi, **14.** aðals, **16.** jk, **17.** rek, **18.** óár, **20.** yy, **21.** klúr.
**LÓÐRÉTT: 1.** frjó, **3.** úr, **4.** sikiley, **5.** stk, **7.** rósakál, **10.** lóð, **13.** mar, **15.** skyn, **16.** jók, **19.** rú.z

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Vignir Vatnar Stefánsson (1.800) hafði svart gegn Magnúsi Pálma Örnólfssyni (2.161) í annarri umferð Nóa Síríusarmóts GM Hellis.**

**Svartur á leik:**



**18. ...Bf5!** Laglegur leikur sem vinnur skiptamun. Ef 19. gxf5 gxf5+ fellur hvíta drottningin. Magnús Pálmi lék **19. Da4** og hélt reyndar jafntefli í skákinni með mikilli seiglu. Þriðja umferð mótsins fer fram á morgun. **www.skak.is** Stelpuæfingar GM Hellis hefjast í dag.

LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is

# Nicotinell getur auðveldað þér að hætta eða draga úr reykingum

Það að draga smám saman úr reykingum er mjúka leiðin í átt að reykleysi. Að draga úr reykingum getur verið rétta aðferðin fyrir reykingafólk sem á erfitt með að horfast í augu við að kveðja sígarettuna strax fyrir fullt og allt.

Nicotinell lyfjatyggigúmmí draga úr reykingaþörfinni og veita reykingafólki tækifæri til að ná stjórn á reykingamynstrinu, þannig að það geti verið reyklaust t.d. á vinnustað, í heimsóknum, í bílnum o.s.frv.

**20% AFSLÁTTUR***




**Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins**

*** 20% afsláttur af öllum pakkningastærðum og styrkleikum af Spearmint, Icemint og Mint. Gildir til 31. Janúar 2014.**

Nicotinell, lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Hætta skal alfarið reykingum meðan á meðferð með Nicotinell stendur. Upphafsskammtur skal ákvarðaður út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Verði vart við aukaverkanir þegar hærri styrkleiki er notaður skal íhuga að skipta yfir í lægri styrkleika. Meðferðarlengd er einstaklingsbundinn. Samtímis neysla á súrum drykkjum, eins og t.d. kaffi og sódavatni, getur minnkað frásog nikótíns í munni. Forðast skal þessa drykki í 15 mínútur fyrir notkun lyfjatyggigúmmís. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Vegna eiginleika lyfjatyggigúmmís sem lyfjaforms getur nikótínþéttni í blóði verið mismunandi á milli einstaklinga. Því skal miða tíðni skammta við einstaklingsþörf, innan uppgefinna hámarksskammta. Tyggja skal eitt lyfjatyggigúmmí þar til finnst sterkt bragð. Lyfjatyggigúmmíið skal því næst hvíla á milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal byrja að tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mínútur. Í flestum tilfellum skal meðferðin standa í a.m.k. 3 mánuði. Eftir 3 mánuði skal draga smám saman úr notkun. Venjulega er ekki mælt með notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Þeir sem reykja ekki og þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eiga ekki að nota Nicotinell. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota Nicotinell ef þú: ert þunguð, með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi. Einstaklingar undir 18 ára aldri mega ekki nota Nicotinell nema að læknisráði. Nikótín sem er gleypt getur valdið versnun einkenna hjá sjúklingum sem eru með bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgu eða magasár. Einstaklingum með gervitennur, eiga við vandamál í liðamótum kjálka og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform en lyfjatyggigúmmí. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Athuga ber að lyfjatyggigúmmíið og munnsogstöflurnar innihalda natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar en sumar bragðtegundir innihalda að auki sorbitól (E420), maltitól (E965) eða aspartam (E 951) sem ekki allir mega taka. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

**Lágmúla
Laugavegi
Nýbýlavegi**

**Smáralind
Smáratorgi
Borgarnesi**

**Grundarfirði
Stykkishólmi
Búðardal**

**Patreksfirði
Ísafirði
Blönduósi**

**Hvammstanga
Skagaströnd
Sauðárkróki**

**Húsavík
Þórshöfn
Egilsstöðum**

**Seyðisfirði
Neskaupstað
Eskifirði**

**Reyðarfirði
Höfn
Laugarási**

**Selfossi
Grindavík
Keflavík**



Þórunn Vala Valdimarsdóttir

# Efnileg en skortir reynslu

TÓNLIST ★★★★★

**Þórunn Vala Valdimarsdóttir flutti lög eftir ýmsa höfunda**
í Kaldalóni í Hörpu sunnudaginn 19. janúar.

Þórunn Vala Valdimarsdóttir heitir ung söngkona sem kvaddi sér hljóðs á sunnudagskvöldið. Debút-tónleikar söngvara innihalda venjulega píanóleik og svo var einnig nú. Kristinn Örn Kristinsson lék á píanóið, og gerði það af fagmennsku. Hlutverk hans var þó ekki mikið. Meira áberandi var heill strengjakvartett sem spilaði með Þórunni. Það var m.a. í Frauenliebe und -leben (Ástir og líf konu) eftir Robert Schumann. Útsetningarnar voru eftir Wim ten Have og hafa ekki hljómað hér áður.

Það er skemmtilegt að söngvari skuli þora að bjóða upp á nýja útgáfu tónlistar sem heyrist hér í hefðbundinni mynd á hverju ári eftir því sem ég kemst næst. Þessi lög Schumanns eru sungin gríðarlega oft og það er kominn tími til að maður kynnist annarri hlið á þeim.

Þórunn útskrifaðist nýverið frá Tónlistarháskólanum í Utrecht. Eftir því sem ég best veit voru þetta fyrstu sjálfstæðu tónleikarnir hennar. Það er heilmikil þolraun, og sumt verður einfaldlega ekki gott nema með reynslu. Áður en Þórunn söng lög Schumanns flutti hún nokkrar aríur eftir Mozart, Händel, Caccini og Scarlatti. Nemendabragur var á túlkuninni, það vantaði flæðið í skáldskapinn, tæknin vafðist of mikið fyrir. Neðri tónar voru dálítið mattir, þeir efri óþarflega hvassir. Maður saknaði mýktarinnar. Tónlist eftir Mozart og enn eldri tónskáld er gjarnan viðkvæm; kraftur verður að vera í söngnum, en hann þarf líka að vera gæddur hárfínum blæbrigðum. Þórunn hafði kraftinn því hún er afar raddsterk, en fágunina vantaði.

Svipaða sögu er að segja um lögin eftir Schumann. Þau voru lífleg, en ekki nægilega nákvæm. T.d. kom stundum fyrir að Þórunn hitti ekki almennilega á tóna á neðra tónsviðinu ef hún þurfti að hoppa á þá yfir stórt tónbil að ofan. Væntanlega má að einhverju leyti skrifa þetta á taugaóstyrk.

Auðheyrt var þó að Þórunn er heilmikið efni, og hún getur náð langt í sönglistinni með auknum þroska og reynslu.

Gaman var að þessum nýju útsetningum á lögum Schumanns. Það var eitthvað ferskt við þær, umgjörðin var blátt áfram, en samt tilfinningarík. Strengir eru oft notaðir í popptónlist til að auka „tilfinningahitastig“ tónlistarinnar og svipað átti sér stað hér. Þau Gróa Margrét Valdimarsdóttir, Gunnhildur Daðadóttir, Þórarinn Már Baldursson og Júlía Mogensen léku prýðilega, af yfirvegun og þokka, en líka af réttri tilfinningu fyrir stíl hvers lags. Fyrir bragðið var hiti og ákafi í tónlistinni sem maður á ekki að venjast. Það var ánægjulegt.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Þrátt fyrir augljósa hæfileika var nemendabragur á söng Þórunnar Völu Valdimarsdóttur, en nýjar strengjaútsetningar voru áhugaverðar.






**UNDIRBÚNINGUR** Bryndís Hrönn var módel meðan átta manneskjur teiknuðu hana, hver frá sinni hlið.

# Gerði styttu af eigin líkama

Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir myndlistarkona bjó til klassíska höggmynd af líkama sínum og verður hún á sýningu í Nýlistasafninu sem verður opnuð 25 janúar.

Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir myndlistarmaður er að undirbúa opnun sýningarinnar Psychotronics í Nýlistasafninu við Skúlagötu næsta laugardag. Þar er hún meðal annars með styttu af sjálfri sér, unna eftir teikningum sem átta manneskjur gerðu, hver frá sínu sjónarhorni. Einnig er þar viðarlágmynd byggð á efni úr hljóðstúdíóum sem dreifa hljóðum og dempa það.

„Í styttunni af líkama mínum verða átta tvívíð verk að einu þrívíðu og lágmyndin er líka úr átta litlum flekum sem ég raðaði saman. Í innsta salnum er svo myndband þar sem líkami manneskju bregst við tónlistarflutningi. Einnig geta verið fleiri tengingar,“ segir Bryndís Hrönn þegar hún er spurð út í sýninguna. Segir reyndar alltaf erfitt að lýsa listaverkum í orðum. „Maður vill ekki túlka of mikið eða taka afstöðu, heldur er allt spekúlasjón þegar að er gáð.“

- gun

**Maður vill ekki túlka of mikið eða taka afstöðu, heldur er allt spekúlasjón þegar að er gáð**

# HOT WINGS MÁLTÍÐ

Nýtt!

AÐEINS 990 KRÓNUR



### TAKTU ÞÁTT Í LEIKNUM!

## #KFCHOTWINGS

**Vinningar:** Playstation 4, snjóbretta- eða skíðanámskeið, jöklaferð, Hot Wings-veisla, Garmin VIRB hasarmyndavél.

VINNINGAR Í HVERRI VIKU!

**LEYSTU EINHVER AF EFTIRTÖLDUM VERKEFNUM:**

Taktu selfie með selebi, skelltu þér í sjósund, knúsaðu stjórnmálamann, gerðu góðverk að eigin vali, farðu í alla stuttermabolina þína í einu, spilaðu Quiz Up uppi á Esjunni, notaðu venjulegan síma með snúru, hoppaðu í polla ...

PIPAR\TBWA • SÍA • 133374

svooogott™

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI

WWW.KFC.IS



**HLÆGILEGAR HETJUR** Þorleifur segir hetjurnar í Niflungunum hlægilegar. MYND/THILO BEU



**ÞORLEIFUR ÖRN ARNARSSON**



**ÍBURÐARMIKIÐ** Leikmyndin í Niflungunum er eftir Vytautas Narbutas. MYND/THILO BEU

# Heillaði meðlimi Wagnerfélagsins í Bonn

## Þorleifur Örn Arnarsson setti upp Niflungana eftir Christian Friedrich Hebbel í borgarleikhúsinu í Bonn við góðar viðtökur áhorfenda.

Þorleifur Örn Arnarsson frumsýndi síðastliðinn föstudag uppsetningu sína á Niflungunum eftir Christian Friedrich Hebbel í borgarleikhúsinu í Bonn í Þýskalandi. Auk Þorleifs koma Símon Birgisson, Filippía Elíasdóttir og Vytautas Narbutas að uppsetningunni, en þau hafa öll starfað í íslensku leikhúsi.

„Maður finnur í öllu umhverfi þessa leikhúss hvað það er stórt í sniðum,“ segir Þorleifur Örn. „Bygging þess á sjöunda áratugnum var liður í því að búa til höfuðborgarstemningu þegar Bonn var höfuðborg Vestur-Þýskalands.“ Leikhúsið nýtur mikillar virðingar í Þýskalandi. Þorleifur segist samt sem áður ekki stefna á nein heimsyfirráð. „Ef maður væri á þeim buxunum væri þessi sýning skref í þá átt, en svo er ekki. Þetta er hluti af ferðalagi sem við erum á og á hverju ári stækka leikhúsin og verkin og pressan eykst. Við verðum líka villtari og villtari í því hvernig við búum til leikhús.“

Leikritið Niflungarnir, sem var skrifað á nítjándu öld, er verk sem allir Þjóðverjar þekkja. „Það er eins og Hamlet fyrir Bretum, eða Skugga-Sveinn eða Galdra-Loftur fyrir okkur Íslendingum. Þessi saga er ein af þeim sem nasistarnir lyftu hvað mest upp á stall. Fræg er ræða sem Hermann Göring hélt yfir hermönnum í Stalíngrad árið 1943 rétt fyrir fall Stalíngrad. Hann biðlaði til hermannanna að standa saman og deyja saman, eins og Niflungarnir í höll Atla Húnakonungs.“

Þorleifur segist hafa ákveðið frelsi undan nasistasögunni sem Íslendingur. „Yfirleitt er lögð meiri áhersla á hana í uppsetningum á þessu leikverki. Mín nálgun var ekki þrúguð sögulegri merkingu umfram það að við viðurkenndum sögulegu merkinguna í leikmyndinni. Vytautas Narbutas byggði fyrir okkur eins konar ruslahauga þýskrar sögu í leikhúsinu, og á þeim lékum við Niflungana okkar.“

Þorleifur segist hafa einblínt á hugmyndina um hetjuna í sviðsetningu sinni. „Ég velti hetjunni fyrir mér út frá svipaðri nálgun og bókmenntafræðingurinn Helga Kress hefur skrifað um Íslendingasögurnar. Þessar hetjur eru hlægilegar út frá nútímasjónarmiði. Ég leyfi mér að gera Niflungana nánast að kómedíu.“

Sýningin hefur fengið góða dóma. „Sýningin hefur vakið sterk viðbrögð hjá fólkinu sem ég hélt að myndi ekki skilja þetta. Ég var kallaður á fund hjá Wagnerfélaginu, sem er einhver íhaldssamasti félagsskapur í Þýskalandi, og var beðinn um að útskýra nálgun mína á verkinu. Í þeim félagsskap þekkir fólk verkið utan að og spyr krefjandi spurninga, og þetta var fólkið sem svo var hrifnast að frumsýningu lokinni.“

Í uppfærslu Þorleifs er ýmislegt sem hann taldi fyrirfram að myndi koma við kaunin á hópi áhorfenda.

> **Við verðum líka villtari og villtari í því hvernig við búum til leikhús**
>
> *Þorleifur Örn Arnarsson*

„Kona fer úr að neðan í sýningunni. Svo eru karakterar smurðir í blóði og drullu. Þessir hlutir eru yfirleitt á bannlista góðborgaraáhorfenda, en það virðist vera nægilega sterkt innihald í sýningunni til þess að fólk kaupi það.“

Þorleifur heldur að sýningin höfði til ungs fólks. „Það væri gaman ef við náum að brúa kynslóðabilið. Ef leikhús er gott þá þykir fólki leikhúsið vera merkilegur staður, og ég held okkur hafi tekist það þarna.“

ugla@frettabladid.is

MIKILVÆG ÖRYGGISVIÐVÖRUN
PHILIPS CAFÉ GOURMET KAFFIVÉL

Philips hefur fundið öryggisgalla sem gæti haft áhrif á Philips Café Gourmet kaffivélar sem framleiddar voru frá mars 2012 til júní 2013. Philips leggur ríka áherslu á heilsu viðskiptavina og mun því innkalla þessar kaffivélar í varúðarskyni.

Í mjög sjaldgæfum tilvikum þar sem galli er í einangrun, þá getur komið rafstuð frá stál handfangi. Þetta á ekki við um neina aðra Philips kaffivél.

Philips vill benda viðskiptavinum sínum á eftirfarandi:

1) Vinsamlegast takið vélina úr sambandi og skoðið vörunúmer (t.d. HD 5405) og framleiðsluviku (t.d. 1227 – fyrstu tveir stafirnir standa fyrir ár og síðari tveir fyrir viku) sem finna má á límmiða undir vélinni.




2) Neytendur sem eiga Philips Café Gourmet kaffivél með vörunúmerinu HD 5405 með framleiðsluviku frá **1212** til **1323** eru vinsamlegast beðnir um að hætta strax notkun á vélinni og fá frekari upplýsingar á vefslóðinni **www.philips.com/IS/recall/HD5405** eða hafa samband við Heimilistæki í síma **5691500** til að fá frekari upplýsingar. Til að fá vélinni skipt út fyrir nýja vél má koma með vélina í næstu verslun Heimilistækja. Allar aðrar Philips Café Gourmet kaffivélar (meðal annars HD 5405 með öðrum framleiðsluvikum, og HD 5410, HD5407, HD 5400) má nota áfram án vandkvæða.

Við biðjumst velvirðingar á þeim óþægingum sem þetta kann að valda.



**NÓG AÐ GERA** Gulli slær ekki slöku við. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Þarf klikkaðan mann eins og mig í svona

## Gulli Helga leitar að verkefnum fyrir Gulli byggir.

„Við rennum svolítið blint í sjóinn því við vitum ekki hvaða verkefni verða fyrir valinu. Við auglýsum eftir verkefnum frá fólki og tillögurnar mega vera hvað sem er í rauninni, svo framarlega sem verkefnið taki ekki meira en fimmtán til tuttugu daga í framkvæmd,“ segir Gulli Helga. Hann undirbýr nú þriðju seríuna af Gulli byggir, þá fyrstu á Stöð 2 en hinar tvær seríurnar voru sýndar á RÚV.

„Við undirbúum jarðveginn fyrir fólk og hjálpum því að komast af stað. Við skiljum það síðan eftir og fáum að vera fluga á vegg fylgjast með vinnunni. Síðan komum við aftur í lokin og hjálpum fólki að klára verkefnin,“ segir Gulli en þættirnir verða alls sex og er fylgst með einu verkefni í hverjum þætti.

Áhugasamir geta sótt um til 1. febrúar á netfangið gullibyggir@stod2.is og býst Gulli við að fara í tökur stuttu seinna. Hann biður umsækjendur um að senda mjög góðar útskýringar á verkefninu, ljósmyndir og jafnvel teikningar af því sem á að framkvæma. Hann er einnig útvarpsmaður í Bítinu á Bylgjunni og því nóg að gera.

„Þetta er mjög tímafrekt og ekki allir sem nenna þessu. Það þarf klikkaðan mann eins og mig í svona vinnu.“

- lkg

# Ris, fall og endurreisn Matthew McConaughey

**Leikarinn Matthew McConaughey hóf ferilinn í klassamyndum sem hlutu afbragðsdóma og ljóst var strax að um afburðaleikara væri að ræða. Eftir nokkrar frábærar myndir fór frægðarsól Matthews að hníga og myndirnar urðu sífellt verri. Á síðustu þremur árum hefur hann hins vegar tekið hárréttar ákvarðanir og er í fyrsta sinn á ævinni tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Dallas Buyers Club.**



**STYTTA Í HÚS** Matthew hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir leik í Dallas Buyers

Leikarinn Matthew McConaughey heillaði heiminn fyrst árið 1993 í kvikmyndinni Dazed and Confused í leikstjórn Richard Linklater. Í kjölfarið fylgdu stórmyndir á borð við A Time to Kill árið 1996, Amistad árið 1997 og Contact árið 1997. Matthew var á góðri leið með það að verða einn eftirsóttasti leikarinn í Hollywood og fór sæll og glaður inn í 21. öldina.

Upp úr árinu 2000 byrjaði að harðna á dalnum hjá leikaranum góðkunna og næstu árin átti hann eftir að taka arfaslakar ákvarðanir. Fyrst ber að nefna kvikmyndina The Wedding Planner frá árinu 2001 þar sem Matthew lék á móti Jennifer Lopez. Í kjölfarið lék hann í How To Lose a Guy in 10 Days árið 2003, Failure to Launch árið 2006 og Fool's Gold árið 2008. Á þessum tímapunkti hafði Matthew áunnið sér hjartaknúsarastimpilinn og var betur þekktur sem gaurinn sem rífur sig alltaf úr að ofan en gaurinn sem getur í raun og veru leikið af viti.

Árið 2009 lék Matthew á móti Jennifer Garner í Ghosts of Girlfriends Past og sást síðan ekki í tvö ár. Engar vonir voru bundnar við hann enda ferilskráin orðin ansi flekkuð af væmnum, slepjulegum, rómantískum gamanmyndum.

En viti menn, Matthew mætti aftur á hvíta tjaldið með hvelli í myndinni The Lincoln Lawyer sem fékk prýðisdóma. Í kjölfarið fylgdu hlutverk í myndunum Bernie, Killer Joe, Mud og Magic Mike þar sem leikarinn fór á kostum og sýndi það og sannaði að leiklistarhæfileikarnir hefðu ekki glatast í kossaflensi í misgóðum myndum síðustu ára.

Síðasta ár var svo árið hans Matthews. Hann tók að sér krefjandi hlutverk í kvikmyndinni Dallas Buyers Club þar sem hann leikur kúreka með hommafælni sem er greindur með eyðni. Matthew grennti sig talsvert fyrir hlutverkið og sér örugglega ekki eftir því. Hann hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir stuttu fyrir leik sinn í myndinni og náði að krækja sér í sína fyrstu tilnefningu til Óskarsverðlaunanna. Þá fór hann einnig á kostum í afar litlu hlutverki í The Wolf of Wall Street og stal senunni sem yfirspíttaði verðbréfasalinn Mark Hanna.

Matthew fer einnig með annað aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum True Detective sem sýndir eru á Stöð 2 og hafa fengið einróma lof gagnrýnenda. Næst geta aðdáendur kappans séð hann í geimmyndinni Interstellar sem var meðal annars tekin upp hér á landi í fyrra.

Það er því ljóst að gaurinn sem hefur rifið sig úr að ofan í sautján bíómyndum er loksins búinn að finna sína hillu á ný.

liljakatrin@frettabladid.is



**BEST GEYMD OFAN Í SKÚFFU** The Wedding Planner er arfaslök.




**EKKI MEIRA MATTHEW** Ghosts of Girlfriends Past er slæm ræma.



**HORAÐUR** Matthew leikur á móti Jared Leto í Dallas Buyers Club.




CRÉATIVE TECHNOLOGIE

KOMDU OG PRÓFAÐU CITROËN BERLINGO VAN

Öflug en sparneytin dísilvél fyrir hagkvæman rekstur. Frábær vinnuaðstaða með 180° opnun á afturhurðum, gíraffalúgu, rennihurð, lækkaðri hleðsluhæð, hárri sætisstöðu og fjölda geymsluhólfa. Rúmar tvo farþega ásamt ökumanni.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu

# Takk fyrir lánið



**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur

**ÚBB!** Ég starði á bókina í höndum mér. Hvernig gat nú staðið á þessu? Hún lét ekki mikið yfir sér, kilja í litlu broti og kápan hlutlaus að lit. Þessi bók var alls ekki mín eign en þarna lá hún nú samt innan um aðrar. Gat verið að hún hefði staðið í hillunni án þess að ég ræki í hana augun? Hjartað tók kipp og ég svitnaði í lófum. Það voru fjórtán ár síðan ég fékk hana lánaða!

**ÉG** velti bókinni vandræðalega milli handa mér, lagði hana frá mér og tók hana upp aftur. Kunni ekki við að stinga henni ofan í kassann á eftir hinum. Átti ekkert með það, þangað átti hún ekki erindi og hvað þá aftur upp í hillu. Hennar rétti staður væri hjá eiganda sínum og ég mundi vel hver hafði lánað mér hana.

**BÓKINA** hafði leiðbeinandi við Listaháskóla Íslands lánað mér þegar ég hafði málað mig út í horn í verkefnavinnu. Tilgangurinn var auðvitað að hjálpa mér út úr ógöngum og bókin kom úr einkasafni leiðbeinandans. Af hverju ég hafði ekki skilað henni aftur gat ég ekki útskýrt og þar sem ég tvísté með hana í höndunum, fjórtán árum síðar, sá ég ekki hvernig í ósköpunum ég ætti að fara að því núna.

**ÁTTI** ég að banka upp á með afsökunarbeiðni á vörunum? Standa eins og asni á tröppunum og stama eitthvað um þjófótta búálfa? Senda hana nafnlaust í pósti og vona að eigandinn myndi ekki hverjum hann hafði lánað bókina? Eða koma henni í hendur einhvers annars, sem kannski þekkti einhvern sem þekkti eigandann og bíða eftir að bókin rataði eftir krókaleiðum á réttan stað?

**SKÖMMIN** yfir bókarstuldinum kvaldi mig næstu daga en ég hummaði fram af mér að gangast við verknaðinum. Íhugaði meira að segja að skjóta henni ofan í kassa á eftir hinum. Hvað gerðu nokkur ár í viðbót við þau fjórtán sem liðin voru?

**HÚN** liggur enn þá sófaborðinu og bíður þess að ég taki af skarið. Kannski ég hunskist á pósthúsið, á morgun.



**SKEMMTA SAMAN** Beyoncé og Jay Z eru samrýnd. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## Saman á Grammy

Stjörnuparið Beyoncé, 32 ára, og Jay Z, 44 ára, mun koma fram saman á Grammy-verðlaunahátíðinni sem fer fram sunnudaginn 26. janúar.

Ekki er ljóst hvaða lög parið mun taka en þau hafa unnið saman í lögum á borð við 03 Bonnie and Clyde, Crazy in Love og Drunk in Love.

Meðal annarra listamanna sem munu koma fram á hátíðinni eru Taylor Swift, Lorde, Daft Punk, Paul McCartney, Katy Perry og Kendrick Lamar. **- lkg**



**LANGT HLÉ** Beck hefur ekki gefið út plötu síðan 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## Nýtt frá Beck

Söngvarinn Beck syngur um einmanaleika í nýja laginu sínu Blue Moon af væntanlegri plötu sinni, Morning Phase.

„Ég er svo þreyttur á því að vera einn,“ syngur Beck í byrjun lagsins. Minnir stíll lagsins um margt á stílinn sem einkenndi plötuna Sea Change frá árinu 2002.

Lagið mun heyrast í nýju þáttaröðinni af Girls bráðlega en Morning Phase kemur út 25. febrúar. Er það tólfta plata Becks á ferlinum og sú fyrsta sem hann gefur út síðan árið 2008. **- lkg**



**Í FYRSTA SINN FORELDRAR** North er fyrsta barn Kim og Kanye. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## North þarf í vax

Skemmtikrafturinn Joan Rivers, 80 ára, heldur ekki aftur af sér þegar hún gagnrýnir fræga fólkið í Hollwyood.

Nú síðast hjólaði hún í North West sem er sjö mánaða gömul dóttir Kim Kardashian og Kanye West þegar hún segir barnið sárlega þurfa að fara í vax sökum andlitshára.

Hafa ummælin vakið hörð viðbrögð vestan hafs enda afar óviðeigandi að gagnrýna útlit kornabarna. **- eá**



**FÁLKINN FLÝGUR** Inga María Brynjarsdóttir listakona stendur hér með fálkanum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fallegur fálki vekur mikla athygli á Koli

**Undanfarna daga hefur myndlistarkonan og teiknarinn Inga María Brynjarsdóttir unnið hörðum höndum við að skreyta vegg veitingastaðarins Kols.**

„Þetta tekur á og ég er líka drulluskítug upp fyrir haus,“ segir hin 33 ára gamla myndlistarkona og teiknari Inga María Brynjarsdóttir, sem er þessa dagana að leggja lokahönd á listaverk sem hún er að gera fyrir veitingastaðinn Kol. Um er að ræða mikinn og stóran fálka sem prýðir einn vegg staðarins.

„Við vildum fá fálka því hann er svo íslenskur og fallegur. Ég vissi að Inga María væri vel kunnug því að teikna dýr og sá á fyrri verkum hennar hversu fábær hún er,“ segir Óli Már Ólason, einn þriggja eigenda nýs veitingastaðar sem ber nafnið Kol Restaurant. Ásamt Óla eru þeir Stefán Magnússon og Andri Björn Björnsson eigendur staðarins en fyrir eiga þeir veitinga- og skemmtistaðina Vegamót og Lebowski.

Inga María málar fálkann með fingrunum og sleppir öllum penslum og öðrum verkfærum.

„Ég nota kol og þurrpastel sem eru í krítarformi og skelli þeim á vegginn. Ég nota bara puttana við að koma þessu upp á vegginn. Ég þarf líka mikið af fixatívi til að festa þetta við vegginn,“ útskýrir Inga María. Hún segist kunna vel við þessa aðferð og segist njóta sín mjög vel svona grútskítug.

Það er ótrúlegt að það hafi einungis tekið Ingu Maríu viku að skapa þetta fallega listaverk en fálkinn er mjög stór eins og myndin sýnir.

„Þetta verk leyfir engin mistök því um leið og ég set þetta á vegginn þá er þetta þar. Það er kannski pínu heppni að hann skyldi haldast í hlutföllum,“ segir Inga María hress í bragði en hún gerir ráð fyrir að fullklára verkið í vikunni. Hún hefur teiknað í mörg ár en hefur minna verið í því að skreyta svona stóra veggi og meira teiknað á pappír.

> **Þetta verk leyfir engin mistök því um leið og ég set þetta á vegginn þá er þetta þar. Það er kannski pínu heppni að hann skyldi haldast í hlutföllum.**

Gert er ráð fyrir að staðurinn verði opnaður eftir um það bil tvær vikur. Staðurinn er við Skólavörðustíg 40. Hönnun hans er í höndum Leifs Welding og hans fólks, og er hugmyndin að baki henni að blanda saman hlýlegu nútímalegu íslensku yfirbragði með alþjóðlegu ívafi þar sem ljós og húsgögn frá Tom Dixon fá að njóta sín til fulls.

**gunnarleo@frettabladid.is**

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 3D | KL. 3.30 | L |
| 47 RONIN 3D | KL. 10.30 | 12 |
| BELIVE | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| LONE SURVIVOR | KL. 10.35 | 16 |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 5.40 - 9 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 2D ÍSL. TAL | KL. 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| VENUS Í FELDI | KL. 6 | 7 |
| EYJAFJALLAJÖKULL | KL. 6 | 7 |
| EINN Á BÁTI | KL. 10.10 | 12 |
| 38 VITNI | KL. 8 | 12 |
| AÐEINS ÞÚ | KL. 10 | 12 |
| MÁLVERKIÐ | KL. 8 | 7 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 5.40 | L |
| 47 RONIN | KL. 10.30 | 12 |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 3D | KL. 5:50 | L |
| LONE SURVIVOR | KL. 5:50 | 16 |
| 47 RONIN 3D | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY | KL. 8 | 7 |
| THE HOBBIT 2 3D | KL. 10.15 | 12 |

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| 47 RONIN | 8, 10:30 | 12 |
| LONE SURVIVOR | 8, 10:30 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 | 6 | L |
| HOBBIT 2 | 5:30, 9 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 5:30 | 7 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 16 |
| 12 YEARS A SLAVE VIP | KL. 10:30 | |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:30 - 8:30 - 10:20 | 12 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 8:20 - 10:20 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 2D | KL. 7:20 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | 10 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ÍSL TAL 3D | KL. 6 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ÍSL TAL 2D | KL. 5:20 | L |
| FROSINN ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 16 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5 - 8:30 - 10:20 | 16 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | 10 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 6 - 9 | 16 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 6 - 9 | 12 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5:40 - 9:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 8 | 16 |
| LONE SURVIVOR | KL. 10:45 | 16 |
| 47 RONIN | KL. 8 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 10:25 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 7:15 - 10 | 16 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 10 | 12 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 6:30 | 16 |
| FROSINN ÍSL TAL 3D | KL. 5 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill Save the Children á Íslandi



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Víkingur Heiðar leikur Brahms

## Einn glæsilegasti konsert sögunnar



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Fim. **23. jan.** » 19:30

Fös. **24. jan.** » 19:30

Tryggið ykkur miða í tíma

***Johannes Brahms*** *Píanókonsert nr. 1*
***Georges Enescu*** *Rúmensk rapsódía nr. 1*
***Franz Peter Schubert*** *Sinfónía nr. 6*

***Cristian Mandeal*** *hljómsveitarstjóri*
***Víkingur Heiðar Ólafsson*** *einleikari*

Tónverkin á efnisskránni eiga það sameiginlegt að vera samin af ungum mönnum um tvítugt. Brahms frumflutti konsert sinn 26 ára gamall. Nú er komið að Víkingi Heiðari að takast á við þennan magnaða konsert.

Miðasala á sinfonia.is og harpa.is.

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar

## Aníta bætti 27 ára gamalt met

**FRJÁLSAR** Aníta Hinriksdóttir vann enn eina ferðina hug og hjörtu landa sinna er hún kom fyrst í mark í 800 metra hlaupi kvenna á Reykjavíkurleikunum um liðna helgi.

Samkeppni erlendis frá setti ÍR-inginn fótfráa ekki út af laginu og kom Aníta í mark á tímanum 2:01,81 mínútu. Um nýtt Íslandsmet innanhúss er að ræða auk Evrópumets í flokki ungmenna 19 ára og yngri.

Fyrra metið var í eigu Gabrielu Sedakovu, sem þá var titluð frá Tékkóslóvakíu, en hún hljóp á tímanum 2:01,85 mínútum árið 1987 á HM innanhúss í Indianapolis.

Aníta náði frábærum árangri á síðasta ári og gefur árangurinn fyrirheit um enn frekari afrek. Hún keppir á HM U-19 í Eugene í Bandaríkjunum í sumar og gæti einnig tekið þátt í EM fullorðinna í Zürich í Sviss. - ktd




## Nægt rými til þess að bæta sig

**HANDBOLTI** Bjarki Már Gunnarsson hefur komið af miklum krafti inn í íslenska landsliðið á EM í Danmörku. Miðað við frammistöðu hans á mótinu er ljóst að þar er kominn framtíðarleiðtogi varnarinnar næstu árin.

Bjarki Már er 25 ára gamall og leikur með þýska félaginu Aue. Hann var áður á mála hjá HK. Þetta er hans fyrsta mót og frammistaðan lofar heldur betur góðu fyrir framhaldið.

„Þetta hefur gengið ágætlega og maður vill alltaf gera betur. Það er nægt rými til þess að bæta sig. Ég ætla mér að gera það,“ sagði Bjarki hógvær. „Ég ætla að halda mér í landsliðinu og mun gera allt til þess að svo verði.“

Bjarki er búinn að sjá stemninguna á leikjum Dana og hlakkar til að spila í þessari stemningu.

„Það er svakaleg stemning hérna og ég hlakka til að spila. Maður á njóta þess, maður fær ekki mörg svona tækifæri og þau verður að nýta. Ég hef ekki spáð í það en þetta er líklega stærsti leikur sem ég hef tekið þátt í. Vonandi verða þeir stærri samt síðar,“ sagði Bjarki og brosti.

„Danir eru með rosalið og það verður gaman að fá að taka á þessum stóru nöfnum. Fá að sjá hvar maður stendur. Við verðum að spila góða vörn og mæta þessum skyttum.“ - hbg


**KOMIÐ STERKUR INN** Bjarki Már hefur átt frábært mót á EM í Danmörku.

## ÚRSLIT

### EM 2014 Í DANMÖRKU

**MILLIRIÐILL 2**

| | |
|---|---|
| **RÚSSLAND - KRÓATÍA** | **25-33 (11-16)** |
| **FRAKKLAND - HV. RÚSSL.** | **39-30 (20-16)** |
| **PÓLLAND - SVÍÞJÓÐ** | **35-25 (15-12)** |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Frakkland | 4 | 4 | 0 | 0 | 129-110 | 8 |
| Króatía | 4 | 3 | 0 | 1 | 116-98 | 6 |
| Pólland | 4 | 3 | 0 | 1 | 117-105 | 6 |
| Svíþjóð | 4 | 2 | 0 | 2 | 108-109 | 4 |
| Hv. Rússland | 4 | 0 | 0 | 4 | 104-133 | 0 |
| Rússland | 4 | 0 | 0 | 4 | 102-121 | 0 |


**LEIKFIMIÆFINGAR** Kári Kristján og félagar tóku óvenjulegar æfingar í gær.

## Væri gaman að skella Dönum

**HANDBOLTI** „Þetta verður mjög erfiður leikur. Pakkað hús og bara stjörnur í loftinu,“ sagði línutröllið Kári Kristján Kristjánsson eftir æfingu íslenska landsliðsins í Boxinu í gær.

„Við ætlum að reyna að vera rólegir. Það er reynsla í okkar liði. Ef menn eru klárir á sínum hlutverkum þá ætti þetta að vera nokkuð öruggt. Það hafa allir tekið þátt í góðu partíi og það væri gaman að koma hingað og slökkva aðeins í þessum Baunum,“ sagði Kári léttur að vanda en hann spilar með danska liðinu Bjerringbro/Silkeborg og kann því vel við sig í Danmörku.

„Danir eru með hrikalega öflugt lið og heimavöllurinn telur. Hann gerði það gegn Spánverjum. Þá var gott að vera heimaliðið. Við þurfum að koma þeim á óvart. Við viljum meira. Við skellum Dönum og Makedónía tekur Spán. Þá eru það bara undanúrslit,“ sagði Kári brattur. - hbg

# Menn eiga að njóta baulsins

Ísland mun spila gegn Dönum fyrir fullu húsi í kvöld. Það hefur reynst öðrum liðum á EM erfitt enda hafa Danir unnið alla sína leiki til þessa. Þjálfarinn vill að leikmenn njóti sín í stemningunni.

**Henry Birgir Gunnarsson**
henry@frettabladid.is
**Daníel Rúnarsson**
danielr@365.is
Frá EM í Álaborg



**HANDBOLTI** „Það verður gaman að mæta Dönum hérna í fullu Boxi eins og þeir kalla húsið. Hér hefur verið mikil stemning á öllum leikjum Dana þannig að við hlökkum til,“ segir landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson og lýgur þar engu. Um fjórtán þúsund áhorfendur hafa skapað hreint ótrúlega stemningu á leikjum sinna manna í Herning.

Ísland á enn möguleika á því að komast í undanúrslit mótsins. Þá þarf liðið að leggja Dani og treysta á að Makedónar skelli heimsmeisturum Spánar. Gangi það ekki eftir er enn von um að spila um fimmta sæti mótsins og þar gæti markatala ráðið úrslitum. Staðan mun liggja fyrir er Ísland spilar enda er það síðasti leikur milliriðilsins.

### Mikil breidd í danska liðinu

„Danir eru með frábært lið og marga mjög góða leikmenn. Það er mikil breidd í danska liðinu og Wilbek hefur notað marga leikmenn í mótinu,“ segir Aron en þó svo Danir séu komnir áfram og ætli að hvíla einhverja menn er ekki þar með sagt að þeir mæti með lélegt lið til leiks.

„Þeir hafa dreift álaginu og þó svo einhverjir leikmenn spili tíu mínútum skemur en þeir hafa verið að gera þá kemur bara annar heimsklassaleikmaður í hans stað.“

Það mun ekki skýrast fyrr en í dag hvort Arnór Atlason getur komið aftur inn í hópinn og svo mun það örugglega ekki skýrast fyrr en í leiknum hversu mikið Aron Pálmarsson getur beitt sér. Hann hefur tekið mjög takmarkaðan þátt í síðustu tveimur leikjum liðsins. Sem betur fer hefur það ekki komið að sök. Aðrir leikmenn hafa stigið upp og leikið virkilega vel.


**LEGGUR LÍNURNAR** Aron Kristjánsson stýrir strákunum okkar á æfingu í Herning í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Þurfum að hægja á þeim

„Til þess að eiga möguleika í þessum leik þá þurfum við að vera mjög fljótir til baka í vörnina. Við viljum skipta tveimur mönnum út í vörn og sókn og það hefur oft reynst erfitt á móti Dönum. Við verðum að spila góða vörn til þess að drepa hraðann hjá þeim. Þeirra sóknarleikur gengur út á að fá mikinn hraða í spilið. Við munum leika til sigurs,“ sagði Aron og brosti við.

Hann leggur áherslu á að leikmenn láti áhorfendur og stemninguna í húsinu ekki slá sig út af laginu.

„Við eigum að njóta þess. Menn eiga að njóta þess er þeir slökkva í áhorfendum. Njóta þess að áhorfendur bauli á sig. Það er málið. Að njóta og leggja allt sem menn eiga í leikinn.“

Leikurinn hefst klukkan 19.30 í

> **Við viljum skipta tveimur mönnum út í vörn og sókn og það hefur oft reynst erfitt gegn Dönum.**
>
> *Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari.*




## Leikurinn svaraði spurningum

Ísland tapaði í gær fyrir Svíum í vináttulandsleik í Abú Dabí, 2-0.

**FÓTBOLTI** Ísland laut í lægra haldi fyrir Svíþjóð í vináttulandsleik sem fór fram í Abú Dabí í Sameinuðu arabísku furstadæmunum í gær. Robin Quaison og varamaðurinn Guillermo Molins skoruðu mörk Svía en besta færi Íslands fékk varamaðurinn Guðmundur Þórarinsson er hann skaut í stöng í síðari hálfleik.

„Þeir voru sterkari en við í þessum leik,“ sagði Heimir Hallgrímsson, annar landsliðsþjálfara Íslands, við Fréttablaðið eftir leikinn í gær.

„Þeir voru búnir að vera lengur hér – alls tíu daga og voru búnir að spila einn leik á undan þar að auki. Við hefðum getað gert betur en leikmenn okkar voru ekki með allt á hreinu sem er eðlilegt miðað við stuttan undirbúning.“

Íslendingar spiluðu vel í upphafi síðari hálfleiks en eftir það fór að draga af leikmönnum. Svíar gengu á lagið og skoruðu síðara mark sitt í leiknum.

Heimir sagði að skilaboðin eftir fyrri hálfleik hefðu verið einföld. „Við létum þá líta betur út en þörf var á – bökkuðum og gáfum þeim of mikinn tíma með boltann. Það voru of fáir sem tóku frumkvæði. Það er í raun enginn getumunur á þessum leikmönnum sem spiluðu í leiknum en við leyfðum þeim að vera of góðir í fyrri hálfleik. Skilaboðin voru því að vera aðeins hugrakkari og fara aðeins á þá.“

Heimir segir einnig eðlilegt að erfitt sé að halda einbeitingu og skipulagi þegar mörgum leikmönnum er skipt inn á líkt og raunin var í síðari hálfleik. „En tilgangurinn var fyrst og fremst að skoða leikmenn og gefa þeim tækifæri. Ég held að svona leikir séu mikilvægir og þessi ferð svaraði ákveðnum spurningum. Það er verst að geta ekki verið hér lengur og unnið meira með leikmönnunum. Maður sá að það voru allir tilbúnir að hlaupa og berjast og það var flott.“ - esá


**ÞJÁLFARINN** Heimir Hallgrímsson var ánægður með ferðina til Abú Dabí. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

MEISTARA-DEILDIN 2014

VÍS · LÍFLAND · FRÁ 1917 · Mercedes-Benz

Styrktaraðilar Meistaradeildarinnar

VÍKING Léttöl

Færir þér útsendinguna

2 SPORT

besta sætið



# Meistaradeildin í hestaíþróttum

## Hefst á fimmtudag á Stöð 2 Sport

Flottustu fákar og bestu knapar landsins verða á Stöð 2 Sport í vetur. Við sýnum beint frá Meistaradeildinni í hestaíþróttum og verðum með samantektarþætti í umsjón Telmu Tómasson eftir hvert mót. Við gerum einnig Meistaradeild Norðurlands, KS-deildinni og öðrum mótum góð skil.
Ekki missa af sannkallaðri hestaveislu!

### Dagskrá Meistaradeildar í hestaíþróttum

| | |
|---|---|
| 22. jan. | Kynning á liðum |
| 23. jan. | Fjórgangur **BEINT** |
| 30. jan. | Samantekt og spjall |
| 6. feb. | Gæðingafimi **BEINT** |
| 13. feb. | Samantekt og spjall |
| 20. feb. | Fimmgangur **BEINT** |
| 27. feb. | Samantekt og spjall |
| 6. mars | Tölt **BEINT** |
| 13. mars | Samantekt og spjall |
| 22. mars | Skeiðgreinar úti **BEINT** |
| 27. mars | Samantekt og spjall |
| 4. apríl | Slaktaumatölt, lokahátíð **BEINT** |
| 10. apríl | Samantekt og spjall |

### Aðrir hestaþættir

| | | |
|---|---|---|
| 13. feb. | KS-deildin | Úrtaka |
| 27. feb. | Opna Bautamótið í tölti, Skautahöllinni Akureyri | |
| 13. mars | KS-deildin | Fjórgangur |
| 13. mars | Ístölt á Svínavatni, Neisti Blönduósi | |
| 27. mars | KS-deildin | Fimmgangur |
| 10. apríl | KS-deildin | Tölt |
| 17. apríl | KS-deildin | Lokakeppni |

Fáðu þér áskrift! 365.IS



## Stöð 2 kl. 20.05
### 2 Broke Girls
Önnur þáttaröðin af þessum hressilegum gamanþáttum um stöllurnar Max og Caroline. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt. Við nánari kynni komast þær Max og Caroline þó að því að þær eiga fleira sameiginlegt en fólk gæti haldið og þær leiða saman hesta sína til að láta sameiginlegan draum rætast.

## Í KVÖLD



### Matur og lífsstíll
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.45** Skemmtilegur lífsstílsþáttur með hinnu einu sönnu Völu Matt. Í þáttunum heimsækir Vala þekkt fólk og eldar með því girnilega rétti.



### EM í handbolta
**SJÓNVARPIÐ KL. 19.30** Ísland-Danmörk etja kappi í beinni útsendingu á Evrópumótinu í handbolta.



### The Carrie Diaries
**STÖÐ 3 KL. 20.05** Önnur þáttaröðin um hina ungu Carrie Bradshaw sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City, þegar hún var yngri og var að taka sín fyrstu spor á framabrautinni.

## FM 957 kl. 07.00
### Morgunþáttur FM957
Sverrir Bergmann og Erna Hrönn með þér á miðvikudagsmorgni.








## STÖÐ 2
**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm In the Middle**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Masterchef USA**
**11.05** **Spurningabomban**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Mike and Molly**
**13.20** **Chuck**
**14.05** **Up All Night**
**14.25** **Suburgatory**
**14.50** **Tricky TV**
**15.10** **Sorry I've Got No Head**
**15.40** **Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.05** **Kalli kanína og félagar**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Stelpurnar**
**19.40** **The Middle** *(9:24)*
**20.05** **2 Broke Girls** *(23:24)*
**20.30** **Kolla**
**21.00** **The Face** *(3:8)*
**21.45** **Lærkevej** *(6:12)*
**22.30** **Touch** *(8:14)*
**23.15** **The Blacklist**
**00.00** **Person of Interest**
**00.45** **NCIS. Los Angeles**
**01.30** **Two Lovers**
**03.20** **School for Seduction**
**05.05** **The Middle**
**05.30** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*
**07.00** **West Ham - Man. City**
**14.45** **World's Strongest Man 2013**
**15.15** **Kynning á liðum** Kynning á liðunum í Meistaradeildinni í hestaíþróttum.
**17.25** **Spænsku mörkin**
**17.55** **West Ham - Man. City**
**19.35** **Man. Utd. - Sunderland** Bein útsending
**21.40** **Kynning á liðum** Kynning á liðunum í Meistaradeildinni í hestaíþróttum.
**22.10** **Man. Utd. - Sunderland**
**23.50** **New York - Brooklyn**

## SPORT 2 *enski boltinn*
**11.05** **Swansea - Tottenham**
**12.45** **West Ham - Newcastle**
**14.25** **Football League Show**
**14.55** **Norwich - Hull**
**16.35** **Messan**
**17.55** **Arsenal - Fulham**
**19.35** **Man. Utd. - Sunderland** *(B)*
**21.40** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**22.35** **Messan**
**23.55** **Liverpool - Aston Villa**

## ÍNN
**20.00** Árni Páll **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3
**15.50** **American Idol**
**18.35** **Bob's Burgers**
**19.00** **Junior Masterchef Australia**
**19.45** **Baby Daddy**
**20.05** **The Carrie Diaries** *(10:13)*
**20.45** **Arrow** *(10:23)*
**21.30** **Sleepy Hollow** *(10:13)*
**22.10** **Shameless** *(7:12)* Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu. Fjölskyldufaðirinn er forfallinn alkóhólisti, mamman löngu flúin að heiman og uppátækjasamir krakkarnir sjá um sig sjálfir.
**22.55** **The Tudors** *(9:10)*
**23.50** **Junior Masterchef Australia**
**00.35** **Baby Daddy**
**00.55** **The Carrie Diaries**
**01.35** **Arrow**
**02.20** **Sleepy Hollow**
**03.05** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin
**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.46** Hvellur keppnisbíll **07.56** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Ævintýri Tinna **08.22** Ofurhundurinn Krypto **08.43** Latibær **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Skógardýrið Húgó **09.23** Elías **09.34** Ævintýraferðin **09.47** UKI **09.52** Tommi og Jenni **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.46** Doddi litli og Eyrnastór **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.46** Hvellur keppnisbíll **11.56** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Ævintýri Tinna **12.22** Ofurhundurinn Krypto **12.43** Latibær **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Skógardýrið Húgó **13.23** Elías **13.34** Ævintýraferðin **13.47** UKI **13.52** Tommi og Jenni **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.46** Doddi litli og Eyrnastór **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.46** Hvellur keppnisbíll **15.56** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Ævintýri Tinna **16.22** Ofurhundurinn Krypto **16.43** Latibær **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Skógardýrið Húgó **17.23** Elías **17.34** Ævintýraferðin **17.47** UKI **17.52** Tommi og Jenni **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.46** Doddi litli og Eyrnastór **19.00** Franklín **20.15** Sögur fyrir svefninn

## 2 GULL
**17.50** **Strákarnir**
**18.20** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(20:24)*
**20.00** **Grey's Anatomy** *(8:24)*
**20.45** **Matur og lífsstíll**
**21.15** **Örlagadagurinn** *(29:30)*
**21.50** **Cold Feet 5** *(3:6)*
**22.40** **Prime Suspect 7**
**00.15** **Svínasúpan**
**00.40** **Ástríður**
**01.10** **Steindinn okkar**
**01.35** **The Drew Carey Show**
**02.00** **Curb Your Enthusiasm**
**02.30** **Matur og lífsstíll**
**03.00** **Örlagadagurinn**
**03.40** **Cold Feet 5**
**04.30** **Prime Suspect 7**

## 2 BÍÓ
**10.50** **The Pursuit of Happyness**
**12.45** **Life**
**14.35** **Henry's Crime**
**16.25** **The Pursuit of Happyness**
**18.20** **Life**
**20.10** **Henry's Crime**
**22.00** **October Sky**
**23.45** **The Box**
**01.40** **The Lucky One** Á
**03.20** **October Sky**

## RÚV
**14.50** **EM í handbolta - Makedónía-Spánn**
**16.30** **Nótan 2012**
**17.20** **Disneystundin**
**17.21** **Finnbogi og Felix**
**17.43** **Sígildar teiknimyndir**
**17.50** **Herkúles**
**18.20** **Táknmálsfréttir**
**18.30** **Dýralæknirinn**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.15** **EM stofa**
**19.30** **EM í handbolta - Ísland-Danmörk**
**21.00** **EM stofa** Í þættinum fer Björn Bragi Arnarsson ásamt góðum gestum yfir leiki dagsins og stöðuna á Evrópumeistarmótinu í handknattleik 2014.
**21.15** **Neyðarvaktin** *(10:22) (Chicago Fire II)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Meðal leikenda eru Jesse Spencer, Taylor Kinney, Lauren German og Monica Raymund.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Veðurfréttir**
**22.25** **Zarzuela. Óperettutónleikar** *(Amor, vida di ma Vida)* Upptaka frá Salzburg frá árinu 2007. Plácido Domingo stígur á svið ásamt fleirum og flytur zarzuela-tónlist, sem er einkennandi fyrir spænska óperettuhefð, þar sem mjúkir tónar blandast hefðbundinni alþýðutónlist.
**00.10** **Fréttir**
**00.20** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN
**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**16.35** **Once Upon a Time**
**17.25** **Dr. Phil**
**18.10** **Family Guy**
**18.35** **Parks & Recreation**
**19.00** **Cheers**
**19.25** **America's Funniest Home Videos**
**19.50** **Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking** *(2:20)*
**20.20** **Sean Saves the World** *(3:18)*
**20.45** **The Millers** *(3:13)*
**21.10** **Franklin & Bash** *(2:10)* lögmennirnir og glaumgosarnir Franklin og Bash eru loks mættir aftur á Skjá einn. Þeir félagar starfa hjá virtri lögmannsstofu en þurfa reglulega að sletta úr klaufunum.
**22.00** **Blue Bloods** *(3:22)* Vinsæl þáttaröð með Tom Selleck í aðalhlutverki um valdafjölskyldu réttlætis í New York borg. Lögreglan rannsakar hræðilegan atburð þegar lítill drengur verður vitni að morði föður síns.
**22.50** **CSI Miami**
**23.40** **The Walking Dead**
**00.30** **CSI New York**
**01.20** **How to be a Gentleman**
**01.45** **Excused**
**02.10** **Pepsi MAX-tónlist**

## Golfstöðin
**08.00** PGA Tour 2014 **12.00** PGA Tour 2014 - Highlights **12.55** Champions Tour 2014 **15.55** PGA Tour 2014 **19.55** Golfing World 2014 **20.50** Champions Tour 2014 - Highlights **21.45** Inside The PGA Tour 2014 **22.10** Golfing World 2014 **23.05** Champions Tour 2014 - Highlights

## ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL RAKVÉLAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgölluð heimilistæki með miklum afslætti**
Panasonic sjónvörp með allt að 150.000 króna afslætti
**Kæliskápar með allt að 100.000 króna afslætti**
Heyrnartól með allt að 70% afslætti
**Matvinnsluvélar frá kr. 6.995**
Smáraftæki með miklum afslætti – verð frá kr. 995
**Myndavélar með allt að 43% afslætti**
Uppþvottavélar frá kr. 69.995
**1400sn Whirlpool þvottavélar með íslensku stjórnborði frá kr. 79.995**
42" sjónvörp frá kr. 109.995
**Þurrkarar frá kr. 59.995**

TAKMARKAÐ MAGN
Fyrstur kemur – fyrstur fær!

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

OPNUNARTÍMI
VIRKA DAGA 10-18 | LAUGARDAGA 11-16

Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFROST BRAUN DeLonghi Whirlpool

## BESTA KRYDDIÐ



**„Uppáhaldskryddið mitt er hvítlaukssalt. Fullkomin blanda, hvítlaukur og salt. Ekkert rosa merkileg en passar þó við allt.“**

Sólveig Matthildur Kristjánsdóttir, skáld og trommari í Kælunni miklu.

# Leita að tveggja metra Sverri

**Körfuknattleiksliðið Sverrir ætlar sér stóra hluti í framtíðinni en liðið leitar nú að miðherja. Óskað er eftir tveggja metra háum manni með nafnið Sverrir.**

„Mig vantaði mannskap í körfubolta og ákvað bara að skella í lið þar sem allir heita Sverrir og fékk liðið að sjálfsögðu nafnið Sverrir,“ segir tónlistar- og körfuknattleiksmaðurinn Sverrir Bergmann Magnússon.

Í liðinu eru ásamt Sverri Bergmann þeir Sverrir Þór Sverrisson sem er betur þekktur sem Sveppi, Sverrir Kári Karlsson, fyrrverandi herra Ísland, Sverrir Þór Hákonarson, fyrrverandi vinnufélagi móður Sverris Bergmanns og hugbúnaðarfrömuður, Sverrir Ingi Óskarsson, leikmaður Stjörnunnar, og síðast en ekki síst Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari meistaraflokks karlaliðs Grindavíkur.

„Sveppi gat ekkert í fyrsta leik en var orðinn stórkostlegur í síðustu leikjunum. Hann sýndi takta sem ekki hafa sést áður í körfubolta,“ segir söngvarinn um hæfni Sveppa á vellinum og bætir við að Sveppi hafi á sínum tíma verið í landsliðinu í handbolta. „Það er mikill bolti í honum, hann tók stundum auka handboltaskref en hann komst upp með ýmislegt.“

Liðið leitar nú af kappi að miðherja. „Við óskum hér með eftir tveggja metra Sverri í liðið okkar,“ segir Sverrir Bergmann en bætir þó við að Sverre Jakobsson handboltamaður fái undanþágu ef hann hefur áhuga á að koma í liðið. - glp



**SVAKALEGT LIÐ** Körfuknattleiksliðið Sverrir ætlar sér stóra hluti í framtíðinni. Efri röð f.v.: Sverrir Þór Hákonarson, Sverrir Þór Sverrisson, Sverrir Ingi Óskarsson og Sveppi. Neðri röð f.v.: Sverrir Bergmann Magnússon og Sverrir Kári Karlsson. MYND/EINKASAFN






# Íslensk sænorn slær í gegn í Telegraph

**Leikkonan Erla Brynjarsdóttir hefur vakið mikla athygli í Bretlandi fyrir leik sinn í verkinu Litlu hafmeyjunni sem sett var upp í London fyrir skömmu.**

„Það er þvílíkt stórt fyrir mig, þetta gefur manni svo mikið og eru ákveðin verðlaun fyrir alla vinnuna sem maður hefur lagt í þetta,“ segir hin 26 ára gamla leikkona Erla Brynjarsdóttir, sem er nýkomin heim eftir langa dvöl í London þar sem hún lék í verkinu Litlu hafmeyjunni. Hún hefur fengið prýðisdóma í virtum erlendum miðlum á borð Telegraph, The Stage og One Stop Arts fyrir leik sinn í verkinu.

Litla hafmeyjan var sett saman af leikhóp sem samanstendur af fjórum breskum leikurum sem voru með Erlu í bekk í Rose Bruford College í London en hún útskrifaðist þaðan árið 2011. „Þau kalla sig Blind Tiger Theatre Company og er hópurinn núna tveggja ára. Þau hafa áður sett upp tvær leiksýningar sem hafa hlotið einróma lof áhorfenda,“ útskýrir Erla.

Litla hafmeyjan fjallar um líf skáldsins H.C. Andersen og tvinnast saman við upprunalegu útgáfuna af ævintýrinu um hafmeyju sem hlýtur dapurleg örlög. Alls voru 36 sýningar sýndar í Riverside Studios-leikhúsinu í Hammersmith-hverfi í London.

„Ég fór með fjögur hlutverk í sýningunni en þeirra stærst var hlutverk sænornarinnar og mér til mikillar ánægju hafa breskir gagnrýnendur ausið mig lofi fyrir þá túlkun,“ segir Erla létt í lundu.

Erla hefur lítið unnið hér á landi því strax eftir útskrift árið 2011 var hún ráðin sem sögumaður í sjö mánuði hjá spænsku leiklistarfyrirtæki sem heitir Forum Teatro y Educación. „Ég bjó í Valencia en kom fram og ferðaðist um alla Spán að heimsækja leikskóla og barnaskóla til að kenna spænskum börnum ensku í gegnum leiklist. Sýningarnar voru tvær og þær voru Pinocchio og Hamelin the Flutist.“ Hún bætir við að þar hafi hún upplifað bæði sínar verstu martraðir og einnig þvílíka sigra.

Erla sneri til Íslands eftir Spán og var ráðin sem svokallaður gestgjafi hjá Bláa lóninu. „Þetta var tilraunaverkefni hjá fyrirtækinu en fjórir leikarar voru ráðnir til þess að vera með um klukkutíma leiðsögutúr um lónið þrisvar á dag, taka fríar myndir af gestum í lóninu og sjá til þess að upplifun gesta væri sem best með alls konar hætti. Þetta er frábær vinna sem gefur manni aukna reynslu og lærdóm í samskiptum við alls konar fólk og karaktera af ólíkum uppruna sem kemur sér vel í leiklistinni,“ útskýrir Erla.

Hún hefur þó að undanförnu verið tíður gestur á skjám landsmanna í tveimur vinsælum sjónvarpsauglýsingum.

Þá sneri hún til London í nóvember síðastliðnum og lék í Litlu hafmeyjunni við frábærar undirtektir eins og fram hefur komið.

Sem stendur starfar Erla sem gestgjafi í Bláa lóninu en stefnir ótrauð á enn meiri frama í leiklistinni. gunnarleo@frettabladid.is



**SEIÐANDI SÆNORN** Erla Brynjarsdóttir er hér í gervi Sænornarinnar í Litlu hafmeyjunni. Hún hefur fengið mikið lof fyrir túlkun sína á hlutverkinu. MYND/BEN BRANSBURY-HARE



### → Gagnrýni í erlendum miðlum

*„Erla Brynjarsdóttir leikur hlutverk sín fjögur af fjölhæfni og má þar nefna skynsemina sem kemur fram í hlutverki konu Edwards og hinn ótrúlega kynþokka sem einkennir sænornina.“*
**- Telegraph**

*„Sérstakt lof fær Erla Brynjarsdóttir fyrir töfrandi og dynjandi leik í hlutverki sænornarinnar.“*
**- The Stage**

*„Eina frammistaðan sem dró mig til vesturhluta Lundúna var stórkostleg túlkun Erlu Brynjarsdóttur á sænorninni, hún kraumar af illsku og gáskafullri ópekkt.“*
**- One Stop Arts**

# „Hér má smakka allt!“

**Anna Svava er á stærstu gelato-sýningu í heimi og fær innblástur fyrir Valdísi.**

„Við erum á stærstu gelato-sýningu í heimi sem heitir Sigep og er á Rimini á Ítalíu. Í fyrradag gengum við í níu tíma en náðum ekki að skoða næstum því allt,“ segir leikkonan Anna Svava Knútsdóttir. Hún er á sýningunni með sínum heittelskaða, kokkinum og ísgerðarmanninum Gylfa Þór Valdimarssyni sem opnaði ísbúðina Valdísi síðasta sumar.

„Við ætlum að gera alls konar nýtt í Valdísi á næstu vikum. Við erum hér til að fá hugmyndir að nýjum bragðtegundum og jafnvel búningum fyrir starfsfólkið. Við erum líka að leita að vöfflujárni sem er nógu öflug til að þjóna öllum kúnnunum okkar. Núna erum við bara með fjögur járn til að baka á og þau eru nánast alltaf í gangi,“ segir Anna Svava.

Fjöldinn á sýningunni er gífurlegur en talið er að um 150 þúsund manns sæki hana í ár.

„Við þurftum að fara í röð til að reyna að komast inn og lögreglan stjórnar bílaumferð inn á svæðið. Hér er svo mikið að sjá og hér má smakka allt!“ bætir Anna Svava við glaðbeitt. - lkg



**Í ESSINU SÍNU** Það er nóg að sjá á Ítalíu. MYND/EINKASAFN


LEONARDO DiCAPRIO
A MARTIN SCORSESE PICTURE
THE WOLF OF WALL STREET
Pow. Pow. Pow. Pow. Pow. That's how Martin Scorsese's The Wolf of Wall Street comes at you.
★★★★★
ROLLING STONE
DiCaprio is undoubtedly at his best here.
★★★★★
Empire
Scorsese and DiCaprio's fifth and best pairing, it's liable to give the Academy a heart attack.
★★★★★
Total Film
Leonardo DiCaprio cranks the volume up to 10 for his performance as Jordan Belfort.
★★★★★
The Guardian
GOLDEN GLOBE SIGURVEGARI
BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
LEONARDO DICAPRIO
5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
Besta mynd
Besti leikstjóri: Martin Scorsese
Besti leikari í aðalhlutverki: Leonardo DiCaprio
Besti leikari í aukahlutverki: Jonah Hill
Besta handrit
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
SAMBÍÓIN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



UPPLIFÐU ÞITT WOW MOMENT Í EVRÓPU


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Pallaball í Noregi

Tónlistarmaðurinn **Páll Óskar** heldur Pallaball í Ósló í Noregi á laugardaginn, nánar tiltekið í The Ballroom. Páll Óskar mun spila þangað til dyrnar lokast klukkan hálf þrjú um nóttina og býður að sjálfsögðu upp á partímúsík, diskóslagara og Eurovision-smelli. Söngvarinn nýtur mikillar hylli þessa dagana en vefsíða hans, palloskar.is sem unnin var af fyrirtækinu WEDO, er tilnefnd til Íslensku vefverðlaunanna sem besti einstaklingsvefurinn. - lkg



### Skraflæði í Ráðhúsinu

Nýjasta æðið sem ríður yfir Ráðhúsið er íslenskt Skrafl sem hægt er að spila á netinu. **Kristín Soffía Jónsdóttir,** varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segist vera góður skraflari og var hún í þann veginn að sigra þær Hildi Lilliendahl og Sóleyju Tómasdóttur þegar Fréttablaðið ræddi við hana. Kristín segir þær stöllur eiga það sameiginlegt að vera mjög lélegar í Skrafli. Hún segir leikinn hentugan þar sem hann krefjist ekki stöðugrar viðveru heldur fái hún meldingu í tölvupósti þegar mótherjinn hefur leikið sinn leik. - eb



## Mest lesið VÍSIR

1 „Opið bréf til mannsins sem reyndi að nema son minn á brott“
2 Hjallastefnunni líkt við Vísindakirkjuna
3 Viðkvæmum gögnum um meint kynferðisbrot lekið á netið
4 Megrunartískubólur verða til á samfélagsmiðlum
5 „Halló heimur!“








HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-0127

5 MÁNUÐIR
EÐA
3 KLUKKUSTUNDIR?

Þú þarft ekki að bíða eftir sumrinu, leyfðu þér smá WOW í betra veðri. Pantaðu ferð til Evrópu núna!

FRÁ
12.900 KR.*

*Flug aðra leið með sköttum, bókunar- og töskugjald ekki innifalið.

WOW air

Vilníus >> Alicante >> Düsseldorf >> Mílanó >> Barcelona >> Varsjá >> Stokkhólm >> London
Kaupmannahöfn >> Amsterdam >> Zürich >> Berlín >> Stuttgart >> París >> Salzburg >> Lyon